

32

Vill treysta fjárhagsgrunn bænda



34

Mesta áskorunin er að stoppa upp uglur



38

„Ég brenn fyrir góðum jarðvegi“

Bændablaðið

5. tölublað 2023 • Fimmtudagur 9. mars • Blað nr. 629 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Mæðginin Nanna Jónsdóttir og Jón Guðmundsson í útreiðatúr. Nanna er á Jónssyni frá Ásmundarstöðum og Jón á Pabbastelpu frá Ásmundarstöðum. Nanna er nýr formaður deildar hrossabænda hjá Bændasamtökunum. Hún er uppalin á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, en býr og stundar hrossarækt á Miðhóli þar skammt frá. Hún hefur komið að ýmsu er við kemur hestum, starfrækt hestasumarbúðir, sinnt stóðhestahaldi og komið að uppbyggingu vatnsbrettaþjálfunar. Hún segir að tryggja þurfi aðkomu hrossabænda að búvörusamningum. *– Sjá nánar bls. 36–37* Mynd / Ástvaldur Lárusson

Lífrænt land verði 10%

Ráðgjafarfyrirtækið Environice hefur skilað tillögum til matvælaráðherra um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu á Íslandi. Lagt er til að stefnt verði að því að árið 2030 verði tíu prósent af landbúnaðarlandi á Íslandi orðið lífrænt vottað.

Árið 2020 var Ísland með næstlægsta hlutfall af vottuðu landi á Evrópska efnahagssvæðinu, eða 0,3 prósent, en aðeins Grænland er neðar með núll prósent. Það ár var markaðshlutdeild þessara vara hæst í Danmörku af Evrópusambandslöndunum, um 13 prósent, en engar tölur eru til um þessa hlutdeild á Íslandi. Í aðgerðaráætlun Environice kemur fram að ESB hafi sett markmið um að árið 2030 verði að minnsta kosti 25 prósent af öllu landbúnaðarlandi innan sambandsins komið með lífræna vottun. Þar kemur einnig fram að árið 2020 hafi 3,4 prósent af landbúnaðarlandi Evrópusambandsins verið komið með lífræna vottun og að í 15 löndum sambandsins var hlutfallið hærra en tíu prósent. Um aðgerðaráætlun er að ræða og eru tillögurnar ítarlegar, alls 31 talsins. Þeim er skipt niður í sjö efnisflokka þar sem hver og einn snýr að tilteknum hluta virðiskeðjunnar og innviðum framleiðslunnar. */smh*

Sjá nánar á bls. 44-45.

Kjúklingur fluttur inn í leyfisleysi

Ekki var farið að reglugerð, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, við innflutning á um 185 tonnum af úkraínsku kjúklingakjöti frá septembermánuði 2022 til febrúar sl. Þrjú fyrirtæki fluttu inn vörurnar á þessu tímabili.

Vefur Hagstofunnar sýnir innflutning á úkraínsku kjúklingakjöti en tæplega 80 tonn komu fyrir áramót og ríflega 107 tonn í janúar. Þrjú fyrirtæki fluttu inn kjúklinginn á þessu tímabili samkvæmt upplýsingum sem Matvælastofnun (MAST) hefur frá Tollinum. Það eru Esja gæðafæði, Kjötmarkaðurinn og Ó. Johnson og Kaaber. Tvö fyrirtæki til viðbótar hafa fengið innflutningsleyfi fyrir vörur sem fluttar voru inn í febrúar.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST var innflutningsleyfis ekki aflað, né voru sendingar tilkynntar til stofnunarinnar í tilfelli innflutnings á kjúklingakjöti frá Úkraínu á tímabilinu september 2022 til og með janúar 2023.

Afla skal leyfa áður en varan er send frá útflutningslandi

Áður en óhitameðhöndlaðar dýraafurðir sem eiga uppruna utan Evrópska efnahagssvæðisins eru fluttar inn í fyrsta sinn, ber innflutningsaðila að láta MAST í té nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykkis áður en varan er send frá útflutningslandi, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1250/2019 sem fjallar m.a. um grundvöll innflutningsleyfis. Dýraafurðir sem fluttar eru í gegnum EES en eiga uppruna í þriðja ríki skulu tilkynntar til MAST og á innflutningsaðili að leggja fram gögn til staðfestingar á því að þær uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Leyfið byggir meðal annars á áhættumati sem MAST er ætlað að framkvæma áður en heimildin er veitt.

„Þar sem ekki hafði verið sótt um leyfi til Matvælastofnunar fyrir umræddar sendingar hafði áhættumat ekki verið framkvæmt þegar þær voru fluttar til landsins,“ segir Hrund Hólm, deildarstjóri inn- og útflutningsdeildar MAST, í svari við fyrirspurn. Einnig kemur fram í svarinu að stofnunin hafi kallað eftir nauðsynlegum gögnum vegna allra sendinganna. Í þeim er staðfesting á því að landamæraeftirlit innan EES hefði farið fram, niðurstöðum úr salmonellusýnatöku og staðfestingu á að kjötið hafi verið fryst í a.m.k. 30 daga fyrir tollafgreiðslu. Öll umbeðin gögn hafi verið lögð fram.

„Í heildina eru taldar nokkrar líkur á því að smitefni alvarlegra alifuglasjúkdóma berist til landsins með innflutningi á hráu alifuglakjöti frá Úkraínu og ESB en litlar líkur á að smitefnin berist í alifugla hérlendis. Helsta smitleiðin væri fóðrun hænsnfugla með eldhúsúrgangi en slíkt er óheimilt. Mikilvægt er því að allir sem halda alifugla, bæði á búum og heima við, fari eftir þeim reglum,“ segir Hrund í svarinu. Innflutningsleyfin voru því veitt.

Áhættumat var framkvæmt í febrúar vegna umsókna sem bárust um innflutning í þeim mánuði.

Ekki skimað fyrir sýklalyfjaónæmum bakteríum hér

Úkraína er aðildarríki Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar og hefur því skyldum að gegna. Fjórtán alifuglasjúkdómar eru tilkynningaskyldir, þar á meðal fuglaflensa, sem hefur til þessa aðeins verið greind í villtum fuglum í Úkraínu. „Dýraafurðir frá þriðju ríkjum eru skimaðar m.a. fyrir lyfjaleifum og lyfjaónæmum bakteríum við landamæraeftirlit. Slíkt fellur inn í sýnatökuáætlun sem byggist á áhættumati og eru þá tekin sýni af ákveðnu hlutfalli sendinga. Landamæraeftirlit skal fara fram á fyrstu landamæraeftirlitsstöð í EES sem varan berst til,“ segir Hrund, innt eftir framkvæmd eftirlits kringum sýklalyfjaónæmar bakteríur. Þar sem innflutti kjúklingurinn frá Úkraínu fór í gegnum landamæraeftirlit í Hollandi og Litáen, hefur slík skimun kannski farið fram þar.

Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, sagði í síðasta tölublaði Bændablaðsins að mikilvægt væri að fylgjast með sýklalyfjaónæmi í innfluttum matvælum frá löndum með útbreitt sýklalyfjaónæmi. Hrund segir að MAST hafi ekki talið ástæðu til að draga í efa gögn sem lögð hafa verið fram vegna innflutta kjúklingsins. Landamæraeftirlitsstöðvarnar í EES-ríkjunum þar sem vörurnar fóru í gegn frá Úkraínu eiga að sannreyna að viðeigandi opinber heilbrigðisvottun, útgefin af dýralæknayfirvöldum í Úkraínu, fylgi sendingum.

Matvælastofnun er enn með innflutninginn til skoðunar en brot á ákvæðum reglugerðar nr. 1250/2019 geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Innflutningur á úkraínsku kjúklingakjöti hófst fyrst í september síðastliðnum. Það er flutt inn án tolla skv. breytingu á tollalögum, sem fela í sér fyrirvaralausa niðurfellingu tolla á allar vörur sem eru upprunnar í Úkraínu. Lögin voru samþykkt í júní og gilda til 31. maí nk. */ghp*

FRÉTTIR



Líklega verður bændum heimilt að taka örmerki heim úr sláturhúsi í haust en það hefur ekki formlega verið gefið út. Mynd / smh

Eftirlitstofnun EFTA:

Óheimilt að nota örmerki oftar en einu sinni

Óvissa er um reglur varðandi notkun örmerkja á Íslandi. Sá möguleiki er fyrir hendi að bændum verði ekki heimilt að taka örmerki með sér heim úr sláturhúsi í haust.

Unnsteinn Snorri Snorrason, verkefnisstjóri hjá Bændasamtökum Íslands, segir að í úttekt Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sauðfjárslátrun á Íslandi síðastliðið haust, hafi komið fram athugasemdir um að bændum væri heimilt að taka örmerki heim úr sláturhúsum og endurnýta þau. „Þetta verklag hefur verið viðloðandi um langan tíma og hefur verið forsenda fyrir því að bændur hafa ákveðið að innleiða notkun örmerkja.“

Einkvæm einstaklingsnúmer

Unnsteinn Snorri segir að í grunninn byggi þetta mál á Evrópureglugerð frá árinu 2016 (Animal Health Law, Regulation (EU) 2016/429) sem hafi verið innleidd hér á landi. „Í þeirri reglugerð er gert ráð fyrir því að það sé skylda að örmerkja allt sauðfé, fyrir því er undanþága ef heildarfjöldi sauðfjár í landinu er undir 600.000. Hér á landi er því ekki skylt að örmerkja sauðfé.

Hins vegar kemur skýrt fram í þessari reglugerð að örmerki, líkt og einstaklingsnúmer gripa, eiga að vera einkvæm, sem þýðir að þau eiga ekki að geta komið fram á öðrum gripum sem er vandamálið hér.

Líklega verður bændum heimilt að taka örmerki heim úr sláturhúsi á komandi hausti. Það hefur þó ekki verið gefið formlega út og þurfa bændur því að gera ráð fyrir því að þessi undanþága verði ekki í boði aftur,“ segir Unnsteinn Snorri.

Óvissa ríkir um reglur

Hann segir að málið sé í skoðun hjá matvælaráðuneytinu, Matvælastofnun og Bændasamtökum Íslands.

„Allir aðilar eru samstiga í að leita að farsælli lausn í þessu máli. Að svo stöddu er lítið annað hægt að segja en að óvissa ríki um þær reglur sem munu gilda um notkun örmerkja í komandi framtíð.“

/smh

Tilboðsmarkaður 3. apríl

Markaður með greiðslumark mjólkur verður haldinn 3. apríl næstkomandi.

Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 13. mars. Frá þessu er greint á heimasíðu matvælaráðuneytisins. Tilboðum um kaup og sölu skal skilað rafrænt á afurd.is. Á þeirri heimasíðu geta bændur jafnframt nálgast allar frekari upplýsingar um markaðinn með því að skrá sig með rafrænum skilríkjum.

Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum tilboðsmarkaði, eða alls 150.000 lítrum árlega. */ÁL*



Kjúklingur:

Hyggur á verulegan innflutning frá Úkraínu

– Innflutningsaðili segir íslenska framleiðendur áhugalausa um að selja sér kjúkling

Kjötheildsalan Kjötmarkaðurinn flutti inn 19,2 tonn af úkraínsku kjúklingakjöti í janúar. Kjúklingurinn er aðallega notaður á veitingahúsum og í matvælaiðnaði.

Guðmundur Gíslason á og rekur Kjötmarkaðinn. „Ég vissi ekki að Úkraínukjúklingur væri í boði fyrr en ég fann hann á markaði hér á Íslandi. Þá voru öll mötuneyti og veitingastaðir sem eru í viðskiptum við mig farin að kaupa þetta. Ég leitaði þá og sá að það var ekkert mál að flytja inn kjúkling frá Úkraínu.“

Hann hyggst auka innflutning sinn verulega og hefur þegar gengið frá pöntunum af tveimur gámum í viðbót sem væntanlegir eru á næstunni.

„Ég hugsa að í apríl og maí verði úkraínskur kjúklingur ófáanlegur því það er víst setið um hann í Evrópu, enda er innflutningurinn þar einnig tollfrjáls. Verðið á vörunni er að hækka sökum mikillar eftirspurnar.“

Hann segist versla við fyrirtækið Qualiko, sem er í eigu Myroniscsky Hliboproduct (MHP), sem er langstærsti kjúklingaframleiðandi í Úkraínu. „Ég fékk skjóta meðferð hjá Matvælastofnun þegar ég bað um leyfi fyrir innflutningi frá fyrirtækinu enda eru þeir með flottari kjúklingaframleiðendum. Á síðunni þeirra kemur fram að þeir séu með rekjanleika, fóðra fuglana á meiri maís en aðrir. Enda er þetta flott vara. Ef ég skil það rétt eru þeir með dreifistöðvar víðs vegar, ég kaupi til dæmis vöruna frá Rotterdam.“

Ódýrari framleiðsla erlendis

Guðmundur segir allt benda til þess að kjúklinganeysla eigi eftir að margfaldast hér á landi. Hann hafi áður leitast eftir viðskiptum við íslenskan framleiðanda. „Það var enginn áhugi hjá þeim að selja mér kjúkling. Íslenskur ferskur kjúklingur er gæðavara sem mun seljast áfram, þó innflutningur aukist á frosnum kjúkling.“

Hann telur landbúnað sem reiðir sig á innflutt fóður standa á tímamótum.



Guðmundur Gíslason hjá Kjötmarkaðnum, sem er sölu- og dreifingarstöð á ósunnu kjöti. Fyrirtækið flytur inn m.a. úkraínskt kjúklingakjöt og selur aðallega til veitingastaða og mötuneyta. Guðmundur er fyrrum sölustjóri hjá KS. Mynd / Aðsend

„Það verður alltaf ódýrara að framleiða kjúkling og svínakjöt þar sem fóðrið er framleitt. Laun og annar rekstrarkostnaður er auk þess lægri í framleiðslulöndum erlendis. Það er stjórnvalda að svara þeirri spurningu: Hvert erum við komin með innlenda framleiðslu þegar svínabændur flytja inn 600-700 tonn af svínakjöti og íslensku kjúklingaverksmiðjurnar nota mikið af innfluttum kjúkling?“

Flestir viðskiptavinir eru veitingastaðir og mötuneyti

Kjötmarkaðurinn er sölu- og dreifingarstöð á ósunnu kjöti sem býður, að sögn Guðmundar, aðallega upp á vörur frá kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki og sláturhúsi KVH á Hvammstanga.

„Uppistaðan í sölu er íslenskt dilkakjöt. Næstmest er selt af íslensku nautakjöti. Árið 2015 hóf Kjötmarkaðurinn innflutning á nautalundum frá Nýja-Sjálandi sem hafa selst vel, allt upp í 90 tonn á ári. Á síðasta ári hófum við innflutning á nautalundum frá Úrúgvæ. Kjötmarkaðurinn hefur auk þess lítillega flutt inn af svínakjöti og kjúklingakjöti frá Evrópu. Allt innflutt kjöt er selt frosið en það íslenska kælt,“ segir Guðmundur. Hann stefnir á að vera með 4-6% hlutdeild af innfluttu kjúklingakjöti í ár.

Flestir viðskiptavinir Kjötmarkaðarins eru veitingastaðir og mötuneyti, en einnig er hægt að nálgast vörur fyrirtækisins í matvöruverslunum.

/ghp

Búgreinaþing:

Sjaldan launar kálfurinn kjöteldið

– Bændur spyrja hvort eigi að halda innlendri framleiðslu áfram

Á nýafstöðnu búgreinaþingi samþykkti deild nautgripabænda ályktun þar sem bent er á rekstrarvanda nautgripakjötsframleiðslunnar og lagt fyrir samninganefndir að tryggja afkomu við endurskoðun búvörusamninga.

Nautgripabændur segja að þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir íslensku nautakjöti, sé reyndin sú að bændur sendi nautkálfa í auknum mæli nokkurra daga gamla í sláturhús. Ástæðan sé sú að afurðaverð ungnauta standi ekki undir framleiðslukostnaði.

Innflutningsheimildir nautakjöts hækkuðu úr 175 tonnum upp í 801 tonn eftir tollasamning við ESB frá 2015. Þetta leiddi til lækkunar afurðaverðs til bænda, en aðfangakostnaður hefur margfaldast undanfarin ár. Vegna þessa hafi framleiðsla nautakjöts fyrir íslenskan markað flust í auknum mæli úr landi. Í tölum Hagstofunnar er hægt að sjá að nautakjötsframleiðsla



Eldi nautkálfa stendur ekki undir framleiðslukostnaði. Mynd / Úr safni

stendur fjárhagslega verst búgreina. Samkvæmt skýrslu RML greiddu nautakjötsframleiðendur 400-600 krónur með hverju kílói undanfarin ár. Neytendur hafa ekki notið góðs af lækkun afurðaverðs

Nú óska nautakjötsframleiðendur eftir svörum frá stjórnvöldum hvort stefnan sé að stunda nautakjötsframleiðslu hérlendis eða ekki. Sé vilji fyrir íslenskri framleiðslu þurfi að tryggja greininni stuðning og rekstraröryggi til lengri tíma. */ÁL*

Framtalið þitt er opið til staðfestingar á skattur.is

Skilafrestur er til 14. mars

Starfsfólk Skattsins veitir aðstoð




Símaþjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



Pantaðu símtal

Hægt er að panta símtal í 442-1414 og við hringjum til baka



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á pósthólfið *framtal@skatturinn.is*

Ekki er unnt að veita framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins

Áríðandi er að yfirfara upplýsingarnar á framtalinu

Skatturinn | framtal@skatturinn.is | 442 1414

FRÉTTIR



Unnsteinn Snorri hættir hjá Bændasamtökunum

Unnsteinn Snorri Snorrason, verkefnastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ) og bóndi á Syðstu-Fossum í Andakíl, hefur sagt upp störfum sínum hjá samtökunum og mun hætta 31. maí næstkomandi.

Hann kom fyrst til starfa fyrir BÍ árið 2007 sem ráðunautur hjá Byggingaþjónustu landbúnaðarins. Starfaði svo um tíma hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) áður en hann hélt utan til Svíþjóðar til að starfa við vöruþróun hjá DeLaval um mitt ár 2011. Eftir tveggja ára dvöl í Svíþjóð sneri Unnsteinn heim og starfaði um skeið hjá RML, en tók svo við framkvæmdastjórastöðu hjá Landssamtökum sauðfjárbænda árið 2017.

Eftir breytingar á félagskerfi landbúnaðarins, með sameiningu búgreinafélaganna við BÍ sumarið 2021, hefur hann verið í fullu starfi fyrir samtökin.

Samhliða störfum sínum fyrir bændur stundar Unnsteinn sjálfur búskap á á Syðstu-Fossum í Andakíl í Borgarfirði.

„Við erum með hross og sauðfé, en búskapurinn telst nú ekki vera stór í sniðum. Ég ætla mér að einhverju leyti að fara og sinna búskapnum meira en er ekki búinn að setja markið á annað starf. Tíminn hjá BÍ hefur verið ákaflega góður en fyrir mig var einfaldlega kominn tími á breytingar. Mér finnst að þeir sem starfa við stefnumótun og eru leiðandi í svona samtökum eigi ekki endilega að vera mjög lengi. BÍ er að mínu mati á réttri leið eftir að hafa gengið í gegnum miklar breytingar á undanförnum árum. Við vorum að klára glæsilegt búgreinaþing sem sýnir að samtökin eru að ná réttum takti í þessu félagskerfi. Ég verð áfram til taks í þeim fjölmörgu verkefnum sem eru fram undan í starfinu og kveð samtökin mjög sáttur.“ */smh*

Niðurfelling gripagreiðslna á mjólkurkýr

Nautgripabændur vilja greiðslur fyrir framleiðslutengda liði mjólkur. Í ályktun frá búgreinaþingi er kallað eftir að kerfið verði einfaldara og skilvirkara.

Enn fremur sé loftslagsvænna að greiðslur hvetji til aukinnar framleiðslu á hvern grip. Gripagreiðslum á holdakýr verði haldið áfram.

Þar sem kúabúum hefur fækkað og þau stækkað er sífellt algengara að mikil skerðing verði á gripagreiðslum. Nautgripabændur sem eru í mjólkurframleiðslu telja eðlilegra að greiðslur væru greiddar fyrir framleidda mjólk, í stað þess að greitt sé fyrir mjólkurkýr óháð því hvort þær skili af sér afurðum.



Þegar kemur að nautakjötsframleiðslu þurfi gripagreiðslur að haldast við lýði, en nautgripabændur vilja endurskoða fyrirkomulagið. Þar má nefna að þeir vilja að greiðslurnar komi fyrr í framleiðsluferlinu sem myndi skapa stöðugar rekstrartekjur og auðvelda aðgengi nýrra aðila inn í greinina. */ÁL*

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Loðdýraeldi:

Öll skinn seld undir kostnaðarverði

Þrátt fyrir að öll skinn hafi selst á uppboði Köbenhagen Furs og þokkaleg sala hafi verið fyrsta uppboðsdaginn hjá Saga Furs er verð enn undir kostnaðarverði.

Loðdýraeldi hér og víða annars staðar, sérstaklega í Evrópu, hefur átt undir högg að sækja vegna hruns á skinnaverði 2016. Sala skinnanna hefur verið dræm og verð fyrir þau undir framleiðslukostnaði. Útkoma uppboðanna núna mun því hafa afgerandi áhrif á framtíð loðdýraeldis og þeirra átta búa sem starfandi eru hér á landi sem nú þegar standa á brauðfótum.

Einar E. Einarsson, bóndi að Skörðugili og formaður deildar loðdýrabænda, segir vissulega jákvætt að öll skinn í boði hafi selst í Kaupmannahöfn en að á sama tíma hafi uppboðið verið lítið, um 1,7 milljón skinn. Öll skinnin seldust undir framleiðsluverði þrátt fyrir að þau hafi hækkað um 15% frá síðasta uppboði Köbenhagen Furs.

Uppboð Saga Furs í Finnlandi hófst 7. mars og stendur í viku og þar verða boðin upp fimm milljón minkaskinn auk annarra skinna. „Eftir fyrsta dag uppboðsins er ljóst að salan gengur ekki jafn vel og í Kaupmannahöfn. Megnið af því sem búið er að bjóða hefur selst en hækkun á verði skinnanna er minni en hjá Köbenhagen Furs.“

Lítið uppboð í Kaupmannahöfn

„Uppboðið hjá Köbenhagen Furs er það fyrsta í langan tíma þar sem kaupendur voru í salnum en uppboðið var fremur smátt í sniðum miðað við mörg önnur uppboð þar sem fjöldi skinna er yfirleitt milli fjögur og sex milljón. Asíumarkaður hefur verið mikið til lokaður en á þessum uppboðum var merki um að hann væri að koma til baka.



Verð á minkaskinni hækkaði um 15% á uppboði Köbenhagen Furs en er enn undir kostnaðarverði. Mynd / VH



Einar E. Einarsson, formaður búgreinadeildar loðdýra. Mynd / H.Kr.

Það jákvæðasta við uppboðin er að skinnin eru að seljast og verð hefur hækkað lítillega þrátt fyrir að það sé enn töluvert undir framleiðslukostnaði.“

Hreyfing á markaði

Einar segir að þessi tvö uppboð séu mjög afgerandi fyrir hvað muni gerast á þessum markaði og loðdýrarækt hér á landi.

„Þrátt fyrir að verðið sem fékkst fyrir skinnin hafi verð lágt seldust þau að minnsta kosti og því einhver hreyfing á markaðinum. Við loðdýrabændur gleðjumst eins og hægt er yfir hækkuninni en þar vita allir að það þarf mun meira til ef greinin á að lifa.“

/VH

Nautgriparækt:

Kyngreining sæðis í frjóan jarðveg

– Stofnkostnaður 184 milljónir króna

Nautgripabændur hafa kallað eftir kaupum á búnaði til kyngreiningar á sæði undanfarin ár. Á búgreinaþingi var því beint til stjórnar deildar nautgripabænda og stjórnar Bændasamtakanna að hefja án tafar vinnu við að tryggja stofnfjármagn og hraða innleiðingu.

Í löndunum í kringum okkur er kyngreint sæði víða notað. Með sérstökum búnaði er hægt að skilja að sæðisfrumur sem gefa annars vegar kvígur og hins vegar naut. Þetta gagnast mjólkurframleiðendum sérstaklega, en með þessu geta þeir fengið fleiri og betri kvígukálfa. Kyngreint sæði er dýrara í innkaupum og hentar ekki í öllum tilfellum. Frá þessu er greint í nýrri skýrslu RML.

Áætlað er að kaup á sjálfri skilvindunni sem skilur sæðisfrumurnar eftir kynjum muni kosta 170 milljónir króna. Við það bætist kostnaður við uppsetningu á rannsóknarstofu, standsetning skilvindu og þjálfun starfsfólks sem gerir stofnkostnað upp á samtals 183,5 milljónir króna.

Árlegur rekstrarkostnaður er nokkuð hár, en áætlað er að þörf sé á tveimur stöðugildum sem kosta samtals 50 milljónir króna. Ofan á það bætist vörunotkun upp á 12,5 milljónir, rekstur tækjabúnaðar fyrir eina milljón á ári og 18,4 milljónir í afskriftir. Samtals má reikna með að rekstur kyngreiningar útheimti 82,9 milljónir króna árlega.



Búnaður til sæðistöku í gömlu nautastöðinni á Hvanneyri. Ingimar Einarsson, fyrrum fjósameistari, stendur hjá. Mynd / Úr safni

Frá árinu 1991 hefur verið til tækni sem byggir á að lita sæðisfrumurnar með sérstöku litarefni sem safnast í frumunum í mismunandi magni eftir því hvort þær beri X eða Y litning. Karlfrumur bera 3,8 prósent minna erfðaefni og gerir litarefnið kleift að rafhlaða sæðisfrumurnar og flokka með rafsviðsskilvindu. Mjög miklar framfarir hafa verið í þessari tækni og er sá búnaður sem býðst núna umtalsvert afkastameiri og ódýrari en sá sem framleiddur var fyrir fáum árum.

Lítil afköst eru á framleiðslu á kyngreindu sæði og er því nauðsynlegt að þynna það út til að fá fleiri skammta. Vegna þessa er frjósemi sæðisfrumna í kyngreindu sæði minni en í hefðbundnu sæði. Fjögur þrep fara í framleiðslu hefðbundins sæðis, en þegar kemur að kyngreiningu eru þrepin tuttugu. Samkvæmt rannsóknum er heilbrigði kálfa það sama með báðum tegundum sæðis. */ÁL*

can-am®

TRAXTER



STERKUR - FJÖLHÆFUR - SNJALL

Hagkvæmari lausn fyrir fjölbreytt verkefni í landbúnaði.

BRP

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN



Að fatta

Sögnin „að fatta“ hefur verið mér hugleikin undanfarna daga.

Þegar sögninni er flett upp á *Íslensku orðaneti* þá birtast tvö orðasambönd; að fatta <þetta> eins og að fatta brandarann og að fatta <þetta> ekki. Ef rýnt er ofan í fyrrnefnda orðasambandið þá ber hugtakið „skilningur“ mörg sambærileg heiti merkingarlega við sögnina fatta. Ef andstæða orðasambandið er skoðað, að fatta ekki, koma fram 97 tengingar gegnum hugtökin „skilningserfiðleikar“ og „sljóleiki“.

Kjúklingur var fluttur hingað inn í leyfisleysi. Við erum upplýst um að varan fékk innflutningsleyfi eftir að hún var komin á neytendamarkað. Kannski áttuðu innflutningsaðilarnir sig ekki á því að þeir hefðu átt að biðja um leyfi fyrst (föttuðu þeir það ekki?). Þótt reglur segi annað, þá fengu innflutningsaðilarnir leyfi fyrir rest og það eftir að þeir voru búnir að selja vöruna áfram. Formsatriðum var reddað fyrir horn. Eflaust var vonast til að að enginn fattaði þetta og að engum yrði meint af. Innflutningsaðilarnir töpuðu engu, þeir högnuðust. Reyndar segjast talsmenn Matvælastofnunar enn vera með málið í skoðun. Viðurlög við brot á reglum geta varðað sektum og fangelsi.

Málið snertir viðkvæma taug því kjötið var borið fram í mötuneytum og á veitingastöðum í skjóli upprunamerkingaleysis og án vitneskju neytenda. Fólk borðaði sem sagt innflutt kjöt sem hafði ekki farið í gegnum áhættumat og því ekki leyfilegt til sölu né neyslu hér á landi.

Í þessu felst einhver mjög vafasöm mynd af eftirliti með matvælaöryggi, kerfi sem neytendur eiga að geta treyst afdráttarlaust.

Veitingaaðilum ber ekki skylda til að segja frá uppruna matvæla sem þeir bjóða upp á. Þar liggur ein misfella í merkingarlöggjöfinni; lagalegur skortur á upplýsingagjöf sem setur neytendur óafvitandi í hlutverk hins sljóa, fattlausa.

Ekki eru mörg ár síðan ég áttaði mig sjálf á mikilvægi upplýsinga á umbúðum utan um mat. Heilsuvakningin lagði það svo sannarlega af mörkum að neytendur kunna að telja ofan í sig kaloríurnar með því að lesa næringar- og innihaldslýsingar.

Ef marka má skoðanakannanir getur upprunaland haft áhrif á afstöðu fólks gagnvart því sem það leggur sér til munns. Gagnsæjar upplýsingar um upprunaland ættu því að vera skýrar. En lögum samkvæmt þarf ekki að merkja uppruna unninna eða óforpakkaðra matvara, eins og útskýrt er hér í blaðinu. Eins og áhersluþögn, felur merkingarskortur í sér upplýsingar. Neytandinn fattar ekki – seljandinn nýtir sér það til hagsbóta.

Ef uppruni matvöru skiptir þig máli, hvort sem þú vilt borða íslenskt eða innflutt, unna eða óunna vöru, taktu afstöðu til merkinga þeirra. Á meðan fjárhagur er það sem stjórnar vali kaupenda mest, þá er það hagnaðarkrafa sem stjórnar hegðun seljenda. Ef þeir komast upp með að selja þér ómerkta leyfislausa vöru þá er nokkuð borðleggjandi að slík athæfi munu halda áfram að eiga sér stað.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ritstjóri.

Merkingar landbúnaðarafurða

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Nú um stundir eru frumframleiðendur og neytendur að fást við talsverða merkingaróreiðu á íslenskum landbúnaðarafurðum.

Skýrar merkingar matvæla eru nauðsynlegar svo neytendur geti byggt val matvöru á þekkingu um innihald og upprunaland, hvort sem hún er kryddlegin eða unnin á annan hátt. Hér er ekkert undanskilið, allar landbúnaðarafurðir eru hér undir, hvort sem um er að ræða haframjólk, kjöt, unnar afurðir, grænmeti, blóm og svo mætti lengi telja. Það er mikilvægt að frumframleiðendur, afurðastöðvar og verslunin taki höndum saman um að koma þessum málum í betri farveg en er í dag. Það er með öllu óviðunandi að ekki sé gætt að merkingum umbúða því neytendur verða að geta treyst því að á umbúðamerkingum séu áreiðanlegar upplýsingar um innihald og uppruna matvöru.

Íslenskt staðfest

Fyrir tæpu ári síðan afhjúpaði matvælaráðherra nýtt íslenskt upprunamerki fyrir matvörur og blóm. Tilgangur merkisins er að auka sýnileika og markaðshlutdeild íslenskra afurða, tengja neytendur betur við frumframleiðendur og fræða þá um kosti íslenskra matvæla og verslunar. „Íslenskt staðfest“, sem unnið hefur verið á grunni norrænna fyrirmynda um upprunamerkingu afurða, mun auðvelda neytendum að velja íslenskt, en til að mega nota merkið þurfa framleiðendur að ábyrgjast að hráefnið sé íslenskt og að framleiðsla hafi



farið fram á Íslandi. Kjöt, egg, fiskur og mjólk skal í öllum tilfellum vera 100% íslenskt. Þá er jafnframt hægt að nýta ábyrgðar- og gæðamerkið til útflutnings undir „Certified Icelandic“, sem er enska skráningin af „Íslenskt staðfest“, á ýmsar vörur og þjónustu til útflutnings, þ.á m. hráar og óunnar landbúnaðar-, lagareldis-, garðræktar- og skógræktarafurðir, vatn og bjór.

Enn eitt merkið?

„Enn eitt merkið?“ er spurning sem við iðulega fáum þegar merkið hefur verið kynnt. En munurinn hér er sá að þriðji aðili, vottunarstofan Sýni, sér um úttektir hjá þeim fyrirtækjum sem kjósa að nota merkið. Enginn má nota merkið nema hafa til þess leyfi sem sótt er um sérstaklega, gangast undir staðal merkisins og uppfylla opinberar kröfur til sinnar starfsemi. Bændasamtökin hafa unnið að regluverki og samningsdrögum um aðkomu fyrirtækja og verslunarinnar að þessu merki. Í mínum huga er þetta flaggskipið, eitt mikilvægasta verkefni matvælaframleiðenda í harðnandi samkeppni við innfluttar afurðir, sem við sem frumframleiðendur verðum að sinna þar sem það er ekki síður okkar að upplýsa neytendur um hvaðan afurðirnar koma.

Þú veist hvaðan það kemur

Hér á landi búum við að hreinu lofti, hreinu vatni og sýklalyfjanotkun í íslenskum landbúnaði er ein sú minnsta meðal allra Evrópulanda. Íslensk matvælaframleiðsla er því í fremstu röð, hvort heldur er um að ræða kjöt, fisk, mjólkurafurðir eða grænmeti. Það hlýtur því að vera eðlileg krafa neytenda að innfluttar vörur séu upprunaog innihaldsmerktar þannig að neytandinn geti glöggvað sig vel á því hvort vara sé af sömu gæðum og innlend framleiðsla varðandi hreinleika og með tilliti til notkunar sýklalyfja og dýravelferðar. Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var umfjöllun um notkun á sýklalyfjum í landbúnaði sem er mun meiri en hingað til. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað við að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta ógnunin við lýðheilsu í heiminum í dag og gríðarlegur munur er á útbreiðslu sýklalyfjaónæmis milli heims- og landshluta. Það skiptir því sköpum fyrir neytendur að vita hvaðan varan kemur.

GAMLA MYNDIN



Húsmæðraskólinn á Varmalandi 1953. Skólinn var stofnsettur á Varmalandi 1946 fyrir forgöngu Sambands borgfirskra kvenna og starfaði til 1986. Rekstri skólans var hætt vegna þess að mjög hafði dregið úr aðsókn í hann. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands.

LÍF & STARF

Mannlíf á búgreinaþingi



Um 200 bændur tóku þátt í búgreinaþingi Bændasamtaka Íslands sem fór fram dagana 22. og 23. febrúar á Hótel Natura.



Kristinn Guðnason, Nanna Jónsdóttir og Sveinn Steinarsson eiga það sameiginlegt að hafa verið eða vera í hlutverki formanns hrossabænda.



Ný stjórn og varastjórn nautgripabænda BÍ. Reynir Þór Skúlason, Guðrún Eik Skúladóttir, Bessi Freyr Vésteinsson, Rafn Bergsson, Sigurbjörg Ottesen, Sigrún Hanna Sigurðardóttir, Magnús Örn Sigurjónsson og Atli Már Traustason.



Nautgripabændur samþykkja ályktun einróma.



Unnsteinn Snorri Snorrason verkefnastjóri BÍ. kynnir Steingrím J. Sigurðsson í pontu.



Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir og Sighvatur Jón Þórarinsson, fráfarandi stjórnarmenn skógarbænda.



Halldóra K. Hauksdóttir, nýkjörinn formaður búgreinadeildar eggjabænda og Halla Eiríksdóttir, stjórnarmaður BÍ.



Hlynur Gauti Sigurðson, sérfræðingur í umhverfismálum hjá BÍ og Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda.



Jónas Vigfússon, í Litla-Dal í Eyjafirði, sló á létta strengi eftir þrumandi ræðu í pontu á fundi búgreinadeildar hrossabænda.



Brynjar Þór Vigfússon, bóndi í Gilhaga í Öxarfirði, tók við formennsku í deild geitfjárbænda af Önnu Maríu Flygenring í Hlíð.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Sá velmetni sálnahirðir, **sr. Hjálmar Jónsson**, gaf nýverið út ljóðabók sína, ***Stundum verða stökur til***.

Titill bókarinnar vísar í fyrstu vísu bókarinnar:

Andagift ég ekki skil
eða þekki.
Stundum verða stökur til
og stundum ekki.

Ljóðabókin er með þeim læsilegri sem ég hef litið, skemmtanagildið órækt og framsetning efnisins frábær.

Í bland við ljóð og lausavísur eru skemmtilegar sögur sem lífga upp á ljóðamálið. Hjálmar er afskaplega frumlegur og fundvís á efnistök.

Þann 5. febrúar sl. flutti sr. Hjálmar predikun í Bústaðakirkju og upphaf ræðunnar var bundið í limruform. Hér á eftir fer limran, hollt hverjum sem hlýðir:

Bústaðakirkju með brag
best er að heilsa í dag.
Hér er söngvarasveit
og sálin er heit
í kantor sem kann sitt fag.

Þú kominn ert kirkjunnar til
með kórsöng og orgelspil
og klerka í stuði
með kærleikans Guði,
þar er yndislegt allt, hér um bil.

Söfnuðinn sannlega þekkjum
er situr á kirkjunnar bekkjum.
Vel er hér mætt
og margt verður rætt
áður en aftur heim strekkjum.

Kantorsins kynning er traust
og klerkurinn tónar við raust.
Miskunn og mildi
eru mest lofuð gildi
og málið er bundið og laust.

Einkum er innihald bragsins
efnið í guðspjalli dagsins.
Það er talentan þín
og talentan mín
sem við fengum til lífsferðalagsins.

Þú fékkst heilmikla hæfileika,
þú átt hliðina sterka- og veika.
Styrktu hið besta,
stöðva þitt versta
og þá muntu réttlættur reika.

Teldu nú talentur þínar,
við þá talningu óðar þér hlýnar.
Þú ert máttug og sterk,
þú ert meistaraverk
með eigindir allar svo fínar.

Til að fullnusta efnið, þá birti ég efni úr bók sr. Hjálmars. Einhverju sinni var Hjálmar fenginn til veislustjórnar í Árgarði hjá Lýtingum, en samtímis var **Ómar Ragnarsson** á leið til skemmtunar í Ljósheimum hjá Skarðshreppsbúum.

Þegar Hjálmar sá norður af Holtavörðuheiði hringdi hann í Ómar:

Á Holtavörðuheiði syng
og hef ei neins að sakna.
Horfi ég yfir Húnaþing
og hendingarnar vakna.

Mínútu síðar hringdi Ómar í Hjálmar:

Er horfi ég yfir Húnaþing
hugurinn fer að slakna.
Bíllinn snýst í hálfan hring
af hendingu ég vakna.

Eftir einmuna blíðu í tíðarfari undanfarið, þá bregður svo við að kafahríð er á glugga þá þetta er skráð.

Vel á því við að birta þessa vísu sem sr. Hjálmar orti við áþekkar aðstæður:

Hríðin af krafti hefur nú
hurðirnar allar barið.
Veikist og dofnar von og trú,
vorið er komið - og farið.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Í tillögu frá búgreinaþingi sauðfjárbænda er kallað eftir breytingum á sauðfjárveikivarnarlínum.

Sauðfjárbændur:

Kalla eftir breytingum á varnarhólfum

Á þingi búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá BÍ var samþykkt sú tillaga að stjórn deildarinnar fari yfir núgildandi sauðfjárveikivarnarlínur með tilliti til mikilvægi þeirra.

Endurmeta þurfi tilgang þeirra og markmið, meðal annars vegna ræktunar íslensks sauðfjár með tilliti til riðuþolinna arfgerða. Í greinargerð með tillögu sauðfjárbænda kemur fram að meginmarkmið sauðfjárveikivarnarlína á liðnum áratugum hafi verið hlutverk þeirra í útrýmingu riðu. Ástand sauðfjárveikivarnarlína sé mjög misjafnt og hafa verið um langa hríð. Sjúkdómastaða í samliggjandi varnarhólfum með tilliti til riðu og jafnvel fleiri sjúkdóma er víða sú sama. Því sé tímabært að endurmeta tilgang og markmið með skiptingu landsins í svo mörg varnarhólf sem raun ber vitni.

Tillögur þegar hjá ráðuneytinu um breytingar á hólfum

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir segist hafa lagt til við alla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá því hún tók við yfirdýralæknisembættinu 2013 að það þurfi að ráðast í heildarendurskoðun á löggjöf um dýrasjúkdóma og heilbrigði dýra, nú síðast árið 2021 í tengslum við heildarendurskoðun á riðureglugerðinni. Samhliða hefðu verið tillögur um endurskoðun á varnarhólfunum.

„Í mínum tillögum er gert ráð fyrir að heimilt verði að undanskilja gripi með verndandi arfgerðir gagnvart riðusmiti, þannig að þeir verði ekki skornir niður í hjörðum þegar tilfelli greinast. Þar lagði ég einnig til að við skyldum ekki leggja af núverandi fyrirkomulag varnarhólfa. Það virkaði vel fyrir þá sjúkdóma sem var verið að glíma við í kringum 1950 til 1960, en er ekki mjög hentugt varðandi glímuna við riðuveiki í dag.

Ég lagði þar til eins konar riðuhólf þar sem mjög strangar smitvarnir giltu, svæði sem gætu verið mjög breytileg að stærð og jafnvel hluti af hólfi sem gilti þá í sjö ár. Þetta gæti verið hreppur eða jafnvel bæjartorfa – innan varnarhólfs. Slíkt er í takti við heilahrörnunarreglugerð Evrópusambandsins sem tekur þannig á málunum, en Ísland hefur innleitt þá reglugerð að hluta.“

Kostar lagabreytingar að breyta varnarhólfum

„Ég hef líka talað við matvælaráðherra og hvatt til heildarendurskoðunar og fengið góðar viðtökur, en unnið er að því að koma því á dagskrá. Það að endurskoða varnarhólfin í heild sinni kallar á lagabreytingar og það gerist ekki nema með aðkomu Alþingis og þetta þarf að skoða heildstætt. Aflögn einstakra varnarlína þarfnast þó ekki lagabreytingar,“ segir Sigurborg enn fremur.

Hún telur að í ráðuneytinu sé nú þegar unnið að einhverju leyti að undirbúningi að heildarendurskoðun þessara mála, en veit þó ekki hvernig verkefnastaðan er í ráðuneytinu varðandi þessi mál, reiknar þó með að verða höfð til samráðs þegar kemur að útfærslum á nýju skipulagi. */smh*


Til búfjáreigenda

Eigendur jarðanna Vilmundarstaða, Breiðabólstaðar 2, Steindórsstaða, Rauðsgils, Búrfells, Ártúns og Skógarsels í Reykholtsdal og Hálsasveit í Borgarbyggð vekja hér með athygli búfjáreigenda á að ekki er heimilt að beita búfé í lönd jarðanna nema með leyfi viðkomandi landeigenda.

Verði ágangur búfjár í eigu annarra en landeigenda í lönd jarðanna verður leitað atbeina sveitarstjórnar eða eftir atvikum lögreglu til að láta smala ágangsfénu þangað sem það á að vera á kostnað eigenda þess sbr. 33. gr. laga nr. 6/1986.

Er búfjáreigendum bent á að beita fé sínu í afrétt eða í þau heimalönd þar sem þeir mega beita því.

Reykholtsdal 24. febrúar 2023
Landeigendur



Samanburður á kostnaðarsamsetningu á Íslandi og í samanburðarlöndum eins og hún kemur fram í skýrslunni. Þó svo ræktunarkostnaður sé ekki ósvipaður á Íslandi og í nágrannalöndunum er samsetning kostnaðar ólík. Munar þar um hve aðgangur að landi er hér góður og landleiga þar með lítill hluti kostnaðar. Vélakostnaður er mun hærri hér á landi, enda er umfang ræktunar minna og sennilega mun minni skilvirkni og afkastageta í þeim vélum sem hér eru notaðar vegna þess. Á móti kemur að kostnaður vegna varnarefna er mun minni hér á landi.

Kornrækt:

Innlend kornrækt samkeppnishæf við erlenda framleiðslu

– Kostnaður við ræktun og tekjur af uppskeru svipuð og í nágrannalöndum

Kornrækt er ákjósanleg viðbót við landbúnað á Íslandi og flest bendir til þess að kornrækt geti verið ábatasöm atvinnugrein hér á landi. Hún getur aukið verðmætasköpun og styrkt atvinnulíf í hinum dreifðu byggðum. Auk þess styður aukin framleiðsla á korni við fæðuöryggismarkmið stjórnvalda.

Þetta er meðal niðurstaðna Daða Más Kristóferssonar, prófessors í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ. Hann greinir þjóðhagslega þætti kornræktar í lokaskýrslu starfshóps matvælaráðherra um eflingu kornræktar. Niðurstöður starfshópsins verða kynntar þann 16. mars næstkomandi.

Í kaflanum lagði Daði mat á samkeppnishæfni íslenskrar kornræktar hér miðað við framleiðslukostnað og tekjur í ríkjum sem núna framleiða korn sem notað er á Íslandi.

Í honum sést að kostnaður íslenskrar byggræktar miðað við meðaltal ólíkra búa í Evrópu er sambærilegur. Þó ræktunarkostnaður sé svipaður er samsetning kostnaðar harla ólík. Munar þar helst um hve aðgangur að landi er hér góður og landleiga því lítill hluti kostnaðar.

Vélakostnaður er aftur á móti mun hærri hér á landi enda umfang ræktunar minna sem skilar sér í minni skilvirkni og afkastagetu þeirra tækja sem eru í notkun. Dreifing meðaltekna eftir meðalstærð ræktunar sýnir að Ísland fellur nokkurn veginn í miðjuna í samanburði við Danmörk, Þýskaland, Svíþjóð, Finnland og Bretland.

Landauðlindir Íslands

Daði Már segist lengi hafa verið bjartsýnn fyrir hönd jarðræktar. Frá aldamótum hefur verð á matvælum hætt að lækka og verið á uppleið. Eftir því sem verðið hækkar þá eykst framleiðslan.

Stóri takmarkandi þáttur matvælaframleiðslu erlendis er landrými, en í Evrópu er landeigandi og sá sem nýtir landið til framleiðslu ekki sami aðilinn. Því fylgir að ef landbúnaðarframleiðsla verður ábatasöm hækka landeigendur leiguverð.

„Landverð hefur farið vaxandi víðast hvar, þar með talið á meginlandi Evrópu. Rannsóknir á íslenska landmarkaðinum sýna að sú þróun hefur ekki náð til Íslands,“ segir m.a. í kafla Daða Más.

Getur staðið undir sér

Niðurstöður greiningarinnar benda til þess að kornrækt gæti með hagkvæmum hætti tekið yfir markaðinn fyrir korn á Íslandi til lengri tíma. Bent er á það í skýrslunni að kornræktin þyrfti ekki á auknum stuðningi að halda, en hann takmarkast nú við jarðræktarstuðning.

Ef aðeins er miðað við byggmarkaðinn þá er heildarverðmæti hans í dag um 600 milljónir króna. Miðað við forsendur sem settar eru fram í skýrslunni eru áætlaðar tekjur af þeirri framleiðslu samanlögðum launagreiðslum rúmlega 25 meðal kúabúa, eins og þau eru í landbúnaðarreikningum Hagstofu Íslands.



Daði Már Kristófersson.

„Eins og fram kemur í annarri umfjöllun skýrslunnar má ætla að byggmarkaðurinn geti vaxið í um 30 þúsund tonn, sem mundi þýða þreföldun þessarar tölu. Aðrar korntegundir gætu einnig bæst við og stækkað það umfang enn frekar,“ segir jafnframt í skýrslunni.

Einnig er á það bent í skýrslunni að kornræktin sé plássfrek og því líkleg til að dreifast með svipuðum hætti og annar hefðbundinn landbúnaður. „Hún er þar með líklegri til þess að geta orðið stoð undir hagkerfi dreifðra byggða og valkostur í tilraunum stjórnvalda til þess að treysta þær stoðir án þess að krefjast nærri eins mikils stuðnings af hálfu hins opinbera,“ segir Daði Már Kristófersson í skýrslu um eflingu kornræktar sem kynnt verður í næstu viku hjá matvælaráðuneytinu.

/ghp

Fagþing sauðfjárræktarinnar

Fagþing sauðfjárræktarinnar 2023 verður haldið í Ásgarði á Hvanneyri fimmtudaginn 13. apríl kl. 10.00.

Fundurinn er haldinn af fagráði í sauðfjárrækt í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á fagfundi sauðfjárræktarinnar er meðal annars hefð fyrir því að afhenda verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í ræktunarstarfinu. Dagskrá verður kynnt þegar nær dregur.

Fundinum verður streymt beint á netinu og verður hann opinn öllum.



Hér má sjá verðlaunahafa árið 2022, talið frá vinstri: Sigurlína Jóhannesdóttir, Snartarstöðum fyrir besta lambaföðurinn, Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum fyrir besta fjárræktarbúið og Vagn Haukur Sigtryggsson fyrir mesta kynbótahrútinn.



Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja er reynslubankinn okkar sneisafullur. Við tökum þátt í uppbyggingu lítilla og stórra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum, hvort sem við rýnum í vinnuvélar eða fólksbíla, flugvélar eða röntgentæki.

Aðalmálið er að aðstoða þig við að auka afkastagetuna og hagkvæmnina svo þú getir nýtt tækifærin sem best.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.

FRÉTTIR



Jarfi 16016 frá Helgavatni í Þverárhlíð í Borgarfirði hefur reynst farsæll kynbótagripur. Mynd / Nautastöð BÍ

Jarfi frá Helgavatni besta nautið

Jarfi 16016 frá Helgavatni í Þverárhlíð í Borgarfirði hlaut nafnbótina besta naut fætt árið 2016 og viðurkenningu sem Nautastöð Bændasamtaka Íslands veitti á búgreinaþingi kúabænda.

Ræktendur Jarfa 16016 eru Ágústa Ó. Gunnarsdóttir, Karitas Þ. Hreinsdóttir og Pétur og Vilhjálmur Diðrikssynir á Helgavatnsbúinu og tóku þau Karitas og Pétur við viðurkenningunni úr höndum Herdísar Mögnu Gunnarsdóttur, fráfarandi formanns deildar kúabænda, og Sveinbjörns Eyjólfssonar, forstöðumanns Nautastöðvarinnar. Jarfi hefur fengið mikla notkun að sögn Sveinbjörns, hann er vinsæll kynbótagripur og fáheyrt sé að gripir fái viðlíka dreifingu. Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgriparækt hjá RML, fór nokkrum orðum um Jarfa 16016 fyrir afhendingu viðurkenningarinnar. Í umsögn um dætur Jarfa segir meðal annars:

„Dætur Jarfa eru góðar mjólkurkýr þar sem mjólkurmagn og hlutföll verðefna í mjólk liggja um meðallag. Þetta eru fremur smáar kýr og háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu.



Pétur Diðriksson og Karitas Þ. Hreinsdóttir tóku við viðurkenningu Jarfa á búgreinaþingi. Mynd /ÁL

Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mjög mikil og þau frábærlega vel borin. Spenar eru frekar stuttir og grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er ákaflega gott og skapgallaðir gripir vandfundnir í hópnum.“ */ghp*

Límtré-Timbureiningar







STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Bændablaðið
kemur næst 23. mars

Sauðfjárbændur vilja fjölga ullarflokkum

– Ekki í forgangi hjá ÍSTEX eins og er

Á búgreinaþingi deildar sauðfjárbænda á dögunum var tillaga samþykkt þar sem því er beint til ÍSTEX að ullarflokkum sé fjölgað um tvo.

Að flokkunum SF1 (svartflekkótt) og MF1 (móflekkótt) sé bætt við þar sem skortur sé á ull til framleiðslu á prjónabandi. Hjá ÍSTEX hafa slíkir flokkar verið til umræðu en eins og staðan er núna eru önnur verkefni í forgangi.

Með tillögunni, sem kom frá fagnefnd búgreinadeildar sauðfjárbænda, fylgir greinargerð þar sem fram kemur að í ljósi þess að skortur sé á ull til að hægt sé að búa til stórar lotur af garni með því að blanda saman allri svartflekkóttri ull og allri móflekkóttri ull – og gera úr þessum tveimur litum úrvals prjónaband. „Þeir yrðu ekki eins milli ára, en fengju þá lotunúmer tengd hverju ári og væri eins og góð vín flokkuð eftir árgerðum,“ segir í tillögunni.

Ekki í forgangi eins og er

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ÍSTEX, segir að eins og staðan sé núna vanti helst lambsull og hreina sauðaliti, en kannski ekki akkúrat þessa liti. „Þá myndu aukaflokkar auka vinnu bænda í flokkun, ásamt því að tefja þvott, auka liti í framleiðslu og öllu því sem fylgir því. Framleiðslan í Mosfellsbæ er nálægt hámarksafköstum og nú þegar svipaðir litir í Léttlopa, Álafosslopa og Plötulopa.

Þá skiptir rétt markaðssetning öllu máli. Stóra spurningin er hvort eftirspurn og hærra verð fylgi í raun,“ segir Sigurður.

Hann bætir því við að allt þetta þurfi að skoða mjög vel áður en ákvörðun er tekin um að fjölga flokkum. „Allt þetta þarf að skoða mjög vel áður en ákvörðun er tekin um að fjölga flokkum.



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ÍSTEX. Mynd / smh

Þetta er nokkuð sem við förum yfir reglulega, en eins og staðan er þá eru önnur verkefni í forgangi. Hér mætti meðal annars nefna að nýta betur ull af veturgömlu fé til að auka magn af fínni og mýkri ull.“

Eftirspurn eftir náttúrulegum litum að aukast

„Þessir tveir flokkar hafa verið ræddir hér innanhúss undanfarin ár, til að minnka mislitan annan flokk (M2) og leita leiða til að auka verðmæti. Mislit lambsull var fyrsta skrefið sem var tekið og fékkst úr því mjúk og góð ull sem notuð er í handprjónaband.

Þá fylgdi svartur og mórauður annar flokkur sem nýttur er til að spara litarefni og 1. flokks sauðaliti í bandlitum sem þola það. Þvottastöðin á Blönduósi hefur undanfarin ár búið til sérstakan náttúrulegan lit, „silver grey“, með að fjarlægja mórauðan hluta. Þessi litur hefur verið seldur erlendis í náttúrulegt gólfteppi ætluð fyrir skemmtiferðaskip þar sem liturinn fær að njóta sín. Ístex fær um 20-25 prósent hærra verð en annars fengist.

Þannig að tækifæri fyrir liti sem breytast eftir lotum er til staðar og þá virðist eftirspurn eftir náttúrulegum litum að aukast,“ segir Sigurður Sævar. */smh*

Alþingi:

Þátttaka innlendra framleiðenda á tollkvótum til skoðunar

Tollkvótar og þátttaka afurðastöðva í kaupum á þeim voru til umræðu á þingfundi Alþingis mánudaginn 6. mars síðastliðinn.

Tilefnið var fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þingmanns Viðreisnar, um lækkun tolla og gjalda á innfluttar matvörur.

Þorgerður Katrín spurði matvæla- ráðherra hvort hún hafi beitt sér fyrir lækkun tolla og gjalda á innfluttar matvörur til að berjast gegn verðbólgu. Enn fremur spurði hún hvort ráðherra ætlaði að kappkosta að breyta reglum um tolla og úthlutun tollkvóta sem geti leitt til lækkunar á matvöruverði.

Hún sagðist vilja að innlendum afurðastöðvum og vinnslustöðvum verði óheimilt að bjóða í eða sækjast eftir tollkvótum.

„Við vitum það alveg, og ráðherra á að vita það, að þegar flett er upp hverjir eru eigendur LL42, Mata, þetta eru náttúrlega aðilar sem eru tengdir stærstu landbúnaðarframleiðslu hér á landi og þeir eiga ekkert að vera að bjóða í eða sækjast eftir tollkvótum með



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Svandís Svavarsdóttir. Myndir / Alþingi

það eina að markmiði að halda þeim fjarri og halda verðinu uppi. Þannig eru íslenskir neytendur ekki að njóta góðs af þessari litlu glufu sem þó fæst með tollkvótunum.“

Í tilsvörum vék Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra að þátttöku innlendra framleiðenda á tollkvótum. „Það er ekki til að einfalda umræðu um tollvernd að þau fyrirtæki sem starfa í skjóli tollverndar séu þátttakendur í slíku. Bara svo það sé sagt.“

Hún sagði að matvælaráðuneytið væri með nýtingu á tollkvótum til skoðunar og nefndi að Samkeppniseftirlitið væri enn fremur með slík mál til skoðunar.

Verð hækkar meira í Evrópu

Í tilsvari benti matvælaráðherra einnig á að tollar á innfluttar matvörur væru litlir í samanburði við EFTA löndin. Hún vísaði í gögn Hagstofu Evrópusambandsins og sagði að verð á svínakjöti hefði hækkað um 18,4% á síðasta ári að meðaltali í Evrópu á meðan það hækkaði um 12% hér. Á sama tíma hefði verð á kjúklingi hækkað um 23,5% í Evrópu en 14,6% á Íslandi. Verð á drykkjarmjólk hækkaði um 31% í Evrópu en eingöngu um 8% hér.

„Ég er ekki að nefna þessar tölur til þess að sýna fram á það að við höfum algjörlega sambærilegar tölu í einhvers konar stöðugleikaumhverfi heldur til að sýna fram á það hvað þessar forsendur geta verið breytilegar í heimsfaraldri, í stríðsástandi o.s.frv. Þannig það eru ótvíræðir hagsmunir að skapa skilyrði fyrir öfluga matvælaframleiðslu á Íslandi.“*/ghp*



WISS Blikkklippa
M3X EDGE Bein Evolution
Einnig til hægri og vinstri

Afsláttarverð: **3.450**
Fullt verð: 4.929



WELLER TB100EU
Therma-Boost hitabyssa

Afsláttarverð: **5.599**
Fullt verð: 7.998



Weller Lóðbolti
Hobbykit 80W

Afsláttarverð: **3.906**
Fullt verð: 5.580



WELLER Lóðbolti
SP25NEU 25w

Afsláttarverð: **2.728**
Fullt verð: 3.410



STABILA Hallamál
80U 150 cm

Afsláttarverð: **4.266**
Fullt verð: 5.332



STABILA Málband
BM 30 3 metra

Afsláttarverð: **347**
Fullt verð: 434



STABILA Tommustokkur
2 metra Tré

Afsláttarverð: **299**
Fullt verð: 374



LINDBLOMS Hnífur

Afsláttarverð: **794**
Fullt verð: 992



BAHCO Vatnspíputöng
Ergo

Afsláttarverð: **5.332**
Fullt verð: 6.665



Bahco ERGO Þjöl
Flöt / Tvíhöggin

Afsláttarverð: **2.802**
Fullt verð: 3.503



BAHCO Skrúfjárn
Ergo

Afsláttarverð: **3.422**
Fullt verð: 4.278



AXA Reiðhjólalás TOUCAN
80 cm appelsínugulur
Einnig til dökkgrár og lengri.

Afsláttarverð: **3.689**
Fullt verð: 5.270



FINA Reykskynjari
Optískur

Afsláttarverð: **900**
Fullt verð: 1.125



FEDERAL LOCK Talnalás
22 mm Silfur 383

Afsláttarverð: **595**
Fullt verð: 744



Assa Abloy 6616
hurðarhandfang

Afsláttarverð: **7.936**
Fullt verð: 9.920



Hurðarstoppari

Afsláttarverð: **3.035**
Fullt verð: 3.794

Tilboðsdagar í mars

LYKIL LAUSNIR
lykillausnir.is

VERKFÆRA LAUSNIR
verkfæralausnir.is

Skútuvogi 1E - Opið virka daga 8:00-17:00

FRÉTTIR

Aðalfundur ÍSTEX:

Hagnaðurinn 67,1 milljón króna á síðasta ári

Aðalfundur ÍSTEX var haldinn í kjölfar búgreinaþings deildar sauðfjárbænda og aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda á Hótel Natura í Reykjavík fimmtudaginn 23. febrúar.

Þar kom fram að hagnaður af rekstri félagsins á liðnu rekstrarári hafi verið 67,1 milljón króna.

Þrátt fyrir góða rekstrarafkomu er ekki lagt til að arður sé greiddur af hlutafé heldur sé hagnaðurinn notaður til að styrkja fjárhagsstöðu félagsins vegna mögulegra fjárfestinga á næstu misserum.

Að sögn Sigurðar Sævars Gunnarssonar framkvæmdastjóra var aðalfundurinn ágætlega sóttur miðað við fyrri ár. Helstu tíðindin af fundinum séu góð afkoma félagsins og að enn þá sé mikil eftirspurn eftir lopavörum, auk þess sem þörf sé á fjárfestingu í bandframleiðslu.



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ÍSTEX. Mynd / smh

Sú breyting varð á stjórn ÍSTEX að Unnsteinn Snorri Snorrason fer út en Jóhann Ragnarsson tekur hans sæti. Stjórnina skipa að öðru leyti þau Gunnar Þórarinsson formaður, Jóhannes Sveinbjörnsson, Halla Eiríksdóttir og Guðfinna Harpa Árnadóttir. /smh

Skaftárhreppur:

Hótel með ísböðum byggt fyrir 9 milljarða króna

Framkvæmdir eru hafnar við byggingu 200 herbergja fjögurra stjörnu hótels á Orustustöðum í Skaftárhreppi, skammt frá Kirkjubæjarklaustri.

Hótelið mun heita Stracta Orustustaðir líkt og Stracta hótel Hreiðars Hermannssonar á Hellu, en hann er eigandi hótelsins. Átta svítur verða á hótelinu og þá verður boðið upp á ísböð. Hótelið verður um sjö þúsund fermetrar að stærð en hönnuðir gera ráð fyrir að hægt sé að byggja það í áföngum.

„Svona stór uppbygging er gríðarlega atvinnuskapandi en mikill fjöldi mun starfa við verkefnið á uppbyggingartíma. Þegar rekstur er kominn af stað myndum við áætla að þörf væri á 65 stöðugildum við hótelið, sem liggur einnig í margs konar þjónustu við hótelið og gesti.

Eins myndast störf vegna annarrar starfsemi sem áætlað er að reka á jörðinni sem lýtur til dæmis að ræktun, landgræðslu og skógrækt.

En hugmyndafræðin á bak við verkefnið snýr að sjálfbærri uppbyggingu sem þarfnast sérfræðiþekkingar á misjöfnum sviðum," segir Margrét Gísladóttir, sem vinnur að verkefninu með Hreiðari. Heildarkostnaður við byggingu hótelsins verður um níu milljarðar króna. Enn er þó óljóst hvenær hótelið verður tekið í notkun. „Við ætluðum okkur náttúrlega að vera komin lengra í ferlinu en ýmsar steinvölur í veginum hafa varnað því," segir Margrét. /MHH



Hreiðar Hermannsson á hreinan 100% eignarhlut í nýja hótelinu. Mynd /MHH





Sauðfjárbændur vilja ljúka endurskoðun reglugerðar um sauðfjársjúkdóma hið snarasta. Mynd / smh

Búgreinadeild sauðfjárbænda:

Tryggja þarf að gripir með verndandi arfgerðir verði ekki skornir niður

Búgreinadeild sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands samþykkti tillögu á nýliðnu búgreinaþingi að beina því til ráðuneytis landbúnaðarmála að ljúka hið snarasta endurskoðun reglugerðar um sauðfjársjúkdóma.

Tryggja þurfi að gripir sem hafa verið greindir með verndandi arfgerð gegn riðu verði ekki skornir niður í hjörðum þar sem riða kemur upp, eins og þekkt er erlendis.

Tillagan barst úr fagnefnd þingfulltrúa og við kynningu á henni kom fram að jákvæð viðbrögð hefðu fengist úr ráðuneytinu við þessum hugmyndum.

Ráðuneytið hefur haft tillögur frá Sigurborgu Daðadóttur yfirdýralækni að nýjum reglum frá því í desember 2021, sem fóru síðan í lokað umsagnarferli.

Von á fjölda lamba í vor með verndandi arfgerð

Í Bændablaðinu í október var fjallað um málið í samhengi við undanþáguheimild sem Matvælastofnun fékk til að gefa út leyfi fyrir sölu á líflömbum og kynbótagripum, með mögulegar verndandi arfgerðir gegn riðusmiti, yfir sauðfjárveikivarnarlínur. Þá fengust þau svör úr ráðuneytinu um breytingartillögur yfirdýralæknis að þær hafi falið í sér umtalsverðar breytingar á því regluverki sem snýr að riðuvörnum. „Við skoðun kom í ljós að þær breytingar taka einnig til ýmissa þátta sem varða skipulag almenns dýraheilbrigðis. Í ljósi þessa hefur sú ákvörðun verið tekin að fara í tímabæra heildarendurskoðun á þeim lagabálkum sem snúa að dýraheilbrigði. Sú vinna er umfangsmikil, og liggur því ekki ljóst fyrir á þessari stundu hvenær henni lýkur", sagði þá í svarinu úr ráðuneytinu.



Gimsteinn frá Þernunesi er með ARR-arfgerð, sem er viðurkennd verndandi gegn riðusmiti. Hann var næstvinsælasti sæðingahrútur sæðingastöðvanna í síðustu vertíð. Mynd / Eyþór Einarsson.

Mikið ræktunarstarf hefur síðan verið unnið og von er á þúsundum lamba í vor þar sem líkur eru á að beri ýmist verndandi arfgerðir eða mögulega verndandi arfgerðir. Samkvæmt núverandi reglugerð verður að skera niður allt fé í hjörðum þar sem riða kemur upp. Í nýlegu svari ráðuneytisins um stöðu málsins kemur fram að ráðuneytið vinni nú að því í samvinnu við yfirdýralækni. Búast megi við breytingum á reglum þar sem tekið verður tillit til þessara hagsmuna. /smh

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Örmerkingarmönnum hrossa býðst samstarf við Matís

Nýtt verklag varðandi DNA-sýnatökur hrossa var ýtt úr vör hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sl. mánudag, 6. mars.

Nú býður Matís öllum aðilum sem hafa réttindi til örmerkinga hrossa á Íslandi að stofna til viðskipta og að skila DNA-sýnum inn til greiningar og úrvinnslu. Niðurstöður sýna eru vistaðar í upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFeng.

„Fram til þessa hefur sýnataka úr hrossum, til úrvinnslu Matís, einvörðungu verið á hendi dýralækna, starfsfólks RML og Búnaðarsambanda en með stærri hópi sýnatökufólks standa vonir til að fjölga megi sýnatökum til muna; fjölga DNA-greindum hrossum. Ath. að hér ræðir um stroksýni úr nösum hrossa (eða hársýni) en blóðsýnatökur eru eingöngu á hendi dýralækna.

Starfandi og virkir örmerkingamenn ættu flestir að hafa allt sem til þarf, þekkingu á skráningarferli í WFeng, aðgengi að örmerkjaskanna og möguleikann á að örmerkja hross samhliða sýnatöku en það er ófrávíkjanleg krafa að sýni eru eingöngu tekin úr þegar örmerktum gripum," segir í tilkynningu frá RML.



Nýtt verklag varðandi DNA-sýnatökur var ýtt úr vör hjá RML í vikunni. Mynd / Aðsend

Áhugasamir örmerkingamenn eru hvattir til að setja sig í samband sérfræðinga Matís til að fá frekari upplýsingar og nálgast sýnatökubúnað.


limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Frakkland:

Vilja hamla innflutning

Erfitt er að finna magntölur yfir úkraínska kjúklingaframleiðslu en því er haldið fram að landið sé þriðji stærsti birgirinn í Evrópu, utan Evrópusambandsins.

Árið 2021 voru flutt um 259.000 tonn af alifuglakjöti til ESB frá Úkraínu. Einn stór framleiðandi, Myroniscsky Hliboproduct (MHP), er með yfirburðastöðu á markaðnum. Sá framleiðandi er lóðrétt samþættur, þ.e.a.s. hann getur ræktað sitt eigið fóður, ræktað og slátrað kjúklingum og síðan selt og dreift kjötinu eftir eigin flutninga- og frystigeymslukerfi, innanlands og utan.

Árið 2022 hefur kjúklingakjötsframleiðsla í Úkraínu haldist stöðug þrátt fyrir stríðsátök. Minni innlend eftirspurn leiddi til meiri útflutnings og sérstaklega eftir að Evrópusambandið afnam tolla á úkraínskar vörur. Fréttamiðillinn *Reuters* segir frá því að hækkandi



Einn stór framleiðandi MHP er með yfirburðastöðu á úkraínska kjúklingamarkaðnum. Mynd / MHP

kostnaður í franskri kjúklingarækt sökum fóður- og orkuverðshækkana, sem og samkeppni við ódýrt innflutt kjöt, sé að ganga fram af þarlendum alifuglabændum. Samtök franskra kjúklingabænda hafa því beðið ESB að virkja varúðarreglu tollaniðurfellingarinnar þar sem hún er farin að valda framleiðendum tjóni. Slíkan fyrirvara er ekki að finna í íslensku reglugerðinni. */ghp*

Mengun:

Plastagnir sýkja sjófugla

Ný meinsemd sem rakin er til plastagna hefur fundist í sjófuglum og lýsir sér sem sár eða ör í meltingarvegi fuglanna.

Opin sár í meltingarveginum auka líkurnar á sýkingum og eitrun af völdum mengandi efna í fæðu fuglanna.

Plastmengun í sjó er gríðarlegt áhyggjuefni og plast nánast orðið hluti af fæðu margra tegunda sjófugla. Að sögn fuglafræðinga á Bretlandseyjum finnast plastagnir í meltingarvegi sjófugla á öllum aldri við strendur landsins.

Agnirnar berast í unga með fæðu sem foreldrarnir færa þeim og særa meltingarvef unganna og gerir þá þróttminni fyrir sýkingum.



Plastagnir finnast víða um heim í meltingarvegi sjófugla. Mynd / VH

Samkvæmt rannsóknum er greinilegt samhengi milli þess hversu mikið af plasti finnst í skít fuglanna og sára í meltingarvegi þeirra. Auk þess sem plastagnirnar valda bólgum og draga úr getu fuglanna til að melta fæðuna og taka upp næringarefni. */VH*

Evrópa:

Upprunamerking eftirsótt

Evrópskur almenningur er tilbúinn til að borga meira fyrir matvæli með merki sem vottar tengingu við ákveðið hérað.

Neytendur eru einnig líklegri til að velja upprunamerktar vörur frá landsvæði sem þeir þekkja. Þetta kemur fram í nýjustu Eurobarometer skoðanakönnuninni.

Nýverið fékk franska vínhéraðið Corrèze staðfestingu á að stunda einstaka matvælaframleiðslu. Þar með hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefið 3.500 matvælum þessa vottun.

Framleiðendur þaðan fá heimild til að nota upprunamerkið þess til staðfestingar, að gefnum ströngum skilyrðum og vottun frá óháðum aðila.

Áður hafa matvæli eins og Feta ostur, ítalskar Parmaskinkur og sænskur vodki fengið upprunamerkingu. */ÁL*



Bretlandseyjar:

Skortur á grænmeti

Skortur er víða á grænmeti og ávöxtum í verslunum á Bretlandseyjum, dagamunur er á framboði þess og verð hefur hækkað.

Neytendur á Bretlandseyjum sem vanir eru góðu úrvali í verslunum segja að framboð á fersku grænmeti hafi dregist saman undanfarið, gæði þess hafi minnkað og verð hækkað. Í breskum fjölmiðlum kemur fram að suma daga sé í boði spergilkál og púrra en engir tómatar né salat og daginn eftir snúist dæmið við og stundum séu grænmetishillur verslana tómar.

Talsmenn verslunarinnar segja sitt á hvað að ástæða skorts á grænmeti stafi af völdum slæms árferðis þar sem grænmetið er ræktað en aðrir segja útgöngu Breta úr Evrópusambandinu hafa dregið úr vöruúrvali og hækkað verð. Verslanir hafa einnig gripið til skömmtunar með því að takmarka það magn af grænmeti sem fólk og veitingahús mega kaupa.



Hillur í grænmetisdeildum verslana á Bretlandseyjum eru víða tómar vegna skorts á grænmeti og ávöxtum. Mynd / Claudio Schwarz

Borðið rófur

Í svari umhverfis- og matvælaráðherra Breta, Thérèse Coffey, vegna málsins, sagði hún mikilvægt að landar hennar bregðist við skortinum með því að borða meira af innlendu grænmeti eins og rófum í stað þess að reiða sig á innflutning.

Ráðamenn hafa einnig sagt að skorturinn sé tímabundinn þrátt fyrir vísbendingar um að málið sé mun alvarlegra en þeir vilja viðurkenna.

Bent hefur verið á að skorturinn sé svipaður og var í upphafi Covid og að mest vöntun sé á grænmeti sem einungis er hægt að rækta á Bretlandseyjum í gróðurhúsum yfir köldustu mánuði ársins.

Allt að 70% minni uppskera

Tölur um ræktun grænmetis og ávaxta á Spáni og í Marokkó, þaðan sem Breta flytja mikið inn, sýna að kalt veður hefur dregið úr uppskeru á papriku, salati og agúrkum um allt að 70%. Einnig hefur verið bent á að á síðustu áratugum hafi Bretar vanist því að geta fengið ferskt grænmeti og ávexti árið um kring og að ólíkt því sem áður var séu þeir ekki lengur sjálfbærir með framleiðslu og treysti því mikið á innflutning.

Til skamms tíma hafa Bretar getað flutt inn ódýrt grænmeti, til dæmis tómata, sem þó er hægt að rækta innanlands. En vegna lágs verðs á innfluttum vörum hefur dregið verulega úr innanlandsframleiðslu.

Auk þess hefur orkukostnaður rokið upp sem gerir breskum bændum enn erfiðar fyrir og dregur enn frekar úr framleiðslu innanlands. Það verð sem verslunin er reiðubúin að greiða fyrir vörur dugar ekki fyrir framleiðslukostnaði.

Talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda

Bændur hafa lengi talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda þegar þeir hafa varað við að núverandi staða gæti komið upp ef treyst væri of mikið á innflutning matvæla. Launakostnaður í landbúnaði á Bretlandseyjum hefur hækkað eftir úrsögn Breta úr Evrópusambandinu, meðal annars vegna þess að áður gátu bændur þar reitt sig á erlenda farandverkamenn sem leituðu til landsins og voru viljugir til að vinna fyrir lág laun.

Bresku bændasamtökin segja að vegna þessa nái bændur oft ekki uppskeru sinni í hús áður en hún skemmist og milljónir tonna af grænmeti og ávöxtum rotni úti á ökrum. Á sama tíma hefur kostnaður vegna útflutnings landa í Evrópusambandinu til Bretlandseyja hækkað eftir úrsögn þeirra úr sambandinu.

Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að styðja ekki við innlenda matvælaframleiðslu með því að styrkja bændur í viðleitni þeirra til að fara út í aðgerðir til að lækka kostnað við framleiðsluna.

Ekki síst í ljósi þess að Bretland er eyja og í dag háð meginlandi Evrópu með matvæli og að ekki er talið að draga muni úr þeirri þörf á næstu misserum.

Til að draga úr skortinum er því nauðsynlegt að auka innlenda framleiðslu og greiða framleiðendum verð sem standi undir kostnaði. */VH*

Fuglaflensa:

Hæsta viðbúnaðarstig

– Möguleiki á aðlögun veirunnar að spendýrum og fólki

Skætt afbrigði fuglaflensu, sem geisað hefur í Evrópu síðan haustið 2021, heldur áfram að breiðast út.

Talið er að yfir 58 milljónir alifugla hafi sýkst í Bandaríkjunum á síðasta ári. Fuglaflensa hefur valdið dauða ótalinna fjölda villtra fugla og miklu tjóni í alifuglarækt víða um heim.

Á vef Matvælastofnunar segir að í gildi sé hæsta viðbúnaðarstig vegna fuglaflensu hér á landi og sérstakar reglur um sóttvarnir í gildi.

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin vakti nýlega athygli á að það afbrigði fuglaflensuveirunnar sem mest ber á um þessar mundir, H1N5, geti mögulega farið að aðlagast spendýrum og fólki. Um þetta er jafnframt fjallað í nýjustu stöðuskýrslu Matvæla- öryggisstofnunar Evrópu um fuglaflensu þar sem segir að í þeim fuglaflensuveirum sem greinst hafa í húsdýrum og villtum spendýrum sjáist erfðafræðileg merki um aðlögun að þessum dýrum.

Dauðsfall í Kambódíu

Samkvæmt frétt á Reuters fyrir skömmu lést ellefu ára gömul stúlka í Kambódíu eftir að hafa smitast af H5N1 afbrigði fuglaflensunnar. Að minnsta kosti tólf úr nærumhverfi stúlkunnar hafa greinst með veiruna og er það í fyrsta sinn í landinu sem fuglaflensa hefur greinst í fólki.

Fuglaflensufaraldur í Bandaríkjunum

New York Times sagði frá því fyrir stuttu að fuglaflensa hefði herjað í Bandaríkjum Norður-Ameríku frá því snemma á síðasta ári og talið er að hún hafi sýkt meira en 58 milljón alifugla í 47 ríkjum, auk ótalinna villtra fugla. Flensan hefur einnig verið greind í villtum spendýrum eins og þvottabjörnum, refum, minkum og skógarbjörnum í Norður-Ameríku.

Sérfræðingar í sóttvörnum í Bandaríkjunum eru varkárir í tali þegar þeir tala um möguleg smit flensunnar í fólk og segja það sjaldgæft en mögulegt. Á sama tíma hafa þeir hvatt lyfjafyrirtæki til að hefja rannsóknir og framleiðslu á bóluefni fyrir fólk gegn fuglaflensu.

Fjöldi fólks í alifuglaeldi þar sem fuglaflensa hefur komið upp er vaktað og á einni viku komu upp 163 tilfelli sem sýndi einkenni flensunnar en aðeins einn reyndist sýktur.

Tilraunir hafa verið gerðar með bólusetningu alifugla og í gangi eru viðræður milli yfirvalda dýraheilbrigðis og fulltrúa kjúklingabænda um að bólusetja alla alifugla gegn flensunni. Andstæðingar bólusetningarinnar segja að með henni takmarki Bandaríkin möguleika sína á útflutningi alifugla og það muni draga úr tekjum framleiðendanna.

Ýtrustu sóttvarnir

Á heimasíðu Mast eru íslenskir alifuglaeigendur minntir á að gæta ýtrustu sóttvarna og tilkynna um grunsamleg veikindi eða aukningu í dauða alifugla án tafar til Matvælastofnunar. Almenningur er beðinn um að halda áfram að tilkynna um dauða og veika villta fugla til stofnunarinnar.

Þar segir að fuglaflensan hafi greinst í fjölda villtra fugla og leikið sumar tegundir mjög grátt hér á landi. Alifuglar hafa sloppið fram til þessa að undanskildum nokkrum heimilishænum á einum stað.

Miðað við hversu mikið virðist vera um fuglaflensu í villtu fuglunum er álitið að smithætta fyrir alifugla sé töluverð. Góðum sóttvörnum á stóru alifuglabúunum er án efa að þakka að smitið hafi ekki borist inn á þau. */VH*

BÚNAÐARÞING 2023

Hótel Natura Reykjavík

30.-31.mars

Þingsetning: 30.mars klukkan 11

Ávörp flytja forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir

Nánari upplýsingar á **bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

NYTJAR HAFSINS

Auðlindin „okkar“



Arthur Bogason
arthur@smabatar.is



„Ég lít svo á að það sé frumburðarréttur hvers einasta samlanda míns að mega róa til fiskjar með handfærum, hefja þannig útgerð og afla sér lífsviðurværis.“
Mynd / VH

Í lok maí 2022 skipaði matvælaráðherra fjölmennustu sveit frá upphafi kvótakerfisins (1984) til að ná sátt um sjávarútvegsmálin. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slík tilraun er gerð.

Matvælaráðherra skipaði fimm hópa, þ.e. fjóra starfshópa og samráðsnefnd, samtals 46 einstaklinga. Í starfshópana fjóra sem bera nöfnin „Umgengni“, „Samfélag“, „Aðgengi“ og „Tækifæri“ var skipaður 21 einstaklingur og í „samráðsnefndina“ 30. Nokkrir úr starfshópunum eru einnig í samráðsnefndinni.

Aðdragandi þessa er sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf sitjandi ríkisstjórnar.

Þar segir á blaðsíðu 15 í sáttmálanum: „Viljum skapa sátt um nýtingu auðlinda“ og á blaðsíðu 54: „Nefndinni verði falið að bera saman stöðuna hér og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar.“

Ástæða þessara setninga í sáttmálanum er einföld; um kvótakerfið ríkir ekki „samfélagsleg sátt“, tæpum fjórum áratugum eftir að það var leitt í lög (til bráðabirgða, svo því sé haldið til haga).

Fyrir stuttu skiluðu starfshóparnir fjórir samtals 60 „bráðabirgðaniðurstöðum“. Einhverjum var falið að flokka þær, annars vegar til **úrvinnslu** og hins vegar til **umræðu.**

Ekkert samráð við samráðsnefndina

Í því sambandi var ekkert samráð haft við samráðsnefndina, svo sérkennilega sem það hljómar. Tilvist hennar og tilgangur missti á þeim tímapunkti stóran hluta þeirrar tiltrúar sem ég hafði á þessu tilstandi.

Samráðsnefndin hefur fundað nokkrum sinnum, en eftir því sem þeim hittingum fjölgar verður mér óljósara hvert er raunverulegt hlutverk hennar.

Það er athyglisvert að af þessum 60 tillögum flokkast 22 til umræðu en 38 til úrvinnslu. Hvernig ber mér að skilja þetta? Er okkur í samráðsnefndinni ætlað að hittast í huggulegu kaffispjalli yfir þessum 22 tillögum sem eftir eru til umræðu?

Fyrir síðasta fund (23. febrúar sl.) var okkur tilkynnt með tölvupósti að hver og einn hefði tvær mínútur til að tjá sig, hugsanlega tvisvar, ef vel viðraði. Ég upplifði í fyrsta skipti að vera gefinn kostur á að setja mig á mælendaskrá með beiðni í gegnum tölvupóst.

220 blaðsíðna bæklingur

Staðan í þessu vinnuferli er kölluð hálfleikur. Í tilefni tímamótanna var prentaður 220 blaðsíðna bæklingur í a5 broti, með hátt í 80 ljósmyndum, ótal fagurlega uppsettum gröfum og táknmyndum. Sem dæmi um smekkinn – eða smekkleysið, öllu heldur: á blaðsíðu 56, undir liðnum „rannsóknir á umhverfisspjöllum veiðarfæra“ töldu hönnuðir bæklingsins tilhlýðiegt að nota öngul sem táknmynd. Öngullinn er það veiðarfæri sem veldur minnstu raski í hafrýminu.

Hver skrifaði verkið, ritstýrði því eða hannaði kemur hvergi fram. Það er hins vegar augljóst að dagskipun þeirra sem þar komu að verki var rækilega meitluð í stein: að fegra aflamarkskerfið og smætta strandveiðar og hinn svokallaða „félagslega“ hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins (strandveiðar, byggðakvótar o.fl.), sem er u.þ.b. 1/20 af aflaheimildum til botnfiskveiða.

Bæklingurinn endurspeglar að niðurstaða þessa tilstands var fyrirfram ákveðin. Hann endurspeglar jafnframt að erfiðu spurningarnar varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið eru sniðgengnar. Þar skal engu hróflað.

Þetta sést best í tillögu nr. 17 í bæklingnum:

„Viðhalda aflamarkskerfinu“

Tillagan er til **úrvinnslu,** ekki umræðu. Hefur það farið framhjá einum einasta Íslendingi að aflamarkskerfið er rót ósættisins?

Á blaðsíðu 96 segir eftirfarandi um afla strandveiðibáta og gæsalappir settar utan um:

„Veiðist á vondum tíma, vont hráefni, oft mikill ormur og svona má lengi telja.“

Þeir sem ritstýrðu bæklingnum og hönnuðu, töldu greinilega nauðsynlegt að hafa þetta orðrétt eftir henni/honum sem þetta sagði. Þeir sáu hins vegar enga ástæðu til að vitna í ummæli þeirra sem kaupa afla strandveiðibáta til að fullnægja dýrustu ferskflakamörkuðum heims. Hvað þá að geta þess að stórútgerðin kaupir þennan afla í stórum stíl inn í sínar landvinnslur.

Bæklingurinn er grímulaus áróður fyrir óbreyttu ástandi –og gott betur: þarna er að finna tillögur um að slá strandveiðikerfið af og færa allar veiðiheimildir inn í aflamarkskerfið.

Ég hef átt samtöl við útgerðarmenn og skipstjóra stærri báta og skipa sem velkjast ekki í vafa um að strandveiðikerfið hefur minnkað ósættið um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þeir eru sammála því að það þurfi „opinn glugga“ fyrir þá sem vilja koma undir sig fótunum í fiskveiðum og byrja smátt.

Ég lít svo á að það sé frumburðarréttur hvers einasta samlanda míns að mega róa til fiskjar með handfærum, hefja þannig útgerð og afla sér lífsviðurværis. Ég er ekki að fara fram á að einhverjum einstaklingum verði gefið sérstakt forskot á aðra með loftfimleikum á borð við þá sem boðið var upp á í upphafi kerfisins, eins og skipstjórakvótum.

Þeir sem óttast að miðin fyllist af bandóðum trillukörlum eru ekki í neinum tengslum við raunveruleikann. Þessi áróður var rekinn gegn strandveiðikerfinu þegar það var sett á laggirnar árið 2009, en rættist að sjálfsögðu aldrei.

Umgengni

Á fundi samráðsnefndarinnar hinn 23. febrúar sl. voru til umfjöllunar tillögur starfshópsins „Umgengni“.

Það er athyglisvert að skoða listann yfir þá sem sá hópur valdi til viðræðna.

Allt frá stofnári Landssambands smábátaeigenda (1985) hefur félagið, fyrst allra félagasamtaka í sjávarútvegi, krafist þess að umhverfisáhrif veiðarfæra verði rannsökuð. Þessi krafa LS vakti vægast sagt takmarkaða gleði stórútgerðarinnar á sínum tíma – og gerir enn.

„Umgengnis“ starfshópurinn tók þá ákvörðun að ekki tæki því að bjóða Landssambandi smábátaeigenda (LS) til viðræðna. Eru það skilaboð um að ábendingar félagsins um að það skipti máli hvernig er veitt séu ekki þess virði að ræða frekar?

Á þessum fundi „Auðlindarinnar okkar“ krafðist ég skýringa á óhróðrinum sem fram kemur í bæklingnum framangreinda um gæði afla strandveiðibáta.

Tvennt kom fram: annars vegar var vitnað til skýrslu frá árinu 2011 (tveimur árum eftir að strandveiðikerfið var sett á fót, 12 ára gömul skýrsla) og hins vegar að á hringferð um landið hefði starfshópurinn „heyrt“ hitt og þetta.

Samandregið: „Umgengnis-starfshópurinn“ fór í reisu hringinn í kringum landið, punktaði hjá sér þvælu á borð við framangreint, færði til bókar ásamt því að glugga í tólf ára gamla skýrslu. Hvergi er að finna tilmæli um bætta aflameðferð annarra fiskiskipa. Ég leyfi mér að fullyrða að starfshópurinn hafði ekki fyrir því að kíkja inn á fiskmarkaði landsins til að líta eigin augum muninn á t.d. ýsu úr togbátum/skipum annars vegar og línubátum hins vegar.

Eru þetta fagleg vinnubrögð? Stendur starfshópurinn stoltur eftir? Er þetta aðferðafræði sem vísindamenn vilja skilja eftir sem fordæmi til komandi kynslóða?

Á þessum sama fundi bað ég um skýringar á því hvers vegna hvergi væri minnst á greinina sem birtist í vísindatímaritinu *Nature* um kolefnisfótspor togveiða.

Í henni er fullyrt að botnrót trollveiðarfæra ylli jafn mikilli kolefnislosun og allt flug í heiminum. Svarið var að „þessi grein væri umdeild“. Ekkert að því, en væri þá ekki tilhlýðilegt að vísa í gögn þar um?

Og talandi um það sem er „umdeilt“. Er aflamarkskerfið ekki umdeilt (sem samkvæmt framangreindu ber að viðhalda)? Er ráðgjöf Hafró ekki umdeild?

Íslendingar stunda orðhengilsháttt

Nóbelsskáldið, Halldór Laxness, orðaði það svo fyrir margt löngu að það hefði lengi loðað við Íslendinga að stunda orðhengilsháttt og deila um tittlingaskít sem kæmi málinu ekki við, en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls.

Þessi lýsing Halldórs virðist eiga prýðilega við í þessu sambandi.

Svo undarlega sem það hljómar þá eru aðeins 12 tillögur af þessum 60 sem beinlínis fjalla um fiskveiðistjórnunarkerfið. Og þar af helmingurinn um 5,3% „félagslega“ hluta þess.

Starfshóparnir fjórir forðast stærstu og erfiðustu spurningarnar eins og heitan eldinn:

1. Hver er árangur ráðgjafarstarfs Hafrannsóknastofnunar?
2. Er þjóðarsátt um fiskveiðistjórnunarkerfið?

Þessar lykilspurningar er hvergi að finna, en sú mikilvægasta sem ég hefði haldið að ætti að svífa yfir vötnunum er þessi:

Er staðan í „hálfleik“ líkleg til að yfirlýsingin í ríkisstjórnarsáttmálanum **(Viljum skapa sátt um nýtingu auðlinda)** fái kjöt á beinin?

Arthur Bogason,
formaður Landssambands smábátaeigenda.



VEIÐIFÉLAGAR FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Grafskrift og uppsetning innifalin
á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
eða frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar



Sett eins og á ljósmynd 663.000



465.000



695.000



280.000



385.000



580.000



595.000



210.000



440.000




165.000



190.000



385.000



410.000



VIÐHALDSFRÍIR
GARÐBEKKIR
ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift

í bak og sessu
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

249.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Nýr veruleiki á nautakjötsmarkaði?

Afar áhugaverð staða er komin upp á nautakjötsmarkaðinum á Íslandi þar sem hækkandi verð á erlendu nautakjöti er ekki að draga úr vilja innflytjenda til að kaupa meira.

Almennt er viðskiptum á innfluttu nautakjöti hagað eins og um sé að ræða hefðbundna munaðarvöru. Það sem einkennir helst viðskipti með munaðarvöru umfram nauðsynjavöru er að þau bregðast frekar við verðbreytingum. Til dæmis kaupir fólk um það bil jafn mikið magn af klósettpappír og eldsneyti, sama hvernig verðið á þeim þróast, en ef verðið á bíómiðum hækkar er líklegra að fólk horfi frekar á myndir heima hjá sér. Tengist það því að annað er nauðsynjavara en hitt er munaðarvara. Undanfarin ár hefur sem sagt verið neikvætt samband á milli verðlags og magns á innfluttu nautakjöti en í fyrra færðist bæði hins vegar í sömu átt, magn jókst á sama tíma og verð hækkaði. Bendir þetta til þess að verið sé að kaupa nautakjöt á öðrum forsendum nú en áður.


Íslenskir bændur í nautakjötsframleiðslu benda á að þetta sé merki um hvernig hvatakerfi hafi verið beitt til þess að draga úr nautakjötsframleiðslu á landinu og að nú sé gat á markaðnum sem þurfi að fylla. Íslensk nautakjötsframleiðsla var minni árið 2022 en árið á undan og fækkun hefur verið á nautkálfum í eldi undanfarin tvö ár og því gæti framleiðsla minnkað enn frekar. Á sama tíma jókst stærð tollkvóta á nautakjöti meira en fjórfalt.


Hvatinn til að flytja inn hefur sjaldan eða aldrei verið meiri og til að ýta enn frekar undir innflutning jókst straumur ferðamanna mikið á milli ára. Nú neyðast og heild- og endursöluaðilar til að auka innflutning meira en þau hefðu eflaust kosið á þessu verðlagi til þess að mæta eftirspurn.





Hækkandi verð á erlendu nautakjöti er að draga úr kaupvilja innflytjenda.

Forvitnilegt verður að sjá hvernig þróun á nautakjötsmörkuðum verður á þessu ári og því næsta. Afurðastöðvar brugðust sumar hverjar við nautakjötsskorti í byrjun árs með því að bjóða bændum hærra afurðaverð og slá af kröfum um stærð gripa. Nautakjötsmarkaðurinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár og mögulegt er að nú sé nýr veruleiki genginn í garð fyrir íslenska nautakjötsbændur. */SFB*









Markaðir

Evra
€
149,9 kr

USD
$
140,55 kr

Pund
£
168,49 kr

95 okt bensín
322,5156 kr

Díesel
327,4506 kr

Mjólk (USD/100 pund)
17,63 USD

Korn (USD/sekkur)
6,79 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
29,1 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1368 AUD

Ostur (USD/pund)
1,81 USD

Smjör (EUR/tonn)
4875 EUR

Milwaukee®

NÝTT

M18 FUEL
SLEÐASÖG

- SKILAR SAMBÆRILEGUM KRAFTI OG SNÚRUSÖG Í SAMA FLOKKI
- SAGAR UM 45 METRA AF 18 MM KROSSVIÐ Á EINNI 5,5 AH RAFHLÖÐU
- HÆGT ER AÐ SAGA AÐEINS 12 MM FRÁ VEGG
- STILLANLEGUR HRAÐI FRÁ 2500 TIL 5600 SN/MÍN.
- ÞVERMÁL BLAÐS: 165 MM
- ÞYNGD MEÐ RAFHLÖÐUPAKKA: 4,9 KG. (M18 5,5AH)

SKANNAÐU OG SKOÐAÐU NÁNAR



M18™ EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 255 VERKFÆRI

M12™ EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 110 VERKFÆRI

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Neytendur:

Matvæli undir fölsku flaggi

– Um upprunamerkingar og skort á þeim

Uppruni matvæla skiptir neytendur miklu máli. Ákveðnar reglur gilda um merkingar matvæla, en skyldumerkingar gera vörunum oft ekki nægjanleg skil. Á það bendir formaður samráðshóps um betri merkingar matvæla. Á meðan óunnum vörum sé gert að vera merkt uppruna gegnir öðru máli um það sem skilgreint er unnið. Fyrirtækjum er í sjálfsvald sett hvaða umfram upplýsingar þær setja fram á vörur sem þær vinna að litlu leyti. Neytendum er svo látið í té að velja sér matvörur út frá gefnum upplýsingum – eða skorti á þeim.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um upprunamerkingar kjöts í matvöru, viðhorfi neytenda, hagkvæmni og áhrif slíkra merkinga, segir að neytendur séu almennt nærmari gagnvart uppruna matvæla. Slíkt næmi birtist í meiri meðvitund og kröfu neytenda um upprunamerkingar. Neytendur vilja upplýsingar um uppruna, innihald og kolefnisspor landbúnaðarafurða svo þeir geta meðvitað valið hvað þeir leggja sér til munns.

Matvælafyrirtæki fara ekki varhluta af því og nýta upprunavörumerki sér til hagsbóta. Markaðslegt forskot getur falist í matvöru frá tilteknum löndum, neytendur treysta misvel matvælaframleiðslu ákveðinna landa og landsvæða. Þannig hafa sum lönd og svæði byggt upp sérstöðu sem neytendur treysta og kjósa umfram sambærilegar vörur frá öðrum svæðum. Samkvæmt eðli hagfræðinnar hækkar virði eftirsóknarverðra vara. Öðru máli gildir um uppruna, innihald og kolefnisspor þeirra matvæla sem gætu latt neytendur til kaups og neyslu. Þá er oft betra fyrir fyrirtæki að nýta gloppur í löggjöf og sleppa því að upplýsa væntanlega neytendur.

Tölur sem tala

Fjölmargar kannanir staðfesta að neytendur vilja vita hvaðan maturinn þeirra kemur og undir hvaða kringumstæðum hann er framleiddur. Dæmi um það er afgerandi afstaða neytenda í könnun Maskínu árið 2018 þar sem 96,6% svarenda töldu að merkja ætti upprunaland matvöru í verslunum, 77,1% taldi rétt að merkja upprunaland matvöru á veitingahúsum og 72,4% töldu að merkja ætti matvöru í mötuneytum.

Í könnun Gallup frá árinu 2021 sögðu tæp 90% svarenda að upprunamerkingar væru mikilvægar. Ríflega 80% neytenda sögðust kjósa íslenskar vörur í verslunum væri þess kostur og 63% svarenda óskuðu þess að innlendar matvörur væru upprunamerktar. Rúm 70% svarenda sögðust óánægðir með að erlendar kjötafurðir væru seldar undir íslenskum vörumerkjum.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) benda á það í umsögn sinni um nýja þingsályktunartillögu um matvælastefnu að samkvæmt könnun Gallup í ágúst 2016 skiptir uppruni landbúnaðarafurða íslenska neytendur miklu máli en þá svöruðu 82,2% því að þeir veldu eingöngu, mun frekar eða frekar íslenskt kjöt en erlent þegar verslað er og 88,3% sögðu það skipta öllu, mjög miklu eða frekar miklu máli að upplýsingar um uppruna væru á umbúðunum.

Þær reglur sem gilda

Ísland innleiddi matvælalöggjöf Evrópusambandsins árið 2014. Innan hennar gilda reglur um merkingar matvæla. Engar sérreglur eru um merkingar matvæla hér á landi, enda er sameiginleg löggjöf innan Evrópusambandslandanna til þess gerð að samræmi sé í regluverki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með merkingum matvæla. Á vefsíðu MAST er hægt að nálgast skýringar á reglunum. Eingöngu er skylt að merkja uppruna flestra ferskra matjurta, hunangs og óunnins kjöts af nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og alifuglum.

Munurinn á unnu og óunnu

Í reglugerðunum um upprunamerkingar á kjöti er krafan um upprunamerkingar einskorðuð við tiltekinn tollflokk. Undir þann flokk falla einungis óunnar afurðir, kældar eða frystar. Óunnið kjöt telst allt það sem eingöngu er skorið eða hakkað. Um leið og kjötið hefur verið kryddað, pæklað, sprautusaltað eða bætt í það aukaefnum er það ekki lengur óunnið.

Unnin matvæli lúta ekki kröfu um upprunamerkingu og er því framleiðanda vörunnar í sjálfsvald sett hvort upplýst sé um uppruna hráefnisins.

Í reglugerðum er hægt að finna nánari skilgreiningar á hvað telst til óunninna og unninna vara en einfalt er að skilja það svona:

Ef innihaldslýsingar er þörf, þá er kjötið unnið.



Vinstra megin er þýskt grísakjöt notað í beikon undir íslensku vörumerki. Efri vara hægra megin eru beikonteningar upprunamerktir íslenskir með fánarönd. Sú neðri er beikonvara sem kölluð er dönsk með kjöti upprunnu í Þýskalandi.



Unnið og óunnið, íslenskt og innflutt ægir saman í matvöruverslunum. Upprunamerkja þarf alla óunna vöru. Ekki er skylda að upprunamerkja unna vöru. Fyrirtæki geta valið að upprunamerkja unnar vörur. Tilhneigingin hefur verið að merkja það sem íslenskt er en fyrirtæki eru í vaxandi mæli að merkja uppruna allra kjötvara.



Oddný Anna Björnsdóttir var formaður og verkefnisstjóri samráðshóps um betri merkingar matvæla.

Heiðursmannasamkomulag og samráðshópur

Í febrúar árið 2019 var undirritað samkomulag milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bændasamtaka Íslands, Neytendasamtakanna, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka iðnaðarins þess efnis að gerð yrði gangskör í því að bæta merkingar á matvælum og tryggja þannig betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif þeirra.

Í kjölfarið var stofnaður samráðshópur um betri merkingar matvæla sem starfaði á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á tímabilinu apríl 2019 til febrúarmánaðar 2020. Afurð starfs hópsins er skýrsla sem kom út í september árið 2020. Þar voru lagðar fram tólf tillögur til að bæta merkingar matvæla. Oddný Anna Björnsdóttir var formaður og verkefnisstjóri samráðshópsins.

Það sem þarf ekki

Tillögurnar tólf sneru að bættri merkingalöggjöf, tæknilausnum sem aukið gætu upplýsingagjöf um matvæli til neyt enda og notkun á valkvæðum merkingum. Auk þess lagði hópurinn til átaksverkefni til að tryggja betri meðvitund neytenda á rétt sínum til upplýsinga um matvæli.



Skýr upplýsingagjöf er forsenda fyrir því að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um vöruval, segir Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra.

Oddný Anna bendir á að innleiðing hinnar svokölluðu merkingareglugerðar árið 2014 hafi verið mikið framfaraskref fyrir neytendur hér á landi. Í henni séu mun meiri kröfur gerðar til merkingar matvæla en áður voru og hvetur neytendur til að kynna sér hvaða upplýsingum þeir eigi rétt á, á vef Matvælastofnunar. Sem dæmi séu innihaldslýsingar orðnar fastmótaðri, ofnæmis- og óþolsvaldar sýnilegri, skýrar reglur um næringar- og heilsufullyrðingar og næringargildistaflan staðlaðri.

„Að mínu mati er reglugerðin skýr og engin sérstök vafaatriði í henni, en það þarf að sjá til þess að farið sé eftir reglunum," segir Oddný.

Fánaröndin getur verið blekkjandi

Íslenska fánaröndin er mikið notuð á matvæli íslenskra fyrirtækja og sjást tíðum í matvörubúðum. Í lögum um þjóðfána kemur fram að heimilt sé að nota fánamerkingu sé vara framleidd á Íslandi úr innlendu hráefni, en einnig ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni hafi hún hlotið „nægilega aðvinnslu" hérlendis. Þó er þar tilgreint að vara teljist ekki íslensk, og megi þar af leiðandi ekki bera þjóðfánann, sé hún framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og sé eðlislík vöru sem ræktuð er og framleidd hér á landi.

Íslensk framleiðslufyrirtæki sem nota innflutt hráefni geta sett íslenska fánann á vörur sínar ef uppistöðuhráefnið er ekki eðlislíkt íslenskri búvöru. Mörg dæmi eru hins vegar um að þjóðfáninn sé misnotaður en viðurlög við slíkum brotum virðast lítil. „Það virðist vera mjög lítil áhætta að brjóta þessa reglu. Ef þú ert með vanmerkta vöru með óþolsvalda þá er hún innkölluð hin snarasta. En ég hef hins vegar ekki heyrt af innköllun á vöru sem var merkt íslenska fánanum sem talið var villandi," segir Oddný.

Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu hafa þrettán fyrirspurnir og ábendingar borist varðandi villandi framsetningu, upprunamerkingar eða markaðssetningu á búvöru síðan skýrslu samráðshópsins var skilað árið 2020. Tekin hafa verið fyrir tvö mál til meðferðar sem snúa að notkun þjóðfánans, á ullarsæng og á umbúðum hóffylliefnis. Í fyrrnefnda tilvikinu var niðurstaða stofnunarinnar að notkun fánans væri réttmæt en í því síðarnefnda var látið af notkuninni. Stofnunin hefur ekki beitt sekt í málum sem þessum sem snúa að búvöru en samkvæmt lögum er Neytendastofu heimilt að leggja á stjórnvaldssektir, allt að 10 milljónir króna, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

Misfellurnar tvær

Þó réttur neytenda sé mikill samkvæmt merkingareglugerðinni stendur tvennt út af sem dregur úr möguleikum neytenda á upplýstu vali, að sögn Oddnýjar. „Annars vegar er ekki skylt að upprunamerkja búvörur á veitingastöðum, mötuneytum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli. Reglurnar eru þó þannig að þeir sem bjóða upp á matinn eiga að hafa upplýsingarnar til reiðu ef spurt er." Tilfinning hennar sé sú að mikill hluti kjöts á veitingastöðum og í mötuneytum sé innfluttur nema frá því sé sérstaklega sagt. „Ef þeir þurfa ekki að gefa það upp þá er enginn hvati til þess að nota íslenskt, nema staðurinn geri sérstaklega út á að bjóða upp á íslenskt."Hún sé þeirrar skoðunar að skylda ætti þessa staði til að hafa uppruna búvaranna sýnilegan. Ein tillaga samráðshópsins sneri einmitt að því að ráðherra skoðaði að taka upp hina svokölluðu „Finnsku leið" sem gangi út á að skylda þá til að upplýsa viðskiptavini sína um uppruna þess ferska kjöts og hakks sem þeir hafa á boðstólum, til dæmis á töflu eða í bæklingi. Það myndi bæta skilyrði og stöðu neytenda til að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun.

Hitt atriðið sem dregur úr möguleikum neytenda á upplýstu vali að mati Oddnýjar er að ekki þurfi að upprunamerkja unnar kjötvörur.

„Tilhneigingin er sú að þeir sem eru með unnar vörur úr íslensku kjöti segi frá því, en þeir sem eru ekki með íslenskt kjöt nýti sér gjarnan að þurfa



Ekki er skylt að upprunamerkja búvörur á veitingastöðum og mötuneytum. Reglurnar eru þó þannig að þeir sem bjóða upp á matinn eiga að hafa upplýsingarnar til reiðu.



Upprunamerkt íslenskt unnið lambalæri vinstra megin, óupprunamerkt unnið lamba prime hægra megin. Vörurnar eru unnar af sama fyrirtæki.

ekki að segja frá því. Samráðshópurinn hvatti framleiðendur til að merkja umfram skyldu til að koma til móts við kröfur neytenda og mér hefur í raun fundist það vera reglan fremur en undantekningin að sjá uppruna kjöts á vörum eins og beikoni í matvöruverslunum í dag. Mörg fyrirtæki eru að merkja, að minnsta kosti hluta af vörum sínum með upprunalandi, þó þeim sé það ekki skylt. En svo eru vörur inn á milli sem margir halda að séu íslenskar en eru það ekki, sem er auðvitað óásættanlegt.“

Hvetja framleiðendur til að ganga lengra en löggjöfin

Regluverkið nær eingöngu visst langt og eftirlitsaðilar geta ekki gert kröfur á fyrirtæki umfram það sem fram kemur í reglunum.

„Ísland getur ekki gert kröfu um að kjöt sem kemur hingað til lands og er þegar unnið sé upprunamerkt, þ.e. ekki gengið lengra hvað varðar vörur frá EES, vegna EES samningsins. En hvað varðar kjöt sem kemur hingað ferskt eða frosið og er svo unnið hérlendis ætti að vera hægt að setja sér íslenskar reglur um að það verði upprunamerkt þó það sé unnið hér. Það er spurning um vilja löggjafans til að setja strangari kröfur á íslenska framleiðendur en gert er á EES svæðinu,“ segir Katrín Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri hjá MAST.

Hún segir þó að Matvælastofnun hvetji framleiðendur til að ganga lengra í upplýsingagjöf en reglur kveða á um.

„Ef neytendur vilja alltaf vita hvaðan kjötið sem þeir neyta er upprunnið þá er leiðin að því annaðhvort að kaupa óunnið kjöt, sem á reglum samkvæmt að vera upprunamerkt, eða kaupa unnið kjöt sem er upprunamerkt þrátt fyrir að það sé ekki krafan. Neytendur ættu ekki að gera ráð fyrir að merkingar á íslensku eða íslensku fyrirtæki gefi til kynna kjöt af íslenskum uppruna.“

Gengur gróflega gegn hagsmunum neytenda

Þann 10. febrúar sl. birti matvælaráðherra á samráðsgátt drög að þingsályktunartillögum um matvælastefnu annars vegar og landbúnaðarstefnu hins vegar. Í báðum drögunum er vikið að upprunamerkingum.

Í þeirri fyrrnefndu er sagt að stuðla þurfi að því að neytendur séu vel upplýstir um uppruna, innihald og kolefnispor matvæla. Bændasamtök Íslands benda á það í umsögn að erfitt geti verið fyrir neytendur að átta sig á hvaðan matvælin koma.

„Fjölmörg dæmi eru um að matvælum sé stillt fram í verslunum með þeim hætti að erfitt er að gera greinarmun á innfluttum og innlendum vörum. Skýrt dæmi um það má oft finna í grænmetisborði verslana. Þar eru oft og iðulega grænir kassar merktir Sölufélagi garðyrkjumanna, undan íslensku grænmeti, endurnýttir undir innflutt grænmeti í lausu, hvaðanæva að í heiminum. Hafa margir bændur af þeim sökum kosið að pakka vörum sínum sjálfir, með tilheyrandi plastnotkun, því ekki sé hægt að treysta því að grænmeti í lausu sé ekki blandað saman við grænmeti með annan uppruna.

Starfsskilyrðin hér á landi eru önnur og notkun varnarefna í garðyrkju eru nær engin, sem tæplega er hægt að fullyrða með innflutta vöru. Blandaður uppruni og óljósar merkingar eru þannig fallnar til að neytendur taka ákvarðanir sem þeir myndu líklega aldrei taka væru þeir nægilega upplýstir.

Þá eru aðrar vörur seldar í umbúðum sem gefa til kynna að varan sé íslensk þegar raunin er önnur, og þá oftast með íslenska þjóðfánanum, eða án fána og óþægilega oft í nafni rótgróinna íslenskra vörumerkja.“

Samtökin víkja að notkun þjóðfánans á umbúðir vara og matvæla sem þau telja vera nánast stjórnlausa. Með breytingu á fánalögum árið 2016, á þann veg að heimilt var að nota þjóðfána í ríkari mæli í markaðssetningu og á umbúðir vara og matvæla, hefur notkun hans orðið nánast stjórnlaus.

„Fánalögin nr. 34/1944, ásamt reglugerð um notkun þjóðfánans í markaðssetningu, nr. 618/2017, setja ýmis skilyrði fyrir notkun, svo sem um nægilega aðvinnslu hérlendis. Er það eftirlátið dreifingaraðila að meta hvað sé nægileg aðvinnsla en augljóst má vera að innflutt blóm pökkuð í íslenska fánann uppfylla tæpast þau skilyrði. Eða þegar innflutt kjöt er kryddað, marinerað og umpakkað með íslenskum vörumerkjum. Þannig er hæpið að löglegt sé að gefa



Neytendur ættu ekki gera ráð fyrir að merkingar á íslensku eða íslensku fyrirtæki gefi til kynna kjöt af íslenskum uppruna, segir Katrín Guðjónsdóttir, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun.

í skyn að vara sé íslensk að uppruna þegar hún er merkt íslensku letri einu saman, undir íslensku vörumerki, sé innflutta hráefnið áfram einkennandi hluti vörunnar eða hún er eðlislík íslenskri búvöru eða eldisfisk. Þessu verður að breyta og lögin þarf að skýra með leiðbeiningum frá eftirlitsaðilum.

Þessi dæmi um villandi viðskiptahætti og markaðssetningu má finna á hverjum degi í nánast öllum verslunum með matvæli. Slíkt er ekki einungis andstætt settum reglum heldur gengur það gróflega gegn hagsmunum neytenda og skýlausum rétti þeirra til að vita hvað þeir láta ofan í sig.

Neytendum er þar með gert mun erfiðara fyrir með að taka upplýsta ákvörðun við val á matvælum með tilliti til uppruna og annarra eiginleika þeirra.“

Vilja skylda framleiðendur til að upprunamerkja

Í síðarnefndu drögunum að þingsályktunartillögu, landbúnaðarstefnunni, er stefnt að því að sérstaklega verði hugað að leiðum til að auðvelda neytendum að velja vörur eftir eigin gildum og afstöðu til landbúnaðarframleiðslu, m.a. með bættum upplýsingum um uppruna, innihald og kolefnisspor landbúnaðarafurða. Í greinargerð segir: „Neytendur munu gera auknar kröfur um öryggi og hollustuhætti í matvælaframleiðslu, sem og að hugað sé að sjálfbærni, kolefnisspori og umhverfisþáttum í allri virðiskeðju matvæla. Þá kalla neytendur eftir því í auknum mæli að upplýsingar um framangreint séu aðgengilegar. Hér liggja því mikil tækifæri fyrir innlenda landbúnaðarframleiðslu.“

Í umsögn sinni leggja Bændasamtök Íslands til að framleiðendur verði lögbundið skyldaðir til að upprunamerkja innlendar landbúnaðarvörur með upprunamerkinu Íslenskt staðfest auk þess sem skoðaður verði sá möguleiki að færa eftirlit með upprunamerkingum til Neytendastofu sem fái fjármagn og mannafla til eftirlits og skýrar og virkar heimildir til viðbragða.

Íslenskt staðfest er upprunamerki sem framleiðendur íslenskra búvara, matvæla og blóma geta notað ef þau uppfylla skilyrði um íslenskan uppruna. Kjöt, egg, sjávarafurðir og mjólk skulu vera í öllum tilfellum 100% íslenskt, en ef um samsetta vöru er að ræða má allt að 25% innihalds vera innflutt. Með notkun merkisins eiga neytendur að geta treyst því að varan sé sannanlega íslensk. Verið er að vinna í innleiðingu og merkingu fjölmargra vara með upprunamerkingunni og er von á frekari kynningu í tengslum við Búnaðarþingið í lok mars.

Matvælaráðuneytið mun beita sér fyrir bættri upplýsingagjöf

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra segir að skýr upplýsingagjöf sé forsenda fyrir því að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um vöruval.

„Ætla má að fyrirtæki muni í auknum mæli svara þessum kröfum, enda sé það í þeirra þágu.

Ráðuneyti mitt fylgist með þróun í því regluverki sem við erum aðilar að í gegnum EES samninginn og mun beita sér fyrir bættri upplýsingagjöf til neytenda eftir því sem tækifæri gefast.“



Villandi framsetning á hamborgurum merktum með íslenska fánanum.



Í DEIGLUNNI

Félagskerfi landbúnaðarins:

Hugmyndir að nýjum heildarsamtökum

– Formenn BÍ og SAFL sammála um að skýra þurfi leikreglur betur varðandi upprunamerkingar á innfluttum kjötvörum

Eftir þingsetningu búgreinaþings 2023, sem haldið var á Hótel Natura 22. febrúar, voru hugmyndir kynntar um ný heildarsamtök í landbúnaði sem yrðu byggð sameiginlega á Bændasamtökum Íslands (BÍ) og Samtökum fyrirtækja í landbúnaði (SAFL).

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi alþingismaður og landbúnaðarráðherra, fór þá yfir niðurstöður vinnu þeirra Sigurgeirs Þorgeirssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra BÍ og ráðuneytisstjóra í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, um möguleg ný landbúnaðarsamtök sem yrðu byggð á fyrirmynd dönsku heildarsamtakanna Landbrug & fødevarer frá árunum 2009–2022. Þá voru dönsku samtökin sett saman af tveimur stoðum; bændahlið og fyrirtækjahlið.

Þrisvar ályktað um málið á Búnaðarþingi

Í máli Steingríms kom fram að aðdraganda vinnunnar að þessum hugmyndum megi rekja til ályktana á undanförnum þremur Búnaðarþingum. Samtök fyrirtækja í landbúnaði hafi verið stofnuð snemma árs 2022 og í kjölfarið sótt um sjálfstæða aðild að Samtökum atvinnulífsins. Samtöl hafi síðan hafist milli BÍ og SAFL með milligöngu þeirra Steingríms og Sigurgeirs.

Steingrímur sagði að um síðustu áramót hafi tveggja stoða kerfi dönsku samtakanna verið afnumið og algjör samruni orðið þarna á milli. Samtökin séu öflug í almannatengslum og kynningarmálum, gagnvart almenningi, fjölmiðlum, stjórnvöldum og atvinnulífi.

Kynnisferð til Danmerkur

Fulltrúar frá BÍ og SAFL fóru kynnisferð til Danmerkur í nóvember og sagði Steingrímur að þar hafi komið fram að mikil áhersla sé lögð á að danskur landbúnaður komi fram sem samstillt heild. Ekki sé gert lítið úr þeirri vinnu sem sé fram undan við að stilla saman strengi, en þeir Steingrímur og Sigurgeir telja að það verði auðveldara þegar menn eru orðnir vanir hugsuninni um að allir séu saman í liði.

Markmið þessara breytinga er að nýta samanlagðan styrk bænda og fyrirtækja í þágu heildarhagsmuna landbúnaðarins.



Steingrímur J. Sigfússon kynnir hugmyndir að heildarsamtökum í landbúnaði. Myndir / smh



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að í fyrstu atrennu verði unnið að sameiginlegum afmörkuðum verkefnum.



Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga og formaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, í umræðum um hugmyndir þeirra Steingríms og Sigurgeirs að lokinni kynningunni á búgreinaþingi 2023.

Fáir starfsmenn í byrjun

Í hugmyndunum er gert ráð fyrir tilteknu fyrirkomulagi á rekstri heildarsamtakanna. Stjórnina myndu skipa formenn og varaformenn BÍ og SAFL – og einn stjórnarmaður frá hvorum aðila til viðbótar eftir atvikum. Með því væri þétt samráð og skilvirk verkaskipting meðal annars tryggt. Síðan ræður stjórn forstöðumanneskju, sem síðan er ábyrg fyrir starfsmannahaldi og öðrum rekstrarlegum þáttum. Lagt er til að í byrjun verði ef til vill einungis 1–2 beinir starfsmenn samtakanna.

Verkefnaskipting yrði með þeim hætti að hvor aðili um sig hefði áfram tiltekin verkefni á sínu borði en væru ekki sameiginleg; eins og samningsumboð, samstarfsverkefni og ýmis hagsmunamál greina. Sameiginleg verkefni yrðu til að mynda almennt fyrirsvar fyrir landbúnaðinn, almannatengsl, upplýsingaöflun og gagnavinnsla, starfsumhverfi og samkeppnisskilyrði, fæðuöryggi og loftslagsmál.

Í kynningunni voru lauslega reifaðar hugmyndir um sérstök upplýsinga- og kynningarsvið, annars vegar, og markaðssvið hins vegar sem hluti heildarsamtakanna. Þar var velt upp þeim möguleika að Bændablaðið yrði áfram rekið sem sjálfstæð eining eða félag með ritstjórnarlegt sjálfstæði en tilheyrði upplýsinga- og kynningarsviði. Sameiginlegt markaðsstarf, ytri markaðssetning í þágu innlendrar framleiðslu, úrvinnslu og dreifingar, geti mögulega einnig skilað mikilli samlegð.

Sameiginleg afmörkuð verkefni í fyrstu atrennu

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), segir að í fyrstu atrennu sé af hálfu BÍ stefnt að því að vinna að sameiginlegum afmörkuðum verkefnum. Það verði uppleggið fyrir komandi Búnaðarþing. „Má þar nefna hagtölumál, skilgreiningar innan heimilda á tollkvótum og eftirfylgni með þeim. Einnig málefni er snúa að eftirliti með starfseminni hvort sem er frumframleiðslu eða fullvinnslunni, ásamt umsögnum um stefnu stjórnvalda.

Kolefnismál verða að vera hluti af þessari samvinnu, hvernig gerum við landbúnaðarvörur kolefnishlutlausar árið 2030 – þar koma afurðarstöðvar að málum. Þá er „Íslenskt staðfest“ sameiginlegt verkefni sem frumframleiðendur gera ekki einir,“ segir Gunnar.

Í kjölfar nýlegra mála af innflutningi íslenskrar kjötafurðastöðvar á tollfrjálsum úkraínskum kjúklingi til Íslands, hafa skapast umræður um



hvort tolla- og innflutningsmál geti enn talist sameiginleg hagsmunamál íslenskra kjötafurðastöðva og hagsmunasamtaka bænda.

Gunnar tekur undir þau sjónarmið, að þessi mál veki spurningar um hvað séu sameiginlegir hagsmunir í þessum málum. „Ég tel mikilvægt að við eflum eftirlit með merkingum og fáum breytingar á regluverkinu sem skýra enn frekar hvað sé íslenskt, það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni. Mér finnst einnig að afurðageirinn hafi upplifað að mistök voru gerð í öllu þessu máli. Mikilvægt er að merkingar séu með sem mest leiðbeinandi hætti fyrir neytendur.

Gunnar segir helstu áskorunina vera varðandi sameiningu þessara aðila í heildarsamtök, að hluti fyrirtækjanna undir SAFL sé ekki í eigu bænda og blandað eignarhald sé á sumum fyrirtækjum. „Eins og þetta er uppbyggt í DK þá er fyrirtækjastoðin sem greiðir mest inn til Landbrug og födervarer. Bændur segja þar að með því gjaldi sem fer af hverjum slátruðum grip séu þeir að greiða gjaldið til að halda uppi hagsmunagæslunni. Þar eru tíu stærstu fyrirtækin, sem standa undir 80 prósenta tekna Landbrug & födevarer, í 100 prósent eigu bænda.“

Engar hindranir í upprunamerkingum kjötvara

Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga og formaður SAFL, segist ekki sjá neinar hindranir í veginum að sameiningunni í ein heildarsamtök. Spurður um hvort áðurnefnd innflutningsmál geti spillt fyrir framþróun á þessu ferli, segist hann ekki sjá það fyrir sér. „Allra síst að upprunamerkingar kjötvara geri það, úr því þú spyrð að því sérstaklega. Ef lagaramminn er of vítt skilgreindur í þeim efnum held ég að allir taki undir að herða þurfi þær reglur sem um það gilda. Það er íslenskum vörum til framdráttar og fyrir þær erum við öll að vinna,“ segir Sigurjón.

Hann bendir á að í alþjóðavæðingu síðustu áratuga, þar sem lögð hefur verið áhersla á frjálst flæði fjármagns, vara og fólks, hefur þróunin orðið sú að markaðssvæði hafi stækkað gífurlega. Gleymst hafi við upphaf alþjóðavæðingarinnar árið 1993 að verja hagsmuni Íslands hvað landbúnað varðar. Því hafi önnur ríki ekki gleymt. „Þetta sést kannski best á því að undanþágur fyrir bændur frá samkeppnislögum hafa gilt í fjölmörgum löndum allt frá 1993 og í öðrum mun lengur, auk þess sem byggðamál og landbúnaður eru iðulega á sömu hendi erlendis. Afleiðingin er sú að á síðustu tveimur áratugum hefur þekking minnkað verulega innan íslenska stjórnkerfisins, hjá fyrirtækjum í landbúnaði, bændum sjálfum og almenningi á hagsmunagæslu annarra ríkja og stuðningskerfi þeirra í víðum skilningi og vörnum þegar kemur að landbúnaði. Þá hefur samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar versnað og aðstöðumunur aukist til muna.“

Sameiginlegir kraftar

Sigurjón segir að sameiginlegum kröftum BÍ og SAFL verði best borgið saman við það verk að snúa þessari þróun við. „Fyrir því eru fordæmi á erlendri grundu, til dæmis í Danmörku. Það gætir enginn annar hagsmuna landbúnaðarins nema þeir sem í honum starfa – bændur sjálfir og afurðastöðvarnar.

Síðan eru önnur verkefni sem myndu alltaf vinnast áfram á sitt hvorum vettvangi aðila. Innan SAFL er víðtækur stuðningur við stofnun slíkra sameiginlegra samtaka en öllum aðildarfyrirtækjum verða kynntar hugmyndirnar eins og þær voru kynntar á búgreinaþingi, áður en kemur að Búnaðarþingi,“ segir Sigurjón R. Rafnsson.

FRÉTTIR

Sauðfjárbændur:

Trausti áfram formaður

Á búgreinaþingi 2023 var Trausti Hjálmarsson í Austurhlíð endurkjörinn formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Hann hafði einn lýst yfir framboði og fékk um 94 prósent greiddra atkvæða. Aðrir í stjórn lýstu einnig yfir framboði til endurkjörs; þau Ásta Fönn Flosadóttir, Höfða 1, Jóhann Ragnarsson, Laxárdal 3, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, Oddsstöðum 1 og Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi – og voru sjálfkjörin.

Í varastjórn voru kjörin þau Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu 1. varamaður, Hulda Brynjólfsdóttir, Tyrfingsstöðum 2. varamaður og Ragnar Jónsson, Halldórsstöðum 3. varamaður. */smh*



Stjórn og varastjórn búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands: Ragnar Jónsson, Sigríður Ólafsdóttir, Hulda Brynjólfsdóttir, Jóhann Ragnarsson, Trausti Hjálmarsson, Ásta Fönn Flosadóttir, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SÁÐVÖRU

LÍFLAND

Sáðvara fyrir íslenskar aðstæður!

GRASFRÆBLÖNDUR

Smáratún SPRETTA NÝTT
Kröftugir vallarfoxgrasstofnar ásamt forsmituðum rauð- og hvítsmára í auknu hlutfalli NITURBINDANDI

Finnlandsblanda
Blanda með endingargóðum og uppskerumiklum vallarfoxgrasstofnum og RIIKKA rýgresi

SMÁRAR NITURBINDANDI

Rauðsmári SAIJA NÝTT
Endingargóður og uppskerumikill frá Finnlandi

Rauðsmári PEGGY
Uppskerumikið, ferlitna yrki - forsmitað fræ

BYGG

HERMANNI sexraða bygg
Hefur komið vel út í íslenskum tilraunum og prófunum meðal bænda. Þolir lægra sýrustig en mörg önnur yrki.

SMYRILL sexraða bygg
Íslenskt yrki sem gefur öruggari og betur þroskaða uppskeru í meðalárferði.

GRÆNFÓÐUR

Vetrarrepja UNICORN NÝTT
Fljótsprottið blendingsyrki með mikla vaxtargetu.
Getur gefið góðan endurvöxt.

Kynntu þér sáðvöruúrvalið í nýjum sáðvörulista Líflands og leitaðu til sölufólks okkar með þínar fræþarfir www.lifland.is/sadvara
Skannaðu QR kóðann með myndavélinni í símanum og skoðaðu sáðvörulistann sem er fullur af áhugaverðum valkostum!

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi 3 | Akureyri Óseyri 1 | Borgarnes Digranesgata 6 | Blönduós Efstabraut 1 | Hvolsvöllur Ormsvöllur 5 | Selfoss Austurvegur 69

MENNING



Mega áhorfendur eiga von á góðu er sýningar hefjast í byrjun apríl. Mynd / Aðsend.

Leikfélag Húnaþings vestra:

Himinn og jörð

Leikfélag Húnaþings vestra er á fullu þessa dagana að æfa söngleikinn Himinn og jörð sem saminn var af leikstjóranum sjálfum, Ármanni Guðmundssyni.

Var handritið unnið í kringum lög Gunnars Þórðarsonar en einhverjir muna eftir plötu hans, Himni og jörð sem gefin var út 1981 og inniheldur sum laganna, sem alls eru sautján talsins í leikverkinu.

Verk Ármanns var samið sérstaklega fyrir leikflokkinn og fjallar um tilraunir geimvera frá plánetunni Gakóvest. Þær vilja komast yfir ægilegasta gereyðingarvopn alheimsins sem einmitt er staðsett á jörðinni vegna þess að þar er ástin sterkasta tilfinningin. Eitthvað misreikna geimverurnar sig því ástin er enn hættulegri en þær gera sér grein fyrir. Danshöfundur er Chantelle Carey og hljómsveitarstjóri Ingibjörg Jónsdóttir en um 40 manns koma að söngleiknum.

Um er að ræða afar hressandi og skemmtilegan söngleik sem á erindi við alla aldurshópa. Sýnt verður í fimm skipti, dagana 5.-10. apríl, og hefjast sýningar kl. 21 í Félagsheimilinu Hvammstanga. Opnar húsið klukkustund áður og miðasalan fer fram á adgangsmidi.is. /SP

Á döfinni ...

Freyvangsleikhúsið í Eyjafirðinum frumsýndi Fólkið í blokkinni þann 24. febrúar í Freyvangi. Miðasala er hjá tix.is og í síma 857-5598. Sýnt verður í átta skipti, klukkan 20.00, föstudaga og laugardaga frá frumsýningu þar til 18. mars næstkomandi og miðaverð er kr. 3500.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja frumsýndi Vitleysingana eftir Ólaf Hauk Símonarson föstudaginn 3. mars við mikinn fögnuð áhorfenda. Þó nokkrar sýningar eru í boði og miðapantanir í síma 8691118 og á netfanginu gylfi1sig@gmail.com.

Ávaxtakarfa Leikfélags Húsavíkur er í fullum gangi, miðapantanir eru á netfanginu midi@leikfelagid.is eða í gegnum síma 464-1129, tveimur tímum fyrir sýningu.









Mörg kunnugleg andlit birtast á sviði Bæjarleikhúss Mosfellsbæjar, en leikritið um Dýrin í Hálsaskógi hefur notið ákaflega mikilla vinsælda ... að venju. Myndir / Eyþór Árnason.

Leikfélag Mosfellssveitar:

Dýrin í Hálsaskógi

Leikfélag Mosfellssveitar setti upp á dögunum hið sívinsæla leikrit Dýrin í Hálsaskógi eftir meistara ævintýranna, Thorbjørn Egner.

Verkið er vel þekkt og fá áhorfendur að upplifa samfélagið í skóginum og sjá kunnuglegum persónum á borð við söngelsku músina hann Lilla og hinn lævísa Mikka ref bregða fyrir.

Dýrin í skóginum með Lilla klifurmús í fararbroddi búa við stöðugan ótta af því að verða étin af refnum og öðrum rándýrum í þeirra nánasta umhverfi, sem sjá ekki ástæðu til þess að afla sér matar á annan hátt.

Þau taka þó af skarið og ákveða að útbúa ný lög í skóginum, svo allir geti búið saman í friði.

Leikstjóri er Birna Pétursdóttir, tónlistarstjóri er Sigurjón Alexandersson og Eva Björg Harðardóttir hannar leikmynd og búninga.

Sýningar eru í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ á sunnudögum kl. 14 og fer nú hver að verða síðastur að ná sér í miða enda allt að verða uppselt. Miðasalan er á tix.is en einnig eru upplýsingar á Facebook-síðu félagsins.

/SP

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Þema hátíðarinnar nú í ár er friður. Mynd / leiklist.is

Alþjóðleg áhugaleiklistarhátíð:

Tenging leiklistarunnenda um heim allan

Alþjóðlega áhugaleiklistarhátíðin (AITA/IATA) árið 2023 verður haldin í Debrecen, Ungverjalandi dagana 19.-25. júní 2023. Þema hátíðarinnar er Friður.

AITA/IATA, eða International Amateur Theatre Association, sameinar og tengir saman áhugaleikhópa, samfélagsleikhús og viðlíka samtök um allan heim, alla þá sem eiga sameiginlega ástríðu leikhússins. Er hátíðin fyrst og fremst tileinkuð tengslamyndun íbúa heimsins, auk réttindum manna, þá er kemur að listum og menningu, óháð þjóðerni, tungumáli, kyni, kynhneigð, þjóðernisuppruna eða trúarbrögðum svo eitthvað sé nefnt.

AITA/IATA leiðir fólk saman með það fyrir augum að miðluð verði þekking og iðkun á sviði leiklistar til að dýpka skilning, skapa ný tækifæri og efla áhugaleikhúsageirann á heimsvísu.

Er hátíðin afar vel sótt af meðlimum á heimsvísu og því einstakt tækifæri til þess að efla tengslanetið og njóta sýninganna og alls sem upp á er boðið. Frekari upplýsingar má fá hjá Þjónustumiðstöð BÍL í info@leiklist.is eða í síma 551-6974. /SP

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Brosandi með **burnirót**

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

NON-GMO · 100% VEGAN · ENGIN AUKAEFNI ADDITIVE FREE

KAVITA

Í DEIGLUNNI

ÍSGEM:

Uppfærsla á gagnagrunni um efnainnihald matvæla

– Mikilvægt að næringargildi landbúnaðarafurða liggi fyrir

ÍSGEM er íslenskur gagnagrunnur um efnainnihald matvæla sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) setti á stofn fyrir 40 árum.



Ólafur Reykdal.

Hjá Matís er nú unnið að heildarendurskoðun hans með stuðningi Matvælasjóðs, en efnainnihald matvæla getur tekið breytingum í samræmi við breyttar framleiðsluaðferðir.

Að sögn Ólafs Reykdal, verkefnastjóra hjá Matís, mun þeim verkþætti sem styrktur er af Matvælasjóði ljúka seinnipart þessa árs. „Verkefnið heitir Næringargögn – Lykill að lýðheilsu landsmanna og nýsköpun matvælaiðnaðarins og þar er fjallað um næringarefnin í matvælum og unnið verður að því að gera allar upplýsingarnar um þessi efni öllum aðgengilegar á sérstökum vef sem hýstur er hjá okkur á Matís. Styrkurinn gerir mögulegt að vinna vel afmarkaðar endurbætur á gagnagrunninum. Fáanleg gögn verða skráð og gerð aðgengileg, gæðakerfið verður endurbætt og vefhandbók fyrir notendur verður tekin saman," segir Ólafur.



Matvælaframleiðsla íslensks landbúnaðar, en sérstök áhersla er lögð á að skrá næringargildi þeirra í ÍSGEM-grunninn.

Næringargildi matvæla frá íslenskum landbúnaði

„RALA rannsakaði í fyrsta skipti næringargildi margra matvæla frá íslenskum landbúnaði. Útbúinn var gagnagrunnur til að halda utan um niðurstöðurnar og miðla þeim. Mikið gagn var af norrænu samstarfi þegar niðurstöðurnar voru skráðar á skipulagðan hátt. Fæðudeild RALA var sameinuð Matís þegar það var stofnað árið 2007 og fylgdi þá ÍSGEM gagnagrunnurinn með. Á Matís var fljótlega ráðist í að gera næringargildi matvæla aðgengilegt á vef Matís [https://matis.is/naeringargildi-matvaela-isgem/]," segir Ólafur.

Hann segir að einhverjum gögnum hafi á undanförnum árum verið bætt við ÍSGEM úr styrkverkefnum Matís en hin seinni ár hafði ekki fengist opinbert fé til fullnægjandi uppfærslna. „Því var góð hjálp að fá eins árs styrk úr Matvælasjóði til vinnu við gagnagrunninn. Nú hafa einnig þau ánægjulegu tíðindi borist að matvælaráðuneytið muni í framhaldinu bæta vinnu við ÍSGEM gagnagrunninn í þjónustusamning sinn við Matís."



Í gagnagrunninum eru birtar fáanlegar upplýsingar um 45 efni í um 1.200 fæðutegundum, meðal annars prótein, fitu, kolvetni, vatn, vítamín, steinefni og fjögur óæskileg efni; kvikasilfur, blý, kadmíum og arsen.

Flest matvæli koma frá landbúnaði með einum eða öðrum hætti og er sérstök áhersla lögð á matvæli frá íslenskum landbúnaði. Ólafur segir að mikilvægt sé að næringargildi landbúnaðarafurða liggi fyrir svo matvælaframleiðendur geti veitt neytendum áreiðanlegar upplýsingar um næringargildi og hollustu. „Vöruþróun í fyrirtækjum og sölustarf innanlands og utan byggir á þessum upplýsingum. Næringarráðgjöf byggir á upplýsingum um næringargildi og ýmsir hópar sjúklinga þurfa að sníða mataræði sitt eftir innihaldi matvæla.

Efnainnihald matvæla er breytingum undirorpið. Framleiðendur matvæla breyta uppskriftum sínum, samsetning fóðursins skiptir máli og umhverfisþættir geta hafa áhrif á næringarefnin. Landbúnaður á Íslandi býr við sérstök skilyrði, svo sem langan birtutíma á sumrin og svalt loftslag. Efnainnihald landbúnaðarafurða ber þess merki hvar þær eru framleiddar.

Því er um að gera að draga fram það sem gerir efnainnihald íslenskra landbúnaðarafurða sérstakt. Nauðsynlegt er að réttar upplýsingar um næringarefni og óæskileg efni séu aðgengilegar til að styðja fullyrðingar um hollustu íslenskra matvæla og ímynd landsins." */smh*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Guðjón Jensson fann þessi forláta handrit í fornbókasafninu sínu og vill nú koma þeim til réttra aðila. Myndir / ghp

Handrit:

Handskrifaðar glósur landbúnaðarnema

Það kennir ýmissa grasa í bókasafni Guðjóns Jenssonar í Mosfellsbæ. Hann fann á dögunum tvö handrit sem tengjast landbúnaði og vill hann nú koma þeim í réttar hendur.

„Í bókasafni mínu kemur sitthvað í ljós þegar betur er að gáð. Einhvern tíma hefur fornbókasali gaukað að mér gömlum handritum sem ég kann því miður ekki að greina frá hvernig hafi komist í hans fórur. Líklega hafa þau slæðst með bókum úr dánarbúi einhvern tíma, kannski eftir einhverjum krókaleiðum. Þegar betur er að gáð þá eru að tarna tvö handrit sem tengjast búskap," segir Guðjón, sem titlar sig sem eldriborgara, tómstundablaðamann og leiðsögumann.

HrólfurÁrnason

Handrit þessi eru merkt Hrólfi Árnasyni frá Þverá sem stundaði nám á Hvanneyri haustið 1922.

„Annað er fagurlega rituð stílabók sem hefur yfirskriftina Búreikningar og er 34 síður að stærð. Hitt handritið er innbundið 44, 26 og 3 síður ásamt nokkrum lausum blöðum, allt einnig mjög fagurlega rituð. Áhugaverðar eru fyrstu opnurnar: Efnahagsyfirlit skólapilts 1.10. og 1.11. 1922. Og reikningur yfir tekjur og gjöld skólapilts á Hvanneyri í október 1922. Skólapilturinn á Hvanneyri hefur greinilega verið einstaklega áhugasamur og lagt mikinn metnað í það sem hann var að fást við."

Hrólfur var fæddur árið 1903 og lést árið 1997 á Húsavík. Með aðstoð leitarsíðu Landsbókasafns, timarit.is, fann Guðjón minningargrein um hann undirritaða af Vigfúsi B. Jónssyni, bónda og hagyrðingi á Laxamýri, sem greinilega hefur verið vel kunnugur Hrólfi.

Vigfús segir m.a. í minningargreininni: „Ungur að árum stundaði hann nám í Hvanneyrarskóla og útskrifaðist þaðan sem búfræðingur. Hann hafði skarpa greind og var námsmaður góður. Námið á Hvanneyri nýttist honum því vel, er hann gerðist forsjármaður búskaparins á Þverá við andlát föður síns árið 1938, en auk þessa náms var hann búinn góðu fararnesti úr foreldrahúsum, sem vel reyndist á lífsins leið ... í eðli sínu var hann maður félagslyndur og naut sín vel innan um fólk, en skyldurækni hans við heimili sitt og búannir ollu því, að hann blandaði sér minna í félagsmál, en hann og margir aðrir hefðu kosið.


Eigi að síður var honum margs konar trúnaður falinn af sveitungum og samferðamönnum. Hann var m.a. deildarstjóri KÞ-deildar Reykjahrepps um ára raðir og gegndi því af alúð og fór ekki dult með, að samvinnumaður var hann af hugsjón. Þá var hann stjórnarformaður Garðræktarfélags Reykhverfinga í hálfa öld og segir það nokkuð um það traust, sem til hans var borið. Félag þetta bar hann mjög fyrir brjósti og vann því vel, því öll sín hlutverk tók hann alvarlega."

Vill koma heimildinni til réttra aðila

Guðjón kom við á skrifstofu Bændablaðsins og færði starfsmanni þess handritin. Hann vill koma þessum merku heimildum til réttra aðila, hvort heldur það séu afkomendur Hrólfs eða til varðveislu á safni sem heldur sérstaklega utan um heimildir sem þessar.

Þeim er bent á að hafa samband við Bændablaðið.

/ghp



Handskrift Hrólfs Árnasonar var vönduð og hefur hann verið einstaklega áhugasamur og lagt mikinn metnað í það sem hann var að fást við.


GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!





BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.








BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

LÍF & STARF

Saga vélar:

Gerði lokræsi um land allt

– Íslensk hönnun á plógi



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Pálmi Jónsson fór um land allt og útbjó lokræsi í ræktarlandi bænda með plógi smíðuðum á Íslandi. Plógurinn er enn til, en Pálmi, sem verður níræður í sumar, vann síðast á honum 82 ára gamall. Plógurinn sker ferhyrningslaga streng undir yfirborðinu, færir til hliðar og skilur eftir ferstrent ræsi.

Um miðja 20. öldina var mikill gangur í að breyta mýrum í ræktarland. Þar sem aðstæður leyfðu var hægt að ná enn betri þurrkun með því að útbúa lokræsi undir yfirborðinu og þar með minnka þörfina á opnum skurðum. Árni Snæbjörnsson gerir mismunandi aðferðum við gerð lokræsa góð skil í 17. tölublaði Freys árið 1987. Þar skrifar hann að fyrst um sinn hafi aðallega verið notast við svokallaða kílplóga, þar sem sívalningur var dreginn neðanjarðar, þrýsti jarðveginum í sundur og skildi eftir sig kílræsi.

Vélasjóður hafði forgöngu fyrir því að flytja inn finnskan lokræsisplóg árið 1962 og byggir plógurinn hans Pálma að einhverju leyti á þeirri fyrirmynd. Nokkrar gerðir lokræsisplóga voru í notkun á áratugunum þar á eftir og unnu þær á svipaðan hátt. „Aðalplógurinn lyftir jarðveginum upp, undir er svo minni plógur sem sker streng (20x30 cm) og færir hann til hliðar undir jarðveginum sem lyft var. Eftir stendur svo ferstrent ræsi," skrifar Árni Snæbjörnsson.

Upphaflega Eggerts-plógurinn

Eggert Hjartarson frá Hvammstanga smíðaði svokallaðan Eggerts-plóg árið 1963. Hann vann á honum næstu sumur, en Pálmi Jónsson keypti



Pálmi Jónsson, jarðýtustjóri frá Sauðárkróki, fór um land allt með lokræsisplóg og ræsti fram mýrar.




Caterpillar D6C jarðýta var sérútbúin til að draga lokræsisplóginn. Meðal aukabúnaðar voru spil á tönninni til að draga ýtuna úr festu. Auðvelt var að losa plóginn aftan úr. Myndir / Aðsendar

plóginn og jarðýtuna árið 1967. Þessi tæki eru til enn í dag en Pálmi gerði nokkrar breytingar í gegnum tíðina. Plógur Eggerts var upphaflega með tvo skera sem fóru niður í jörðina hlið við hlið. „Ég breytti honum í það að skera niður á einum stað. Þegar hann tók niður á tveimur stöðum tók hann oft jarðveginn með sér upp og það kom ekki nógu vel út," segir Pálmi.

Hallinn á yfirborðinu á láréttа skeranum lyftir jarðveginum upp sem nemur tuttugu sentímetrum til þess að pláss sé fyrir strenginn. Á meðfylgjandi skýringarmynd sést hvernig strengurinn veltir um níutíu gráður þegar hann leggst til hliðar við rásina. Þar sem skurðurinn upp á yfirborðið er til hliðar við rásina sekkur jarðvegurinn síður niður í tómarúmið. Á vellinum sést rás eftir lóðrétta skerann og jarðvegurinn fyrir ofan strenginn er ögn hærri.

Plógurinn er dreginn af Caterpillar D6C jarðýtu. Tvö hjól er á plóginum sem er hægt að hækka og lækka eftir þörfum.



Þversnið af lokræsinu sem plógurinn skilur eftir sig. Láréttur skeri lyftir upp torfunni og er ferstrendur strengur færður til hliðar undir yfirborðinu.

Vinnsludýptin er á bilinu einn til einn og hálfur metri, en algengast var að ræsin væru 120 sentímetra neðan við yfirborðið og væru lögð með sex metra millibili. „Ég



Nýleg mynd tekin á Suðurlandi.

bakkaði plóginum á hjólunum að skurðbakkanum og slakaði honum svo niður í skurðinn. Þá fóru hjólin upp og plógurinn niður. Svo þegar ég fór að taka plóginn upp úr mýrinni þá setti ég tjakk í gang sem setti hjólin niður og plógurinn kom upp," segir Pálmi.

Pálmi kom fyrir tveimur öflugum spilum framan á jarðýtutönninni. „Hún gat dregið sig upp sjálfa ef hún sökk niður. Ég festi hana oft smávegis, en ég náði henni yfirleitt alltaf upp," segir Pálmi, en hann þurfti þó stöku sinnum utanaðkomandi aðstoð. Þar sem plógurinn var laustengdur við jarðýtuna var auðvelt að losa hann frá ef vélin var föst.

Hringferð í kringum 1970

Pálmi hefur lengst af búið á Sauðárkróki, en fór með plóginn um land allt. Á árunum í kringum 1970 fór hann í hringferð sem tók nokkur sumur. „Það var þó nokkuð að gera austur á Héraði, og Árnessýslan og Rangárvallasýslurnar voru mjög drjúgar," segir Pálmi, en eini landshlutinn sem hann sinnti ekki voru Vestfirðir.

Mikil eftirspurn var eftir hans þjónustu og segist hann hafa farið hringinn að hluta til aftur. „Það voru víða menn sem tóku þetta ekki fyrst en sáu svo hvernig þetta kom út hjá öðrum og sáu eftir því. Ég sé hérna í gamalli bók hjá mér að ég hef verið á Seljavöllum 1970 – hjá Agli bónda, þannig að það hefur verið eitthvað fyrir þann tíma sem ég byrjaði á þessu," segir Pálmi, en hringferðin hófst í Húnavatnssýslunum.

Ræsin virkuðu strax

Yfirleitt voru lokræsin lögð í mýrar sem átti eftir að rækta. „Ég var með tveggja metra prjón sem ég bjó mér til úr stáli. Með því að stinga honum niður í jarðveginn fann ég hvernig landið lá," segir Pálmi, en plógurinn virkaði ekki nema í mjúkum mýrarjarðvegi.

„Ég byrjaði neðst í skurðinum og fór upp í móti, þannig að vatnshalli væri á lögninni," segir Pálmi, en þannig gat vatnið átt greiða leið. Lengd ræsanna fór eftir lögun og stærð túnanna, en Pálmi segir að þau hafi oft verið á bilinu 100-300 metrar. „Ef það fór yfir það gat vatnsmagnið orðið hættulega mikið að það gæti grafið sig. Það kom fyrir ef það var blaut mýri að það var farið að flóðrenna úr ræsinu þegar ég kom til baka.

Við vorum yfirleitt tveir. Þetta var unnið á vöktum nótt og dag," segir Pálmi. Einungis var hægt að sinna þessari vinnu á sumrin og því var reynt að afkasta sem mestu á sem skemmstum tíma.

Hyggst nota plóginn áfram

Heimir Pálmason vann á tímabili með föður sínum á plóginum. „Fyrstu árin var alveg óskaplega mikið að gera í þessu. Þetta var niðurgreitt af ríkinu. Mig minnir að bóndinn hafi þurft að borga þrjátíu prósent og ríkið sjötíu prósent," segir Heimir. Hann bætir við að þetta hafi verið gott starf, en oft fylgdi þessu mikið strit ef mýrin var blaut og ýtan festist. „Pabbi fór einu sinnu ofan í mógröf og reis upp á endann við að fara upp úr henni og þá bræddi jarðýtan úr sér."

Núna er jarðýtan og plógurinn staðsett í Flóanum. „Þar endaði pabbi síðast og fékk að geyma hana hjá bóndanum. Þannig var það hjá pabba alltaf, hann fékk að skilja tækin eftir á hinum og þessum bæjum yfir veturinn." Heimir hefur tekið við vörslu vélarinnar og stefnir að því að nota hana áfram ef ræktendur óska eftir hans þjónustu, enda virka jarðýtan og plógurinn enn.





Góðar stundir

Verð frá
1.167.000 kr.

Sauna
tilbúin til notkunar



Verð frá
220.150 kr.

Heitir pottar
...eða kaldir

trefjar.is
Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

1978 TREFJAR

Hafðu samband
550 0100
sala@trefjar.is

NUGENT TRAILERS

KERRUR



NUGENT kerra U2213S
Verð frá: 560.000 + vsk



NUGENT gripakerra L4318H 3ja öxla
Verð: 2.250.000 + vsk



NUGENT Flatvagn F4320H
Verð: 1.595.000 + vsk



NUGENT sturtukerra
T3718H
Verð: 1.640.000 + vsk

KANE TRAILERS

VAGNAR



KANE LLTM 24 tonna m/breikkunum.
Verð: 4.600.000 + vsk



BELMAC 10,5 cu keðjudreifari
Verð: 2.460.000 + vsk



KANE flutningavagn 16 tonna
Verð: 3.500.000 + vsk



KANE sturtuvagn DS10T
Verð: 2.600.000 + vsk



KANE LBT 24 tonna
Verð: 4.950.000 + vsk

VALLARBRAUT

vallarbraut.is S-8411200 & 8417300 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

Í DEIGLUNNI

Náttúruhamfaratrygging:

Nauðsynlegt að hafa tryggingar í lagi



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ), hélt erindi á búgreinaþingi þar sem hún fjallaði um tryggingar og tryggingarmál bænda. NTÍ er opinber stofnun sem hefur það hlutverk að vátryggja helstu verðmæti gegn náttúruhamförum.

„Eitt af því versta sem ég lendi í í mínu starfi er þegar fólk tilkynnir um tjón til Náttúruhamfaratryggingar Íslands vegna atburða sem falla undir lögin sem um stofnunina gilda og það reynist ekki vera vátryggt fyrir því tjóni sem það hefur orðið fyrir," segir Hulda Ragnheiður.


Skyldu- og valtryggingar

Hulda Ragnheiður segir að almennt sé lítil hætta á að slíkt gerist með húseignir, þar sem þær eru allar skyldutryggðar bæði gegn bruna og náttúruhamförum.

„Gagnvart innbúi og lausafé gegnir öðru máli, því þau verðmæti er ekki skylda að brunatryggja. Velji eigandinn aftur á móti að brunatryggja innbú og lausafé er skylda að greiða samhliða fyrir iðgjald sem rennur til NTÍ vegna verndar gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Einnig er rétt að geta þess að margar af þeim vátryggingum sem í daglegu tali nefnast landbúnaðartryggingar, innifela brunatryggingu og þar með náttúruhamfaratryggingu sem gildir gagnvart tjónum sem verða af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, vatns- og sjávarflóða og skriðufalla.

Reyndar er það þannig að margir vita ekki að þeir eru með gildar vátryggingar hjá NTÍ, þar sem þeir eru aldrei í beinum samskiptum við stofnunina nema þegar til tjóns kemur. Í lögum nr. 55/1992 kemur fram að það er hlutverk almennu vátryggingafélaganna að innheimta iðgjald af öllum húseignum og brunatryggðu innbúi og lausafé sem síðan er skilað til NTÍ."



Frá árinu 1987 hafa 276 atburðir átt sér stað, flestir þeirra snerta fáa eigendur með óverulegum tjónum en sá stærsti var jarðskjálftinn í Ölfusi árið 2008.
Mynd / Náttúruhamfaratryggingar Íslands



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands.
Mynd / VH

NTÍ kemur oft til sögu

Fjöldi fólks áttar sig ef til vill ekki á því hversu oft NTÍ, sem áður hét Viðlagatrygging Íslands, kemur við sögu í tjónamálum um allt land.

Frá árinu 1987 hafa 276 atburðir átt sér stað, flestir þeirra snerta fáa eigendur með óverulegum tjónum en sá stærsti var jarðskjálftinn í Ölfusi árið 2008 þar sem um 5.000 tjónamál komu við sögu í 19 milljarða atburði á núvirði. Á þessum 25 árum eru fjórir atburðir til viðbótar við jarðskjálftann í Ölfusi sem hafa kostað yfir hálfan milljarð að núvirði.

Það eru snjóflóðin á Vestfjörðum árið 1995, jökulhlaup úr Vatnajökli árið 1996, jarðskjálfti á Suðurlandi árið 2000, og aurskriðurnar á Seyðisfirði árið 2020.

„Atburðirnir sem snerta fáa en valda kannski einum aðila í dreifbýli umtalsverðu tjóni eru auðvitað stórir á mælikvarða þess sem fyrir tjóninu verður. Slíkir atburðir hafa átt sér stað um allt land og í raun er enginn landshluti undanskilinn þegar kemur að slíkum atburðum.

Sum svæði eru næmari fyrir vatns- og sjávarflóðum á meðan önnur eru næmari fyrir aurskriðum og krapaflóðum. Það er því mikilvægt að huga vel að því hvernig megi fullnýta tryggingavernd gagnvart eldgosum, jarðskjálftum, snjóflóðum, vatns- og sjávarflóðum og skriðuföllum."

Landbúnaðartrygging mismunandi milli félaga

„Eins og ég nefndi hér áðan er landbúnaðartrygging mikilvæg fyrir bændur sem vilja vera vel tryggðir, bæði gagnvart náttúruhamförum og svo öðrum þeim þáttum sem eru innifaldir í þeirri tryggingu hjá almennu vátryggingafélögunum.

Slík trygging er þó mismunandi eftir tryggingafélögum og ekki sjálfgefið að öll mikilvæg verðmæti séu inni í tryggingunni. Þannig eru heyrúllur til dæmis sjálfkrafa hluti af landbúnaðartryggingu hjá einu félagi á meðan nauðsynlegt er að velja þær í sérstakri upptalningu ef vilji er til þess að þær séu tryggðar hjá öðru félagi."

Mikilvægt að skoða skilmála

Hulda segist vilja nota tækifærið til að vekja athygli á því hversu mikilvægt er að skoða vel hvað er innifalið í tryggingum hjá hverju félagi og leita leiða til að allt það sem er líklegt til að geta orðið fyrir tjóni í bruna eða náttúruhamförum sé örugglega inni í tryggingunni.

„Við hjá NTÍ erum stundum spurð að því hvort það sé hægt að vátryggja bíla hjá Náttúruhamfaratryggingu og svarið er að það eru nokkur ár síðan var ákveðið að veita heimild fyrir því að taka við iðgjöldum vegna bíla, en þá er það sama forsendan og með aðrar tryggingar, sem er að bíllinn sé brunatryggður.

Það er ekki algengt að bílar séu brunatryggðir sérstaklega, en það er hægt að gera þessar ráðstafanir ef fólk telur sig vera í sérstaklega mikilli hættu á að lenda í þeim atburðum sem falla undir lögin um Náttúruhamfaratryggingu."

Trygging gegn vatnsflóði og foki

Að sögn Huldu áttar fólk sig heldur ekki alltaf á því að það þarf að tryggja sig sérstaklega gegn vatnsflóðum af völdum úrkomu og leysingavatns og svo hafa foktjónin líka ákveðna sérstöðu.

„Því miður er nokkuð um að fólk lendi í foktjónum þar sem ekki eru fyrir hendi neinar tryggingar. Þá er algengt að leitað sé til okkar með ósk um tjónabætur, en þau tjón falla ekki undir lögin um Náttúruhamfaratryggingu."

Þú tryggir ekki eftir á

Um tryggingar gildir lögmálið um að það sé ekki hægt að tryggja eftir á. Hulda Ragnheiður ráðleggur öllum að fara vel yfir tryggingarnar sínar með góðum ráðgjafa og það áður en tjónin eiga sér stað.

„Það er ekkert sem við getum gert eftir að tjón hefur átt sér stað ef ekki eru gildar tryggingar fyrir hendi."

Hafið þetta í huga

Í lok erindis síns á búgreinaþingi dró Hulda Ragnheiður fram fjögur atriði sem hún taldi gott að hafa í huga sem snúa að tryggingamálum bænda.

1. Fara yfir fjárhæðir í lausafjártryggingum sínum og fullvissa sig um að þær séu í samræmi við verðmætin sem liggja undir.
2. Fullvissa sig um að landbúnaðartryggingin innifeli öll þau verðmæti sem máli skipta, þar með talið heyforða og annað það sem vilji er til að hafa vátryggt.
3. Þar sem talin er mikil hætta á tjónum af völdum náttúruhamfara getur verið ástæða til að brunatryggja sérstaklega skráningarskyld ökutæki til þess að þau falli undir náttúruhamfaratryggingu hjá NTÍ. Einnig er hægt að kaupa húftryggingu á vinnuvélar (kaskó).
4. Vera með bæði foktryggingu og asahlákutryggingu hjá almennu vátryggingafélagi til að verja sig gegn algengustu veðurtjónunum.

Lífræn hreinsistöð




- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

pioner

Forkaupstilboð Allt að 20%





PIONER 10 CLASSIC
Fyrir mótor allt að: 9,9hp
323x147cm, fyrir 3 pers.

Forkaupsverð: 576.000 kr.
Almennt verð: 720.000 kr.



PIONER 12 MAXI
Fyrir mótor allt að: 15hp
381x165cm, fyrir 4 pers.

Forkaupsverð: 696.000 kr.
Almennt verð: 870.000 kr.



PIONER 14 ACTIVE
Fyrir mótor allt að: 25hp
411x173cm, fyrir 3 -4 pers.

Forkaupsverð: 1.020.800 kr.
Almennt verð: 1.160.000 kr.



PIONER 15 ALLROUND
Fyrir mótor allt að: 30hp
470x180cm, fyrir 5 pers.

Forkaupsverð: 1.258.400 kr.
Almennt verð: 1.430.000 kr.



PIONER 16 EXPLORER
Fyrir mótor allt að: 60hp
507x210cm, fyrir 6 pers.

Forkaupsverð: 1.724.800 kr.
Almennt verð: 1.960.000 kr.



PIONER 17 FLEXI
Fyrir mótor allt að: 80hp
520x215cm, fyrir 6 pers.

Forkaupsverð: 2.578.400 kr.
Almennt verð: 2.930.000 kr.



PIONER MULTI III
Fyrir mótor allt að: 80hp
530x215cm, fyrir 8-10 pers.

Forkaupsverð: 2.631.200 kr.
Almennt verð: 2.990.000 kr.



400 STEADY BY PIONER
Fyrir mótor allt að: 40hp
400x180cm, fyrir 5 pers.

Forkaupsverð: 1.003.200 kr.
Almennt verð: 1.140.000 kr.


pioner | YAMAHA Á ÍSLANDI ARCTIC TRUCKS | YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

Fyrirvari: Verð miðast við grunnútgáfu af hverjum bát. Myndir geta innhaldið aukabúnað sem ekki fylgja grunnútgáfu. Verð á bátum innifelur ekki verð á mótor. Öll verð eru án VSK og miðast við gengi 3. mars 2023. Forkaupsverð er 12-20% lægra en almennt verð eftir bátum. Forkaupsverð gilda t.o.m. 31. mars 2023 og eru 12-20% lægra en almennt verð.

NAUTGRIPABÆNDUR ATHUGIÐ!

ÓSKUM EFTIR AUKNU SAMSTARFI VIÐ BÆNDUR UM KAUP Á NAUTAKJÖTI. VIÐ GREIÐUM 10% ÁLAGSGREIÐSLUR PR. KG. VIÐ ÚTGEFIN VERÐLISTA HJÁ SLÁTURLEYFISHÖFUM Á ÞÁ GRIPI SEM NÁÐ HAFA 200 KG. FALLÞUNGA - GILDIR ÚT ÁRIÐ 2023



ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

FERSKAR KJÖTVÖRUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 414-6320
INGIBJORN@FERSKAR.IS

VIÐTAL

Nýr formaður nautgripabænda:

Vill treysta fjárhagsgrunn bænda

– Segir frábærar aðstæður á Íslandi með ósnortinni náttúru, hreinu vatni og lítilli lyfjanotkun



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Rafn Bergsson frá Hólmahjáleigu í Austur-Landeyjum var kosinn formaður deildar nautgripabænda á nýliðnu búgreinaþingi. Hann segir síðustu misseri sýna hversu mikilvægt er hverri þjóð að framleiða eigin matvæli.

Foreldrar Rafns fluttu á Hólmahjáleigu árið 1976 og fæddist hann ári síðar, og er því 46 ára. Rafn stefndi ekki að því að verða bóndi, heldur menntaði hann sig sem bifvélavirki. Foreldrar Rafns lögðu niður búskapinn árið 2003 og fóru að sækja vinnu á Hvolsvöll. Majken Jørgensen, eiginkona Rafns, var helsti hvatinn fyrir því að þau færu í búskap og endurvöktu þau kúabúið á Hólmahjáleigu árið 2005. Rafn starfaði þá sem bifvélavirki og við járnsmíði á Hvolsvelli og voru hjónin búin að byggja sér hús í þorpinu. „Svo skiptum við árið 2005. Foreldrar mínir fóru í húsið okkar á Hvolsvelli og við fluttum hingað," segir Rafn. Nú segist hann ekki sjá fyrir sér annað starf en að vera kúabóndi.

Á Hólmahjáleigu eru 55 mjólkurkýr og kvíguuppeldi sem því fylgir. Ekki er aðstaða til að ala nautkálfa og eru þeir seldir ungir til áframhaldandi eldis. Einnig eru 20 kindur, 50 hross, 20 hænur, einn hundur og þrír kettir – þar af einn sem sinnir meindýravörnum í fjósinu. Rafn og Majken eiga saman tvö börn á menntaskólaaldri. Rafn sækir ekki vinnu fyrir utan bú, fyrir utan þátttöku í félagsstörfum. Majken starfar sem brúðkaupsráðgjafi á Hótel Rangá, sem hún vinnur mikið til í fjarvinnu.



Rafn og Majken Jørgensen kynntust fljótlega eftir að hún flutti til Íslands frá Danmörku árið 1999. Majken hvatti Rafn til að gerast bóndi, en hann hafði alltaf stefnt að bifvélavirkjun. Hún starfar sem brúðkaupsráðgjafi meðfram búskap. Myndir / ÁL

Búnaðarþing og endurskoðun búvörusamninga

Á þessu ári liggur fyrir endurskoðun búvörusamninga og telur Rafn að hans fyrstu vikur og mánuðir í embætti muni helst snúa að vinnu í kringum þá. „Það verða stærstu verkefnin til að byrja með. Í rekstrarverkefni RML staðfestist það sem bændur finna á eigin skinni – að rekstrarafkoma hefur vernsað mikið, hvort sem er í mjólkur- eða nautakjötsframleiðslu." Skammt er í næsta Búnaðarþing, sem er aðalfundur Bændasamtaka Íslands, og reiknar Rafn með að endurskoðunin verði eitt stærsta málefnið á þeim fundi.

„Á síðustu tuttugu árum hefur heildarframleiðsla mjólkur farið úr hundrað milljón lítrum yfir í hundrað og fimmtíu milljónir. Á sama tíma er heildarríkisstuðningurinn alltaf að lækka, þannig að stuðningurinn á hvern lítra mjólkur hefur lækkað gríðarlega mikið. Stærstu áherslurnar eru að fá viðurkenningu á þessu og einhverjar leiðréttingar.

Auðvitað þarf að taka inn í þetta tollamál sem eru hluti af starfsumhverfi okkar bænda. Það er galið að krónutala á tollum sé óbreytt áratugum saman. Þetta hefur bitnað hart á nautakjötsframleiðendum.

Enn fremur er hafin vinna við endurskoðun á verðlagsgrunni kúabús og mikilvægt að fylgja þeirri vinnu eftir. Núverandi grunnur er yfir 20 ára og orðinn úreltur.

Rekstrarmálin eru mér ofarlega í huga. Ég vil að bændur hafi traustari fjárhagsgrunn til að takast á við áskoranir og byggja greinina upp til framtíðar. Við höfum frábærar aðstæður í þessari íslensku náttúru með hreinu vatni og lítilli lyfjanotkun. Við eigum að geta framleitt gríðarlega góðar vörur og erum að því. Við getum framleitt miklu meira ef það er markaður og ásættanlegt verð fæst fyrir vörurnar," segir Rafn.

Fæðuöryggi og afleidd störf

„Það er ekki sjálfgefið að það sé alltaf til nægur matur. Við sjáum að kerfið er kannski brothættara en við héldum, eftir það sem hefur dunið á heiminn með heimsfaraldri og stríðsátökum. Í mínum huga er mjög mikilvægt að við Íslendingar framleiðum það sem við getum, séum eins sjálfbær og hægt er og nýtum náttúruna og þær aðstæður sem við höfum til að framleiða góðar og heilnæmar vörur.

Við eigum að hafa stolt til að vera sjálfum okkur næg. Það á við um landbúnaðinn í heild, hvort sem það er mjólk, kjöt, grænmeti eða hvað sem er. Við þurfum að styðja og breikka framleiðsluna. Við verðum að bregðast við breytingum á þjóðfélagi og samfélaginu. Við eigum að framleiða og leggja áherslu á þær vörur sem neytendur vilja kaupa."

Rafn nefnir að landbúnaðurinn skili af sér fjölmörgum afleiddum störfum. Á Hvolsvelli er til að mynda stór kjötafurðastöð og nokkrar verslanir sem sinna landbúnaðinum ásamt þjónustuaðilum. „Þetta snýst ekki bara um okkur sem búum úti í sveit og framleiðum matvæli. Það er mikil starfsemi í kringum þetta. Við eigum að sjá sóma okkar í því að styðja við landbúnaðinn þannig að hann geti þróast og verið þessi burðarás áfram, sem hann er í hinum dreifðari byggðum.

Tækifærin víða

„Umhverfis- og loftslagsmálin eru gríðarlega fyrirferðarmikil í umræðunni og það er klárt að við kúabændur verðum að taka þátt í þeim málum – sem og landbúnaðurinn í heild," segir Rafn. Hann kallar eftir auknum rannsóknum og aðgengilegum traustum gögnum, því hinn almenni bóndi veit ekkert endilega í hvorn fótinn á að stíga. „Það er helling af vinnu í gangi og vonandi fer þetta að komast í betra horf.

Það er líka fullt af tækifærum í þessum hlutum. Það er mikil gerjun með í þessum málaflokki með aukinni trjá- og skjólbeltarækt sem getur skilað aukinni uppskeru og bindingu kolefnis," segir Rafn. Einnig sé verkefni í gangi þar sem vinna á áburð úr úrgangi frá fiskeldi á landi. „Það er margt spennandi í gangi sem greinin getur nýtt sér. Við þurfum að vera opin fyrir tækifærunum og nýta þau sem gefast."

Félagskerfið Rafni mikilvægt

Frá því að Rafn gerðist kúabóndi hefur hann fylgst vel með félagsmálum landbúnaðarins og reglulega sótt fundi. Rafn sat í stjórn búnaðarfélagsins á svæðinu, en fyrsta stóra skrefið í félagsmálum var þegar skorað var á hann að bjóða sig fram í embætti formanns Félags kúabænda á Suðurlandi. Frá árinu 2018 hefur Rafn setið í stjórn Landssambands kúabænda (LK) – sem eftir endurskipulagningu félagskerfisins er orðið að deild nautgripabænda í Bændasamtökum Íslands. Í dag er starfsemi undir merkjum LK engin þrátt fyrir að félaginu hafi ekki verið slitið. Rafn segir aðildarmenn hafa viljað halda félaginu lifandi fyrst um sinn á meðan sameinuð bændasamtök eru að sanna gildi sitt. Einnig á LK talsverða sjóði og hlut í Nautgriparæktarmiðstöð Íslands sem kúabændur vilja hafa forráð yfir. Enn fremur er vísað til Landssambands kúabænda í nokkrum lögum sem á eftir að breyta. Hann reiknar ekki með öðru en að LK verði lagt niður þegar gengið hefur verið frá öllum endum. „Þessi sameining verður að ganga upp og við erum mun sterkari saman.

Þessi rótering á félagskerfinu byrjar þegar búnaðargjaldið, sem var skattur á bændur, var dæmt ólöglegt. Þar fór tekjugrunnur félagskerfisins að mjög stórum hluta. Þá byrja væringar um hvernig sé hægt að einfalda og gera kerfið skilvirkara," segir Rafn, og uppbyggingu Bændasamtakanna var breytt í kjölfarið. „Í dag er hver og einn einstaklingur beinn aðili að Bændasamtökunum, ekki í gegnum félag." Bændur velja svo þá deild innan BÍ í samræmi við hvernig búskapur er helst stundaður á þeirra bæ. Hver deild er með stjórn sem er kosin á búgreinaþingi. „Okkar hlutverk er að fjalla um fagleg málefni deildarinnar eða þau málefni sem snúa nær eingöngu að nautgripabændum." Rafn nefnir í því samhengi umfjöllun um fyrirkomulag greiðslna til bænda, erfðamengisúrval, kyngreiningu á sæði o.fl. Ólíkt því sem áður var eru deildirnar





Rafn Bergsson frá Hólmahjáleigu í Landeyjum var kosinn formaður deildar nautgripabænda á búgreinaþingi. Fyrstu verkefnin munu snúa að endurskoðun búvörusamninganna.



Hólmahjáleiga er í Austur-Landeyjum, skammt frá Bakkaflugvelli og Landeyjahöfn. Þegar Rafn og Majken fluttu þangað árið 2005 var búið að leggja kúabúskap niður tveimur árum áður. Mynd / Aðsend

ekki með sjálfstæðan fjárhag. Fyrirkomulag breytts félagskerfis er allt í mótun, enda ekki búið nema eitt heilt rekstrarár hjá sameinuðum Bændasamtökum. „Svona félagskerfi á ekki að vera meitlað í stein að mínu mati. Þetta þarf að þróast eftir breytingum í samfélaginu og breytingum í greinunum.“

Vill alltaf gera betur

„Við eigum sífellt að spyrja okkur hvort við getum gert hlutina betur. Það er alveg sama hvort við erum að framleiða mjólk og kjöt eða ákveða hvernig félagskerfið og hagsmunagæslunni er hagað. Þó að hlutirnir gangi ágætlega eru alltaf einhver tækifæri til að gera betur,“ segir Rafn.

Í þessu samhengi nefnir hann sérstaklega Búnaðarþing og búgreinaþing, sem eru tveir stórir fundir sem Bændasamtökin halda hvert ár með mánaðarfresti, og spyr hvort skilvirkara væri að sameina þessar samkomur í eina.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

VALTRA A115 H4

MADE IN FINLAND



- Vökvavendigír með bremsustoppi
- 4 milligírar + 4 rafskiptir gírar
- 3. hraða aflúrtak 540/540E/1000
- Auka ökuljós í topp
- 4 vinnuljós framan + 4 aftan.
- Loftpúðasæti
- Vinnublikkljós
- Húsfjöðrun
- Glerþak að hluta fyrir aukið útsýni

Verð kr.
12.400.000
án vsk.



ERT



bogballe

AFLVÉLAR
Framúrskarandi fyrirtæki 2018 2022
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



LÍF & STARF

Handverk:

Mesta áskorunin er að stoppa upp uglur

– Brynja Davíðsdóttir vann til verðlauna á Evrópumeistaramóti hamskera



Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com

Brynja Davíðsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir uppstoppun á ýmsum tegundum dýra. Þá stundar hún líka leirlist og er náttúrufræðingur fram í fingurgóma. Hún gerði sér lítið fyrir á dögunum og hafnaði í þriðja sæti í flokki smáfugla á Evrópumeistaramóti hamskera.

Brynja er uppalin á Laugarvatni og í Reykjavík. Hún lærði upp- stoppun í Bretlandi frá 17–21 árs aldurs og kom þá heim um stund til að klára menntaskóla en þaðan fór hún til Ítalíu í nokkur ár.

„Seinna flutti ég á Hvanneyri til að stunda meistaranám í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands og vann við fuglarannsóknir á þeim tíma og stoppaði upp fugla samhliða því fyrir Náttúrustofu Kópavogs og einstaklinga. Eftir útskrift rataði ég í margvísleg spennandi náttúrutengd störf. Ég var t.d. landvörður á Teigarhorni, framkvæmdastjóri UNESCO jarðvangs, vann verkefni tengd uppbyggingu Ramsarsvæðisins Andakíls í Borgarfirði og í dag vinn ég fyrir Fuglavernd við alþjóðleg samstarfsverkefni samhliða uppstoppun og leirlist, en ég tók diplómanám í leirlist fyrir nokkrum árum," segir Brynja.

Hún á tvö uppkomin börn sem tóku þátt í þessu ævintýri með henni en þau stunda nú háskólanám í verkfræði og iðjuþjálfun og eru bæði listræn og náttúruelskendur að sögn Brynju.

Hamskerinn Brynja

Brynja er hamskeri. En hvað þýðir það á mannamáli?

„Uppstoppun er faggrein en það eru fremur óhefðbundnar leiðir til að læra hana og oftast bara í gegnum verknám, ef þú ert það heppinn að komast að. Á Norðurlöndunum er ákveðinn rammi utan um námið og maður þreytir próf að lokum til að geta starfað sem fagmaður og kallað sig hamskera. Í Bretlandi og víðast í Evrópu taka hamskerar þátt í mótum þar sem keppt er til verðlauna og það er einkum þannig sem menn bæta sig, læra hver af öðrum og skara fram úr í faginu. Ef þú tekur ekki þátt þá veistu ekki hversu góður þú ert í samanburði við hina," segir Brynja aðspurð um starfið.

Hún segir að þegar hún byrjaði í uppstoppun var talað um „uppstoppara" hérlendis. Í Bretlandi, þar sem hún var í verknámi, var þá átak í tveimur þáttum, annars vegar að hækka standardinn á uppstoppuðum dýrum úr illa uppstoppuðu í vel uppstoppað (því var náð fram með fræðslu og keppni á árlegum ráðstefnum) og svo með því að láta fremur niðrandi orð yfir fagið víkja fyrir betra heiti.



Brynja Davíðsdóttir, hamskeri á Selfossi, hefur náð langt í sinni grein enda meira en nóg að gera hjá henni við að stoppa upp fugla. Hún segir að uglur séu mesta áskorunin þegar uppstoppun er annars vegar. Mynd /MHH

„Þannig að þegar ég kem heim úr mínu námi 1996, þá nýbúin að vinna titilinn „Best of Show" á árlegri ráðstefnu breskra hamskera, þá fannst mér kjörið að vinna undir nafninu „Brynja hamskeri", enda þá orðin sérhæfð og fær í uppstoppun fugla á breskum mælikvarða," segir Brynja.

Skotland

Brynja byrjaði starfsmenntanám sitt í Skotlandi árið 1993, þá 17 ára. Hún varði nokkrum mánuðum í að læra af mismunandi hamskerum í Skotlandi, sem allir höfðu mismunandi sérhæfingu og svo nokkrum mánuðum í Konunglega Edinborgarsafninu og kynntist þar afburða fagmönnum og verklagi þeirra. „Stærsta hluta starfsmenntunarinnar, eða á rúmum tveimur árum, varði ég með Mike Gadd, einum mest verðlaunaða hamskera Bretlands í uppstoppun fugla á þeim tíma."

Unnið til fjölda verðlauna

Brynja hefur unnið til fjölda verðlauna í alls konar keppnum hamskera. „Þegar kemur að þessu fagi þá er það færni leiðbeinanda og vinnulag þeirra sem skiptir langmestu máli fyrir frammistöðu lærlingsins, svo auðvitað hæfileikar einstaklingsins, æfingin og áframhaldandi tilsögn frá þeim sem eru færari en maður sjálfur. Þess vegna hef ég tekið þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum í gegnum tíðina þar sem maður mátar sig við aðra í faginu og fær innblástur og krítík á sína vinnu.

Ég hef unnið til fjölda verðlauna á þessum mótum og það hefur skipt mig miklu máli að vita að ég sé ekki á villigötum og sé að bæta mig. Ég hef líka sótt námskeið til að bæta tæknina og unnið fyrir færari hamskera og lært af þeim nýjar aðferðir, ber þá helst að nefna margfaldan heimsmeistara í uppstoppun smáfugla, hinn danska Peter Sunesen."



„Uppstoppun er faggrein en það eru fremur óhefðbundnar leiðir til að læra hana og oftast bara í gegnum verknám, ef þú ert það heppinn að komast að," segir Brynja. Hér er m.a. uppstoppaður köttur á Evrópumeistaramóti hamskera í Salzburg, sem Brynja tók mynd af.

Breiður hópur lífvera

Brynja er næst spurð hvað sé áhugaverðast og skemmtilegast við starf hamskera. „Það er í fljótu bragði tvennt. Annars vegar það að vinna með svo breiðan hóp lífvera sem þarf að þekkja vel til að geta varðveitt hamina þannig að þeir hafi bæði safn- og fræðslugildi til framtíðar.

Hins vegar er það verkfærnin. Ég er fuglaáhugamaður, en hef líka alltaf haft áhuga á verkfærum og hvers konar verkkunnáttu, nýt þess að horfa á fært fólk vinna í höndunum, þannig að ég drekk í mig allt sem ég sé á mismunandi vinnustofum og hvernig hver iðnaðarmaður/listamaður beitir sinni persónulegu aðferð við hvert atriði til að ná fram mismunandi útkomum," segir Brynja og bætir strax við: „Annar skemmtilegur partur er sá að það þarf að fylgjast með atferli fugla úti í náttúrunni og á góðum ljósmyndum eða myndböndum til að geta skilað ákveðnu lífi eða bliki í verkin sem ég vinn.

Svo eru það þessar samkomur eins og Evrópumeistaramót þar sem maður fær innblástur, mátar sig við færni annarra og fær tilsögn til að gera betur. Allt þetta gerir þessa vinnu mjög spennandi og skemmtilega." Brynja segist hafa mest gaman af því að stoppa upp fugla, og helst þá mófugla, uglur, smyrla og spörfugla. Hún reynir að komast hjá því að stoppa upp veiðibráð aðra en rjúpur.

Uppstoppaður auðnutittlingur

Eins og fyrr sagði er Brynja nýkomin heim eftir að hafa tekið þátt í Evrópumeistaramóti hamskera, sem haldið var í þrettánda sinn, nú í Salzburg í Austurríki samhliða glæsilegri veiðisýningu.

„Ég ákvað að taka þátt þetta árið, bæði vegna þess að það eru fimm ár síðan ég tók þátt síðast og ekki síður vegna þess að ég þurfti almennilegt verkefni að stefna að yfir veturinn sem endaði með utanlandsferð í skammdeginu. Ég þarf alveg smá hvatningu til að þrauka veturna hér á skerinu. Ég fór með uppstoppaðan auðnutittling og hann hlaut aðra einkunn, eða 85 stig af 100 mögulegum. Það endaði svo með því að hann var valinn þriðji besti smáfuglinn í flokki fagmanna, sem er besti árangur sem ég hef náð í Evrópumeistarakeppni.

Ég er afar ánægð með þann árangur og þakka nú bara mínum kennurum fyrir kunnáttuna, og kannski mína þrautseigju fyrir að hafa ekki hætt þessu starfi eftir um 30 ár, en ég get gert betur. Þetta var nú ekki besti fugl sem ég hef gert þannig að ég verð að taka þátt aftur sem fyrst og sjá hvernig gengur þá. En ég þakka líka þeim sem gefa mér fugla sem þeir finna dauða, án þeirra væri ég ekki með góð eintök í höndunum til að vinna úr og æfa mig á. Það er meðal annars það sem mig vantar meira af, góðum eintökum sjálfdauðra smáfugla og vaðfugla fyrir næsta mót."

Alltaf nóg að gera

Brynja þarf ekki að kvarta undan verkefnaleysi hér heima þegar kemur að uppstoppun. „Slæðingur af fuglum berast alltaf til mín og oftast eru það mjög skemmtileg verkefni. Ég reyni að halda mig við uppstoppun fugla núna, þannig að þeim sem áskotnast falleg og heilleg eintök og vilja láta stoppa upp eða gefa áfram er velkomið að setja sig í samband. Þá er best að fuglinn sé settur beint í lofttæmdan poka og strax í frysti, þannig geymist hann best fyrir uppstoppun seinna meir, jafnvel í nokkur ár."

Uglur og keldusvín

Brynja segir að verkefni hamskera séu auðvitað mjög mismunandi, en á hún kannski eftir að stoppa upp draumaverkefnið? „Ég hef gert ágætis gripi, man í fljótu bragði eftir sérlega fallegu eintaki af hrafni sem fór til vinar míns í Norðfirði fyrir ekki svo löngu. Svo er alltaf gaman að stoppa upp uglur og keldusvín, þau koma vel út. Svo að sjálfsögðu eru það fuglarnir sem hafa náð langt á mótum, til að mynda hálfstálpaði lóuunginn sem ég fann á þjóðveginum við Djúpavog og fór með á Evrópumeistaramótið 2018 þar sem hann hlaut aðra einkunn."

Leirbrennsla líka

Brynja er líka í leirbrennslu og hefur mjög gaman af því starfi.





Brynja hefur stoppað upp fjölmarga hana í gegnum árin með góðum árangri. Þeir sem vilja hafa samband við hana geta hringt í s. 844-7633 eða gegnum Facebook.



Brynja náði þeim glæsilega árangri nýlega að verða í þriðja sæti á Evrópumeistaramóti hamskera í Salzburg með auðnutittling, sem hún stoppaði upp. Mynd / Aðsend

„Fyrir nokkrum árum langaði mig að læra að renna leir og í framhaldinu að gera eitthvað öðruvísi en aðrir eru að gera hér á landi. Auðvitað varð það svo fuglatengt hjá mér. Þannig að leirlistin mín er lína af sérmerktum, handrenndum bollum og könnum með fríhendis teiknuðum fuglamyndum.

Leirtauið þolir uppþvottavél og engir tveir bollar eru eins, hvorki í laginu né skreytingunni. Fólk hefur tekið þessu mjög vel, þetta eru eftirsóttar tækifærisgjafir, stundum sérpantaðar. Þeir fást hjá mér á vinnustofunni á Selfossi en einnig í Safnbúð Listasafns Íslands við Reykjavíkurtjörn. Þannig að leirvinnan gengur mjög vel og er frábær viðbót í annars mjög skemmtilegt listaflæði á heimilinu," segir Brynja.

Spennandi verkefni fram undan

Brynja situr ekki auðum höndum núna. „Fram undan er uppstoppun fugla fram á vor samhliða leirbrennslu og skreytingum með fuglamyndum til að eiga eitthvert úrval leirmuna fyrir sveitamarkaði og hugsanlega á Hrafnagili á Akureyri seinna í sumar. Í vetur fór ég á leirnámskeið í Englandi til að læra að handmóta fuglastyttur. Ég hlakka til að gefa mér góðan tíma í að nýta mér þá tækni í ró og næði og sjá hvað kemur út úr því.

Að endingu langar mig bara að þakka Bændablaðinu og landsbyggðarfólki fyrir mjög góða samfylgd og samstarf síðustu þrjátíu árin. Ég hef kynnst virkilega góðu fólki sem ég er þakklát fyrir að hafa kynnst og hafa fengið að vinna fyrir. Ég held að það megi alveg segja það að án þess hefði ég ekki haldið úti þessu starfi svona lengi, og ekki náð þessum árangri sem ég náði núna á síðustu vikum. Þetta er allt spurning um samstarf og hvatningu, til að halda áhuga og metnaði til að gera betur. Þannig að, takk fyrir mig," segir Brynja stolt og ánægð með vinnuna sína og lífið sjálft.







VIÐTAL



Nanna býr á Miðhóli í Rangárvallasýslu ásamt sambýlismanni sínum, Guðmundi Garðarssyni frá Hólmi í Austur-Landeyjum, og börnum, Esju Sigríði, 14 ára og Jóni 8 ára. Mæðginin Nanna og Jón eru hér í útreiðatúr. Nanna situr Jónsson frá Ásmundarstöðum og Jón er á Pabbastelpu frá Ásmundarstöðum. Myndir / ÁL

Hestamennska:

Hugfangin af hestinum

– Nanna Jónsdóttir er nýr formaður deildar hrossabænda

Nanna Jónsdóttir var kjörin nýr formaður deildar hrossabænda hjá Bændasamtökunum á búgreinaþingi. Hún er uppalin á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, en býr og stundar hrossarækt á Miðhóli þar skammt frá. Hún hefur komið að ýmsu er við kemur hestum, starfrækt hestasumarbúðir og sinnt stóðhestahaldi ásamt því að hafa komið að uppbyggingu á vatnsbrettaþjálfun.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



„Ég hef alltaf verið hugfangin af hestinum okkar og aldrei vikið frá því að stunda hestamennsku. Ég kenni hross mín við Ásmundarstaði og var þátttakandi í hrossarækt foreldra minna, Sigríðar Sveinsdóttur og Jóns Á. Jóhannssonar. Núna er ég með mína eigin ræktun sem byggist á þeirra stofni. Hrossarækt er án efa með því skemmtilegra sem hægt er að stunda, maður er fljótur að sjá uppskeruna og árangurinn. Ég legg mikið upp úr því að kynnast ræktuninni minni vel og sér í lagi hryssunum áður en ég set þær í ræktun. Ég hef í gegnum tíðina ýmist reynt að ríða þeim og þjálfa upp að vissu marki áður en þær fara í dóm eða taka við þeim eftir dóm og fara helst með þær í allavega eina hestaferð. Frelsið sem við njótum hér á landi til að ferðast á hestum vítt og breitt um landið er ómetanlegt og mikilvægt bæði fyrir hesta og menn. Okkur ber að vernda gamlar reið- og þjóðleiðir fyrir komandi kynslóðir og hestamennskuna í heild sinni. Fátt toppar það að ríða út í náttúru landsins í góðra vina hópi á fallegu sumarkvöldi.“

Nanna segir fjölbreytni hestamennskunnar heillandi.

„Hestamennska hefur marga anga og getur verið margs konar, hvort sem er fyrir áhugamenn eða fólk í atvinnustarfsemi.

Henni fylgja svo mörg afleidd störf. Í raun gerum við okkur ekki grein fyrir hvað hesturinn spilar stóran þátt í mörgum rekstri og tengist fjölbreyttri atvinnustarfsemi beint og óbeint enda er engin yfirsýn yfir það hjá stjórnvöldum. Til að mynda er hestamennskan flokkuð meðal hinna ýmsu atvinnugreina innan Hagstofunnar sem skekkir heildarmyndina því innan flestra þessara flokka er ekki yfirsýn yfir hve stór hluti tilheyri nákvæmlega hestinum.“

Höfuðstöð hestsins

Upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFengur, er Nönnu ofarlega í huga. „Ég tel algjörlega tímabært að uppfæra ættbókina og alla umgjörð kringum hana. Í WorldFeng eru öll íslensk hross í heiminum skráð í miðlægan gagnagrunn sem ég tel vera lykilinn og undirstaða alls er við kemur hrossarækt. Það er afar mikilvægt að við öxlum ábyrgð sem upprunaland íslenska hestsins með öflugu utanumhaldi en í góðu samstarfi á alþjóðavísu.“

Nanna telur þörf á að marka formlega framtíðarstefnu um hlutverk íslenska hestsins á heimsvísu. „Sem upprunaland þurfum við að vera í leiðtogahlutverki og í því samhengi þá velti ég fyrir mér hvort ekki sé tímabært að koma á laggirnar mögulegum höfuðstöðvum íslenska hestsins hérlendis. Ef bara er horft í það að ríflega 10% ferðamanna koma til landsins vegna hestsins í afþreyingarskyni, þá ætti vel að vera grundvöllur fyrir því.

Einnig væri mikilvægt að slíkar höfuðstöðvar kæmu að því að halda utan um um allt er viðkemur hestinum okkar.

Síðan eigum við að sjálfsögðu að vera með stöðug augu á kynbótakerfinu og þróun þess, umgjörð og utanumhald, skoða það með gagnrýnum en sanngjörnum augum með hliðsjón af öllum öngum; sýnenda, ræktenda, starfsmanna, áhorfenda og dómara – þar reynir á virkni Fagráðs.“



Nanna hefur verið í samstarfi við Evu Dyröy og komið að þjálfun hrossa í vatnsbrettaþjálfun ásamt stóðhestahaldi. Hér er stóðhesturinn Adrían frá Garðshorni á brettinu.

Tryggja þarf fjármuni í utanumhald

Deild hrossabænda er þriðja fjölmennasta deild Bændasamtakanna. Nanna segir mikilvægt að hrossabændur og ræktendur sameinist innan búgreinadeildarinnar. „Ég tel þó að ansi margir séu ekki skráðir í deildina en eiga vonandi eftir að skrá sig á næstu misserum.

Vægi hrossabænda innan samtakanna eykst væntanlega í ljósi fjöldans og reynir þá enn meira á bæði okkur í stjórn búgreinadeildarinnar og einnig á stjórn Bændasamtaka Íslands að koma hrossaræktinni að í búvörusamningum, m.a. til að festa í sessi deild hrossabænda innan BÍ.“Hún segir að tryggja



Hinn nýi formaður búgreinadeildar hrossabænda mun leggja mikið upp úr því að taka samtal við grasrótina og kalla eftir skoðunum félagsmanna í beinum samtölum og fundarherferðum.



Jón er knár knapi.



Stóðhesturinn litfagri Ellert frá Baldurshaga nýkominn úr vatnsþjálfun.

þurfi aðkomu hrossabænda að búvörusamningum.

„Þá er ég ekki að tala um að við eigum að fara inn í styrkjakerfið eins og aðrar búgreinar heldur þarf að tryggja fjármuni í utanumhald vegna íslenska hestakynsins svo hægt sé að öðlast betri yfirsýn, svo við getum sinnt leiðtogahlutverki okkar og í umgjörð og utanumhald er því við kemur. Greinin byggir á arfleifð íslenskrar menningar og ég tel að hestamennskan eigi eftir að halda áfram að vaxa og dafna um ókomna tíð.

Það var mikil innspýting á sínum tíma þegar Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hrinti af stað átaksverkefni í uppbyggingu á reiðhöllum um land allt sem olli algjörri byltingu á aðstöðu og reiðmennsku. Nú tel ég að það sé kominn tími til að marka framtíðarsýn í samstarfi við stjórnvöld og koma íslenska hestinum á föst fjárframlög frá ríkinu. Áhugavert væri jafnframt að skoða lækkun á virðisaukaskatti eins og stundum hefur verið umræða um og var ein af niðurstöðum skýrslu sem unnin var árið 2009 fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Lækkun á virðisauka í 11% skatthlutfall gæti verið mikill hvati fyrir greinina innanlands eins og stjórnvöld gerðu til að mynda fyrir ferðaþjónustuna vegna sölu á gistiþjónustu með góðum árangri. Einnig er afar mikilvægt að hafa næga fjármuni eyrnamerkta í rannsóknir. Það er til dæmis tímaspursmál hvenær við þurfum að svara hver efri þyngdarmörk á knöpum séu fyrir okkar hestakyn og þá þurfum við að vera með þekkingu á reiðum höndum.“

Vill vera í virku samtali við félagsmenn

Nanna telur mikil tækifæri felast í aukinni nýliðun í hestamennskunni.

„Það er í raun og veru átak sem stöðugt þarf að sinna enda samkeppnin mikil. Við þurfum að sjálfsögðu að passa upp á stofnvernd íslenska hestsins og viðhalda erfðabreidd hans.

Ein af stóru áskorunum sem stjórn búgreinadeildar hrossabænda stendur frammi fyrir er að fá fleiri félagsmenn inn til að sameina krafta sína innan Bændasamtakanna sem ég bind miklar vonir við að verði – sér í lagi ef við fáum aðkomu að búvörusamningum.


Einnig mun ég leggja mikið upp úr því að taka samtal við grasrótina og kalla eftir skoðunum félagsmanna, hvort sem er í beinum samtölum eða fundarherferðum. Síðan verður vonandi hægt að nýta Bændatorgið innan BÍ til þess að vera í virku samtali við félagsmenn.“

VANDAMÁL Í ELDSNEYTI??

Dísel bætiefnið frá MOTUL eyðir öllum raka í eldsneytiskerfum, hreinsar spíssa og kemur því í veg fyrir sveppamyndun. Það geta því sparast töluverðir fjármunir með því að nota MOTUL DIESEL SYSTEM CLEAN



MOTUL Á ÍSLANDI WWW.MOTULISLAND.IS SÍMI 462-4600



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Málþing fagráðs í lífrænum landbúnaði:

„Ég brenn fyrir góðum jarðvegi“

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Þann 2. mars síðastliðinn hélt fagráð í lífrænum landbúnaði málþing á Sólheimum í Grímsnesi þar sem áhersla var lögð á jarðvegslíf, jarðgerð og verðmætasköpun í lífrænni ræktun.

Á málþinginu voru fjölmörg áhugaverð erindi en eitt af þeim var frá Austurríkismanninum Gerald Dunst, sem er ráðgjafi og frumkvöðull og jafnframt eigandi fyrirtækisins Sonnenerde í Austurríki. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á mismunandi tegundum rotmassa eða jarðvegs ásamt lífkolum.

„Kolefnisræktun (*e. Carbon farming*), eða endurnýjandi landbúnaður eins og ég kýs að kalla það, er eina leiðin til þess að hægt verði að framleiða matvæli fyrir heiminn í framtíðinni. Þar er frjósemi jarðvegs mikilvægasti hlutinn og ég predika hvar sem ég kem að bændur eigi að hætta að nota áburð en fara þess í stað að nota örverur því sú aðferð skilar jafngóðum niðurstöðum ef ekki betri,“ segir Gerald sem benti á í erindi sínu að um 25% bænda í Austurríki stunda lífræna ræktun og eftir sjö ár er því spáð að um 35% bænda verði komnir út í slíka búskaparhætti.



Gerald Dunst, ráðgjafi, frumkvöðull og eigandi fyrirtækisins Sonnenerde í Austurríki, var einn fyrirlesara á málþingi fagráðs í lífrænum landbúnaði, sem haldið var á Sólheimum í Grímsnesi á dögunum. Fyrirtæki hans sérhæfir sig í framleiðslu á mismunandi tegundum rotmassa eða jarðvegs ásamt lífkolum.

Helgar lífið frjósömum jarðvegi

Gerald var ungur að árum þegar hann fékk áhuga á jarðgerð og smátt og smátt ákvað hann að helga líf sitt því að framleiða hágæða rotmassa eða jarðveg.

„Þegar ég var 14 ára gamall byrjaði ég að spá í rotmassann í heimagarði foreldra minna, ég sneri honum reglulega og lífið þar vakti svo sannarlega áhuga minn. Þar skynjaði ég hversu mikilvæg og flókin náttúruauðlind jarðvegur er og langaði að kanna hvernig hægt væri að nýta verðmæti hans. Síðar fór ég í garðyrkjuskóla í Vín og lærði mikilvægi þess að nota nitur í jarðvegi því vöxturinn bætist til muna með nýtingu þess,“ útskýrir Gerald og segir jafnframt:

„Eftir árin í garðyrkjuskólanum fór ég í nám í lífvísindum í háskólanum í Vín og eftir eitt ár þar komst ég í starfsnám hjá bónda sem hafði framleitt rotmassa frá árinu 1985. Þar vann ég í fjóra mánuði og sá þar mjög frjósaman jarðveg, ég gróf niður 30-40 sentímetra í mjög dökkan jarðveg sem var fullur af mikilvægum næringarefnum og örverum. Þá vissi ég að það var nákvæmlega þetta sem ég vildi vinna að og þróa enn frekar.“ Í dag framleiðir fyrirtæki Geralds, Sonnenerde, þrjátíu tegundir af rotmassa sem nýttur er við mismunandi aðstæður.

Sex mánuði tekur að þróa uppskrift að nýjum jarðvegi

„Viðskiptavinir okkar koma úr öllum áttum, allt frá einstaklingum til fyrirtækja og síðan eru garðahönnuðir mjög áhugasamir um úrvalið hjá okkur. Við veitum ráðgjöf fyrir mismunandi aðstæður og margir viðskiptavina okkar eru mjög ánægðir með þá þjónustu að geta verslað vörur okkar á netinu og fá sent heim til sín,“ segir Gerald og bætir við:

„Við erum í stöðugri þróun með uppskriftir að nýjum jarðvegi en það tekur yfirleitt um sex mánuði að þróa uppskrift og koma henni í framleiðslu. Mörg fyrirtæki í sambærilegri framleiðslu og við vilja einungis framleiða sem mest af úrgangi til að græða meiri pening en okkar hugmyndafræði er að framleiða bestu mögulegu gæði og við höfum hlotið ávinning af því. Það tók okkur þó sex ár að þróa Terra Petra, sem er talinn besti og frjósamasti jarðvegur í heimi. Þá er jarðvegurinn svartur og á upphaf sitt á Amazon-svæðinu í Suður-Ameríku. Það er mikið innihald af lífkolum í jarðveginum og því fær hann þennan lit en hátt næringargildi jarðvegsins kemur til af miklum styrk kola, örverulífs og lífrænna efna. Við framleiðum Terra Petra í miklu magni vegna vinsælda þess en fólk sem hefur kynnst þessari tegund jarðvegs velur hann fram yfir annan. Terra Petra er þrefalt dýrari en annar jarðvegur en það virðist ekki hindra viðskiptavini í að velja hann.“

Framleiða 200 tonn af lífkolum árlega

Gerald situr ekki auðum höndum og er stöðugt að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd. Hann hefur m.a. rekið lífkolaverksmiðju í rúm 10 ár og framleiðir um 200 tonn af hágæða lífkolum á hverju ári.

„Lífkolin munu gegna lykilhlutverki í að draga úr kolefnislosun í andrúmsloftinu vegna eiginleika þeirra. Við framleiðum lífkolin með einstaklega háum hreinleika þar sem umhverfið er ekki mengað á nokkurn hátt því hráefnið kemur úr endurnýjanlegum lífmassa og við framleiðsluna kemur enginn reykur út, eingöngu hrein, hvít gufa. Við notum svæðisbundin hráefni í framleiðsluna sem er mikilvægur þáttur í gæða- og umhverfisstöðlum fyrirtækisins ásamt því að nota virðisauka svæðisins,“ útskýrir Gerald og segir jafnframt:

„Við höfum þróað mikið af mismunandi vörum úr lífkolunum eins og til dæmis Terra Petra jarðveginn en lífkolin er hægt að nota á ólíkan hátt. Við framleiðum bætiefni fyrir húsdýr með lífkolunum og erum að þróa það sama fyrir fisk en það eru oft magavandræði hjá eldisfiskum sem lífkolin geta læknað. Einnig munum við þróa bætiefni úr lífkolum fyrir fólk en sjálfur neyti ég þess, í litlu magni, á hverjum degi og finn að það gerir magaflórunni mjög gott.“

Ávinningur fyrir bændur

Frá árinu 2007 hefur Gerald starfrækt svokallað humus-verkefni á vistsvæðinu Kaindorf í Austurríki þar sem 400 bændur á fimm þúsund hektara svæði taka þátt.

„Verkefnið snýst um það að bændur fá greitt fyrir að auka kolefni í jarðvegi í nýju þróuðu kolefnislánakerfi. Markmiðið er að efla vöxt á humus, næringarríku moldarefni, sem er lífrænn rotmassi og myndast náttúrulega í hvers konar jarðvegi í upprunalegu ástandi. Þetta er mikið tækifæri fyrir okkur gegn loftslagsbreytingum því með uppsöfnun á humus verður jarðvegurinn stöðugri og getur tekið í sig margfalt meira vatn og því er auðveldara að lifa af eftir þurrkatímabil sem dæmi,“ útskýrir Gerald og bætir við:

„Við gerum samning við hvern og einn bónda sem samþykkir að þróa humus á landbúnaðarsvæði að eigin vali. Vanalega er það ræktað land og samningurinn nær til 5-7 ára í senn. Bændur hafa frjálsar hendur með hvernig þeir framkvæma þetta en við komum með ýmsar ráðleggingar inn í verkefnið sem snúa að gróðursetningu, jarðvinnslu án plægingar, fækkun efnaáburðar, notkun rotmassa og fleira. Verkefnið greiðir síðan bændunum árangursgjald fyrir bindingu á kolefnum sem fyrirtæki kaupa af fúsum og frjálsum vilja til að bæta upp fyrir losun sína. Þannig að ávinningur bændanna getur verið mikill og það hefur verið skemmtilegt að sjá áhrifin sem þetta hefur haft því sífellt bætast fleiri bændur við inn í verkefnið. Fyrir okkur er aðeins umhverfisvæn nýting á auðlindum okkar skynsamleg og það sem drífur mig áfram í allri þessari vinnu er að skila jörðinni betri til barnanna minna en ég tók við henni. Ég brenn fyrir góðum jarðvegi.“

Hvað eru lífkol?

- Lífkol eru framleidd með því að hita lífrænt efni í yfir 350 gráður við súrefnislausar aðstæður
- Þau eru framleidd sérstaklega til notkunar í jarðvegi
- Hægt er að búa til lífkol úr mörgum mismunandi lífrænum hráefnum (seyru, viði, eldhúsúrgangi o.fl.)
- Áhugi á lífkolum hefur aukist undanfarin ár vegna getu þeirra til þess að binda kolefni í jarðvegi
- Lífkol bætir vatnsbúskap og dregur úr útskolun næringarefna
- Lífkol þarf að metta með næringarefnum fyrir dreifingu, til dæmis úr mykju eða moltu

(Heimild: Cornelis Aart Mejles, ráðunautur Loftslagsvænn landbúnaður, RML)



„Fyrir okkur er aðeins umhverfisvæn nýting á auðlindum okkar skynsamleg og það sem drífur mig áfram í allri þessari vinnu er að skila jörðinni betri til barnanna minna en ég tók við henni,“ segir Gerald um leið og hann kannar gæði jarðvegs í gróðrarstöðinni Sunnu á Sólheimum.





Eignirnar voru staðsettar í húsnæði hótelsins við Hagatorg, en húsnæðið er rúmlega 18.000 fermetrar. Mynd / H.Kr

Hótel Saga:

Skiptum á þrotabúinu lokið

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. september 2021, var bú Hótel Sögu ehf., við Hagatorgi í Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum þrotabúsins lauk þann 28. febrúar síðastliðinn

Áslaug Árnadóttir lögmaður, skipuð skiptastjóri í þrotabúinu, segir að strax við upphaf skipta hafi legið ljóst fyrir að þrotabúið ætti þó nokkuð af lausafjármunum.

Lýstar kröfur í búið námu 734.914.263 milljónum króna auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag. Að sögn Áslaugar voru samþykktar veðkröfur að fjárhæð 36.752.543 milljónum króna og voru þær greiddar að fullu. Auk þess sem samþykktar forgangskröfur að fjárhæð 73.043.026 milljónum króna voru greiddar að fullu.

Upp í samþykktar almennar kröfur að fjárhæð 625.118.694 milljónir króna voru greiddar 8.361.559 milljónir króna, eða um 1,33%.

„Lögð var mikil vinna í að afla upplýsinga um eignirnar og mögulegt verðmæti þeirra. Eignirnar voru staðsettar í húsnæði hótelsins við Hagatorg, en húsnæðið er rúmlega 18.000 fermetrar.



Áslaug Árnadóttir, lögmaður og skiptastjóri í þrotabúi Hótel Sögu. Mynd / Aðsend

Um var að ræða eldhústæki og innréttingar í eldhús, húsgögn í um 235 hótelherbergjum auk húsgagna í fundarherbergjum, á tveimur veitingastöðum, í Súlnasal og í almennum rýmum. Einnig voru stórir kælar í húsinu, líkamsræktarsalur og mikið af ýmiss konar húsbúnaði.“

Áslaug segir að sala á lausafé hafi hafist í desember 2021 og lokið vorið 2022.

„Fljótlega var ljóst að umfang munanna var svo mikið að kaupa þurfti aðstoð við söluna. Einnig var keypt aðstoð við að farga þeim lausafjármunum sem ekki var mögulegt að selja og aðstoð við tæmingu húsnæðisins.“ */VH*

Bændablaðið á Instagram & Facebook





AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd VH

Búgreinaþing 2023:

Félagsmönnum BÍ fjölgað

Um 200 manns mættu á búgreinaþing 2023 sem var haldið 22. og 23. mars. Í setningu kom fram að rekstur Bændasamtakanna væri í járnum en sífellt væri leitað leiða til að efla og bæta reksturinn.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, sagði að meðlimum BÍ hafi fjölgað um 25% á milli ára og að það sé ánægjulegt og sýni að bændur almennt sjái hag sinn í því að vera í samtökunum.

Gunnar tiltók ýmis verkefni sem samtökin hafa unnið að undanfarna mánuði og þar á meðal mál sem snerta tryggingar bænda, heilsu þeirra og velferð.

Í samtali við Bændablaðið þegar leið á þingið sagðist Gunnar hafa góða tilfinningu fyrir þinginu og gangi þess.

„Þingið var drifið áfram af krafti og fulltrúar þess tóku virkan og málefnalegan þátt í umræðunum sem áttu sér stað. Vinna sem var unnin í aðdraganda búgreinaþingsins er að skila vandaðri vinnu inn á þingið og hér er verið að móta þær enn betur fyrir væntanlegt Búnaðarþing sem haldið verður 30. og 31. mars næstkomandi.“ /VH



Frá fundi búgreinadeildar hrossabænda.

Hrossabændur:

Vilja beina aðkomu að búvörusamningum

Hrossabændur vilja beina aðild að búvörusamningum við endurskoðun þeirra og ræddu meðal annars aðkomu kynbótahrossa að landsmótum, og forsendur tilnefninga til ræktunarbús ársins á fundi sínum á búgreinaþingi.

Samþykktar tillögur innihéldu meðal annars brýningu til stjórnar að halda áfram undirbúningi á breytingu á samþykktum deildarinnar varðandi skipan fagráðs í hrossarækt. Einnig var lagt til að stjórn hrossabænda skipi starfshóp til að fara yfir aðkomu kynbótahrossa á landsmótum ásamt því að útfærsla stjórnar um tilnefningu BÍ til hrossaræktarbús ársins verði háð því að að lágmarki einn ræktandi sem stendur að hverju ræktunarbúi þurfi að vera fullgildur félagi í BÍ og er þá miðað við félagatal 1. maí ár hvert. Einnig var samþykkt tillaga sem fól í sér að stjórn búgreinadeildarinnar vinni að því að fá beina aðkomu að búvörusamningum. „Í gegnum beina aðild að búvörusamningum þarf greinin að fá fjármuni til að standa straum af kostnaði við kynbótastarfið, stuðning við markaðsstarfið og fjármuni til að hægt sé að standa vörð um ættbókina og upprunalandið. Þá skýtur skökku við að hrossabændur fái engan stuðning fyrir þær hrossaafurðir sem þeir leggja inn líkt og aðrir kjötframleiðendur. Það er eðlileg krafa að stuðningur verði tekinn upp og að hrossabændur sitji við sama borð og aðrir kjötframleiðendur,“ segir í tillögunni

Tveim tillögum frá Samtökum ungra bænda, sem fjölluðu um þyngdartakmarkanir í hestamennsku og starfsskilyrði bænda sem framleiða hrossakjöt, var vísað aftur til stjórnar.

Nanna Jónsdóttir var kjörin nýr formaður deildarinnar. Hún tók við af Sveini Steinarssyni sem hefur sinnt formennsku í áratug. Þær Sonja Líndal Þórisdóttir, Þórdís Ingunn Björnsdóttir og Ragnhildur Loftsdóttir voru kosnar í varastjórn. Aðrir í aðalstjórn eru þau Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, Vignir Sigurðsson, Eysteinn Leifsson og Guðný Helga Björnsdóttir. /ghp

Garðyrkjubændur:

Bregðast þarf við verri afkomu

Axel Sæland var endurkjörinn sem formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands á nýliðnu búgreinaþingi.

Fjórtán tillögur lágu fyrir þinginu og flestar snerust þær um endurskoðun búvörusamninga og þeim tengdum. Skýrsla RML sýnir að hagur garðyrkjubænda hefur versnað.

„Búvörusamningarnir eru stóra málið hjá garðyrkjubændum þetta árið og tillögurnar skiptust í tvennt. Annars vegar stuðning við nýliða í greininni og að fá ungt fólk inn í greinina og tvær tillögur sem fjölluðu um það.“



Frá fundi deildar garðyrkjubænda á búgreinaþingi 2023. Fremst til vinstri situr Axel Sæland, nýendurkjörinn formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands. Mynd/ VH

Dýrt fag að stíga inn í

Aðspurður segir Axel að þrátt fyrir að áhugi á garðyrkju sé mikill sé nýliðun í greininni jafnmikið áhyggjuefni innan greinarinnar og í öðrum búgreinum. „Það að stofna eða kaupa garðyrkjustöð er mikil fjárfesting og dýrt að stíga fyrstu skrefin inn í greinina.“

Hagur garðyrkjubænda

Á fundi garðyrkjubænda gerði Ívar Ragnarsson, ráðgjafi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, grein fyrir nýrri skýrslu RML um rekstrarskilyrði garðyrkjunnar 2019 til 2021.

Í máli Ívars kom meðal annars fram að afkoma þeirra bænda sem tóku þátt í verkefninu sem skýrslan var unnin upp úr hefur versnað.

Fastur kostnaður hækkaði mikið á tímabilinu og mest á liðunum rafmagn og vatn, eða um 77%. Breytilegur kostnaður sem krónur á hektara hækkar töluvert milli áranna 2019 og 2020 en lækkar heldur árið 2021 þannig að hækkunin er um 8% á þessu þriggja ára tímabili.

Afkoma versnaði bæði í yl- og kartöfluræktarstyrk kemur í veg fyrir enn verri afkomu þeirra sem hann fá.

„Það er deginum ljósara að það þarf að bregðast við því og að garðyrkjubændur muni nýta sér skýrsluna til þess.“

Dökk mynd

Axel segir að skýrslan hafi dregið upp dekkri mynd en hann hafi búist við og því miður sýni hún að afkoma garðyrkjubænda hefur farið versnandi.

„Sjálfur átti ég von á að staðan í ylræktinni væri betri en ástæðurnar fyrir þessu geta verið margar. Verðbólgan er ekki að hjálpa og vegna hennar erfitt að halda vöruverði niðri. Bæði laun og aðföng hafa hækkað og erfitt að velta þeim hækkunum út í verðlagið. Á þinginu kom fram vilji til að fara í aukið samtal við RML um nýliðun í greininni og að þeir hafi beinan aðgang að skýrsluhaldi, áætlunargerð og bókhaldi garðyrkjubænda.“

Ein breyting í stjórn

Axel Sæland var endurkjörinn sem formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands á nýliðnu búgreinaþingi. Ein breyting var gerð á stjórn deildarinnar, Óskar Kristinsson hætti sem stjórnarmaður og Jón Helgi Helgason kom í hans stað. /VH

Eggjabændur:

Bjartsýnir á framtíðina

Allt var með kyrrum kjörum á fundi eggjabænda á búgreinaþingi. Helstu mál á dagskrá var umræða tengd skýrslu fráfarandi formanns, m.a. um markaðsaðstæður og fjölgun ferðamanna á síðasta ári.

Helstu verkefni voru eftirfylgni sprettgreiðslna, en þær fengust greiddar nýlega. Annað mál var sex mánaða framlenging búrahalds varphænsna til skamms tíma.

Halldóra K. Hauksdóttir var kjörin formaður deildar eggjabænda hjá Bændasamtökum Íslands í stað Stefáns Más Símonarsonar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs.

„Við fórum m.a. yfir stöðuna um afnám búra í eggjaframleiðslu og aðlögun að reglum Evrópusambandsins um lausagöngu varphænsna, en með hjálp Bændasamtakanna fengu eggjabændur, sem enn eru með hluta af varphænum sínum í búrum, sex mánaða viðbótarfrest til að aðlaga sig að þeim reglum, eða fram á mitt þetta ár. En fyrir utan þá gífurlegu fjárfestingu sem þessi breyting hafði í för með sér fyrir suma eggjabændur þá voru einnig aðrar hindranir á veginum eins og skipulagsmál. Fresturinn var veittur út júní 2023 og eftir það er stefnt að því að allir íslenskir eggjabændur verði búnir að uppfylla skilyrði aðbúnaðarreglna auk þess að vera undir ströngu eftirliti Matvælastofnunar. En ljóst var að þessi framkvæmd var ekki sársaukalaus fyrir greinina. Hún var bæði mjög kostnaðarsöm og minni eggjaframleiðendur hættu sumir sínum búskap vegna þess að menn treystu sér ekki til að breyta búum sínum eins og krafist var skv. reglugerð vegna þess kostnaðar sem því fylgdi.“



Halldóra K. Hauksdóttir, formaður deildar eggjabænda hjá Bændasamtökum Íslands. Mynd / Aðsend



Frá fundi búgreinadeilda eggjabænda. Arnar Árnason, Hilmar Vilberg, Halla Eiríksdóttir, Halldóra Hauksdóttir og Geir Gunnar Geirsson. Mynd / VH

Eggjaframleiðsla og starfsumhverfi greinarinnar

Að sögn Halldóru var farið yfir markaðsaðstæður í ljósi fjölgunar ferðamanna en salan á eggjum dróst saman í kjölfar Covid og fækkun ferðamanna í kjölfar þess. Einnig var farið yfir rannsóknir og þau tækifæri sem tengjast innlendri próteinframleiðslu til fóðurs.

Jafnframt var farið yfir rekstrarskilyrði greinarinnar en það er engin launung að tollvernd ræður þar miklu um stöðu greinarinnar. Rekstrarkostnaður búa hefur hækkað mjög mikið að undanförnu.

„Á fundinum voru valdir tveir fulltrúar eggjabænda á Búnaðarþing og ég er annar þeirra og Stefán Már, fráfarandi formaður, hinn.“

Eggjabændur bjartsýnir

„Sem nýtekin við sem formaður búgreinadeildar eggjabænda er ég bjartsýn á framtíðina fyrir hönd eggjabænda og við finnum fyrir trausti meðal neytenda og það er okkar upplifun að Íslendingar vilji kaupa það sem íslenskt er.“ /VH



Erla Gunnarsdóttir, starfsmaður BÍ, Guðmundur Svansson, formaður búgreinadeildar kjúklingabænda og Eydís Rós Eyglóardóttir stjórnarmaður.

Kjúklingabændur:

Mikill innflutningur frá Úkraínu kom á óvart

Stjórn búgreinadeildar kjúklingabænda situr óbreytt og að sögn formannsins gekk fundurinn á búgreinaþingi vel fyrir sig. Meðal þess sem var rætt er innflutningur á kjúklingakjöti og innri mál greinarinnar.

Guðmundur Svavarsson, formaður búgreinadeildar kjúklingabænda, segir að fundur kjúklingabænda hafi gengið mjög vel. „Deildin er fámenn og góð samstaða hjá okkur. Við fórum yfir tollverndina, dýraheilbrigði og önnur mál sem snerta greinina.“

Innflutningur á kjúklingakjöti

„Mikill innflutningur á kjúklingakjöti frá Úkraínu undanfarna mánuði kom okkur í opna skjöldu og við höfum talsverðar áhyggjur af því að kjötið sé ekki af sömu gæðum og innlent kjúklingakjöt. Samkvæmt því sem ég hef heyrt er sýklalyfjanotkun í landbúnaði mikil í landinu.

Bændasamtökin hafa sent Matvælastofnun erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið er að útgáfu á heilbrigðisvottorðum fyrir innflutninginn, hvaða vottorð hafi verið gefin út og hvort kjötið komi frá bændum, sláturhúsum og vinnslum sem uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til slíkra aðila hér á landi.“

Innra starf

Kjúklingabændur fóru einnig yfir innra starf greinarinnar á fundinum og að sögn Guðmundar eru félagsmenn spenntir að sjá hvað kemur út úr endurskoðun á félagsgjaldakerfi Bændasamtakanna.

„Bent hefur verið á að í dag er lítill munur á þeim félagsgjöldum sem þeir allra stærstu greiða og þeim sem smærri og miðlungs framleiðendur greiða. Áhugavert verður að sjá hvað kemur út úr þeirri umræðu á Búnaðarþingi.“

Óbreytt stjórn

Stjórn búgreinadeildar kjúklingabænda situr óbreytt frá síðasta ári og í henni eru Guðmundur Svavarsson formaður, Eydís Rós Eyglóardóttir og Jón Magnús Jónsson. */VH*

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



HÝSI
BYGGJUM BETUR



Folaldasýning Sörla 18.mars !

Hin árlega og stórskemmtilega folaldasýning Sörla verður haldin laugardaginn 18.mars næstkomandi á Sörlastöðum í Hafnarfirði.
Sýningin hefst kl.13 og dæmt verður í flokki hestfolalda og merfolalda.
Efstu 5 fölöldin í hverjum flokki keppa til úrslita og folald sýningarinnar fær Þjórsárbakkabikarinn glæsilega.

Sýningin hefst kl.13:00, í hléi verður uppboð á frábærum folatollum og veitingasala er á staðnum.
Folaldasýningin er opin öllum og skráning fer fram í gegnum netfangið topphross@gmail.com.

Vonumst til að sjá sem flesta !
Kynbótanefnd Sörla

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SÖRLI ÍÞRÓTT • LÍFSSTÍLL

KEMPPI

Hvað ertu að suða

Finnska undrið í rafsuðunni.
Rafsuðuvélar, öryggisvörur og suðuvír.



LANDVÉLAR | SMIÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR
Lausnir á lager

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Geitfjárbændur:

Brynjar í Gilhaga tekinn við formennsku

– Engin kjötafurðastöð kaupir geitakjöt af bændum til markaðssetningar

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Skipt var um formann deildar geitfjárbænda á nýliðnu búgreinaþingi og tekur Brynjar Þór Vigfússon, bóndi í Gilhaga í Öxarfirði, við embættinu af Önnu Maríu Flygenring í Hlíð.

Í Gilhaga er bæði sauð- og geitfjárrækt, auk býflugna- og skógræktar. Þá er heima á bænum ullarvinnsla og gestastofa.

„Við fjölskyldan flytjum á sveitabæ fjölskyldunnar og kaupum hana af Brynjari Halldórssyni, afa mínum, 2018 og byrjum þá með nokkrar kindur og síðar fjórar geitur árið eftir. Við byrjum svo uppbyggingu og standsetningu Ullarvinnslu Gilhaga árið 2019 og opnum hana um sumarið 2020," segir Brynjar Þór um ábúðarsögu sína í Gilhaga.



Brynjar heldur hér á hafrinum Bangsa Batmann.

Markmiðið að fjölga kindum og geitum

Hann segir að markmiðið sé að fjölga í bústofnunum. „Núna erum við með um 90 kindur og 15 geitur ásamt nokkrum vel völdum húsdýrum til að fullkomna sveitalífið. Markmiðið er að fjölga kindum og geitum áfram til að nýta bæði hús og jörð, ásamt því að halda áfram að sinna Ullarvinnslunni og gestastofunni – en stöðugur uppgangur hefur verið í aðsókn að henni frá opnun.

Skógrækt hefur verið stunduð á jörðinni til fjölda ára. Núna hafa verið skapaðir margir yndisreitir vítt og breitt um jörðina sem við vonumst til að fjölga og betrumbæta með tíð og tíma."

Lagfæringar á skýrsluhaldinu í Heiðrúnu

Að sögn Brynjars voru ýmis almenn mál tengd geitfjárræktinni rædd á búgreinaþinginu. „Við fengum kynningu á væntanlegum breytingum sem eru í farvatninu varðandi Heiðrúnu, skýrsluhaldsforriti geitfjárræktarinnar á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Hún var gerð sem afrit af Fjárvís á sínum tíma og hafa verið ansi margir annmarkar á henni undanfarin ár og nú er loks kominn skriður í að laga það sem þar þarf að laga. Þar má nefna að teknir verða út hlutir sem eru ekki tengdir á neinn hátt geitum og ýmis rangnefni, allt mun það vonandi á endanum gera skýrsluhaldið ánægjulegra fyrir geitabændur.

Við þökkum RML vel fyrir að málið sé komið á dagskrá."

Engin afurðastöð kaupir geitakjöt bænda

Verkefni Pure North í Hveragerði var að sögn Brynjars rætt á þinginu, sem snýst um framleiðslu á girðingarstaurum úr rúlluplasti. Geitabændur telja verkefnið þarft og er vonast til að hægt verði að endurnýta sem mest af rúlluplasti fyrir verkefnið.

„Ýmislegt annað var rætt eins og mikilvægi þess að nýta afurðir geita og koma þeim á markað. Mjaltir og mjólkurvinnsla er spennandi hjá mörgum geitabændum um landið og má gera ráð fyrir að meira pláss sé á markaði þar sem bændur segja vörur seljast vel.

Þeir sem vinna kjötafurðir geita eru að vinna einstaklega gott og þarft starf. Eins og staðan er núna er engin afurðastöð sem kaupir geitakjöt og þurfa því bændur að koma því sjálfir á markað með tilheyrandi tilstandi.

Væri gaman að sjá hvort einhverjir sjái tækifæri í kjötvinnslu og hagræða þannig í þágu allra geitabænda."

Miklir möguleikar í fiðuvinnslu

Brynjar telur að möguleikar í vinnslu á fiðu séu einnig miklir. „En þar þurfa bændur að gera meira og betur í að kemba og hirða um fiðuna ásamt því að senda til vinnslu. Eins og staðan er í dag er einungis Uppspuni í Ásahreppi sem vinnur geitafiðu fyrir bændur.

Þar sem magn af hverri geit getur verið frá 100–150 grömm þarf nokkrar geitur til að ná upp í vinnanlegt magn en gott verð hefur fengist fyrir afurðirnar sem seljast vel.

Á síðasta ári var haldið eitt námskeið í kembingu geita á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Geitfjárræktarfélag Íslands. Gæði fiðunnar eru mjög mikil og slaga hátt í gæði bestu kasmírullar en í íslensku fiðunni eru þó helst til stuttir þræðir, ásamt aðeins of miklu af grófum þráðum sem þarf að ná úr – sem gerir alla vinnslu dýrari.

Tilraunir hafa verið gerðar með að blanda geitafiðu og lambsull og er útkoman út úr því alveg einstaklega mjúkt og gott band. Þar nýtist styrkurinn úr toghárum lambanna, þelið og fiðan mynda síðan einstaklega mjúkt band viðkomu."

Óttast að heldur hafi fækkað í stofninum

„Frá mínum bæjardyrum séð eru mikil tækifæri í geitfjárræktinni. Hins vegar má kannski ekki mikið út af bregða þar sem stofninn er enn þá við hættumörk. Ég hef ekki heyrt nýjustu tölur um fjölda dýra í landinu en við í stjórn óttumst að heldur hafi fækkað frá síðustu tölum, en fyrir rúmu ári síðan voru einstaklingar rétt undir 1.700 á landinu.

Til þess að stofninn geti farið af lista yfir dýr í útrýmingarhættu þarf að komast í 4.800 til 7.200 vetrarfóðruð kvendýr.

Því þarf að bregðast við og reyna allt hvað hægt er að gera til að stækka og styrkja stofninn. Hafrastöðin er mikilvægur þáttur í að styrkja stofninn, mættu bændur nýta stöðina betur til að auka erfðafræðilegan fjölbreytileika stofnsins. Einnig þarf að líta til þess að fjölga búum með um 100 til 200 geitur. Til þess að það náist þarf að sýna fram á að afurðir séu metnar að verðleikum og auka aðgengi á mörkuðum. Eitthvað er um að veitingastaðir séu að taka inn geitakjöt og er það vel.

Leita þarf allra leiða til að auka hvata fyrir bændur að líta til geitabúskapar," segir Brynjar Þór.

Skuldbindingar um verndun á búfjárstofninum

Að mati Brynjars Þórs mætti gera betur varðandi greiðslur til geitabænda. „Upphæðin sem er til ráðstöfunar fyrir geitfjárræktina er ekki há og mætti leiða að því líkur að hún sé reyndar mjög lág þegar litið er til þeirra skuldbindinga sem gerðar hafa verið til verndunar á búfjárstofni í útrýmingarhættu.

Stofninn hefur fylgt þjóðinni frá landnámi og haft sitt hlutverk þó það hafi minnkað. Stofninn hefur hugsanlega aldrei verið stór en þó nóg til að lifa af. Hann er mikilvæg erfðaauðlind sem okkur Íslendingum ber að vernda og því ber okkur líka að koma af virðingu fram við þá sem það gera.Ræktun stofnsins hefur í langan tíma verið drifinn áfram að miklu leyti af hugsjónarfólki sem hefur verið í kringum Geitfjárræktarfélag Íslands. Þó margt hafi dunið á virðast aðilar vera tilbúnir að halda áfram og gera sitt besta. Við þurfum því nauðsynlega að fá fleiri geitabændur til að blása lífi í greinina. Það þarf að hvetja þá geitabændur sem fyrir eru til að leita í þá styrki sem styðja við þeirra verkefni. Eins þarf að ná inn frekara fjármagni tileinkað verkefnum tengdum geitarækt og afurðum.

Ég á auðvelt með að sjá tækifæri og framtíð geitfjárræktarinnar. Hvernig það verður virkjað er síðan verkefni framtíðarinnar.

Ég hlakka til starfsins, samstarfs við geitabændur og velunnara stofnsins, við stjórn og starfsfólk Bændasamtaka Íslands og bjartrar framtíðar fyrir geitfjárrækt á Íslandi," segir Brynjar Þór.





Frá fundi loðdýrabænda á búgreinaþingi. Mynd / VH

Loðdýrabændur:

Alvarlega farið að þrengja að

Staða loðdýrabænda er tæp að sögn formanns búgreinadeildar loðdýra vegna slæmrar afkomu í greininni í mörg ár og lítil von um að þeir geti haldið starfsemi sinni áfram ef ekkert breytist fljótlega.

Átta loðdýrabú eru starfandi á landinu í dag og Einar E. Einarsson var endurkjörinn formaður búgreinadeildar loðdýra hjá Bændasamtökum Íslands. Þorbjörn Sigurðsson sagði sig úr stjórninni og Hjalti Logason var kosinn í hans stað.

„Eins og staðan er í dag er alvarlega farið að þrengja að okkur loðdýrabændum og takmörk fyrir því hvað við getum haldið áfram við óbreytta stöðu og lágt verð." Einar segir að einna hæst hafi borið á fundi þeirra á búgreinaþingi erindi tveggja danskra gesta. „Annar var formaður Dansk mink, nýrra samtaka loðdýrabænda í Danmörku, og hinn fulltrúi frá Saga furs. Þau fóru yfir stöðuna á markaðnum, framleiðsluna í heiminum og hvað er að gerast í samskiptum við stjórnvöld í Danmörku og enduruppbyggingu á greininni þar.

Að þeirra sögn hafa þrjú bú hafið eldi á minkum sem fluttir voru inn frá Spáni. Umfangið er ekki mikið, eða um fimm þúsund læður. Að sögn þeirra er enn þá áhugi á að kaupa loðdýr héðan en ekkert í hendi með það eins og er. Sjálfur tel ég að þegar öllu er á botninn hvolft og skinnasalan kemst í lag og verðið verður um og í kringum kostnaðarverð framleiðslunnar þá komist líf aftur í bransann og eitthvað jákvætt farið að gerast." */VH*



Þingfulltrúar deildar landeldis á búgreinaþingi 2023. Þórarinn Ólafsson frá ILFS, Þorvaldur Arnarsson frá Landeldi, Bjarki Már Jóhannsson frá Geo Salmo, Jón Kjartan Jónsson frá Samherja og Rúnar Þór Þórarinsson frá Landeldi.

Landeldisbændur:

Endurnýting eldisúrgangs til áburðargerðar

Deild landeldis innan Bændasamtaka Íslands (BÍ) var þátttakandi á búgreinaþingi 2023 sem haldið 22. og 23. febrúar. Deildin var stofnuð síðasta sumar, en þá var einungis fiskeldisfyrirtækið Landeldi hf. innan deildarinnar.

Fyrir búgreinaþing varð fyrirtækið Geo Salmo aðili að deildinni og eftir þing bættist fyrirtækið Icelandic Land Farmed Salmon (ILFS) við.

Þorvaldur Arnarsson, verkefnisstjóri hjá Landeldi, var endurkjörinn formaður deildarinnar á þinginu og verður fulltrúi hennar á Búnaðarþingi 2023. Í stjórn með honum eru Bjarki Már Jóhannsson frá Geo Salmo og Lárus Ásgeirsson frá ILFS.

Landeldissamtök Íslands (ELDÍS) voru stofnuð síðasta sumar, á sama tíma og deild landeldis innan BÍ. Aðild að þeim eiga Samherji og Matorka auk þeirra þriggja fyrirtækja sem eru í búgreinadeild BÍ. Við stofnun ELDÍS var viljayfirlýsing undirrituð við BÍ um að vinna sameiginlega að fullvinnslu lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu.

„Það sem er efst á baugi hjá okkur er að deildin ætlar að beita sér fyrir bættum ferlum í tengslum við úrvinnslu umsókna til hins opinbera. Þá ætlar deildin að kortleggja lög og reglur um söfnun úrgangs og leggja mat á það hvort og þá hvað gæti hamlað nýsköpun á sviði endurnýtingar eldisúrgangs til áburðargerðar," segir Þorvaldur formaður að afloknu búgreinaþingi. Hann verður fulltrúi deildar landeldis á Búnaðarþingi 22. og 23. mars. */smh*



Ný stjórn deildar skógarbænda. Frá vinstri, Laufey Leifsdóttir, Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður, Hrönn Guðmundsdóttir og Guðmundur Sigurðsson. Á myndina vantar Dagbjart Bjarnason. Mynd / ÁL

Skógarbændur:

Tíu ályktanir og breyting á stjórn

Á búgreinaþingi var Jóhann Gísli Jóhannsson endurkjörinn sem formaður deildar skógarbænda. Ný stjórn var kosin með smávægilegum breytingum. Tíu ályktanir voru samþykktar til áframhaldandi umræðu á Búnaðarþingi í lok mars.

Í stjórn skógarbænda eru núna, ásamt Jóhanni Gísla, Guðmundur Sigurðsson og Hrönn Guðmundsdóttir. Ný í stjórn eru Laufey Leifsdóttir og Dagbjartur Bjarnason. Sighvatur Jón Þórarinsson og Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir létu af sínum stjórnarstörfum.

Skógarbændur samþykktu ályktun sem beindi því til Búnaðarþings að beita sér fyrir að aukið fjármagn í búvörusamningunum væri hugsað í skjólbeltaræktun, enda væri ávinningurinn mikill hvað uppskeruauka varðar.

Þrjár ályktanir snertu á loftslagsmálum. Til að byrja með var ákall eftir að gera skógareigendum mögulegt að meta kolefnisbindingu eldri skóga og fá tækifæri til að nýta hana til kolefnisjöfnunar í búrekstri sínum. Enn fremur var lagt til að kolefnisbinding í nytjaskógi yrði viðurkennd sem skógarafurð. Í greinargerð þeirrar ályktunar segir: „Deilur hafa verið um hvort kolefnisbinding fylgi trénu sem afurð eða ekki. Ráðuneyti og Alþingi hafa viðurkennt að skógur sé í eign landeigenda, en ekki viðurkennt að kolefnisbindingin í nytjaskóginum sé eign landeiganda að sama skapi eða fylgi trénu sem slíku. Af þessum orsökum er nauðsynlegt að kolefnisbinding verði almennt viðurkennd sem skógarafurð í nytjaskógrækt."

Að auki var vísað til rammasamnings ríkisins við Bændasamtök Íslands, sem hefur það að markmiði að stuðla að framþróun í framleiðslu með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum. „Skógrækt er best þekkta leiðin til kolefnisbindingar og til að geta staðið við kolefnishlutlausan íslenskan landbúnað árið 2030 er nauðsynlegt að þeir peningar sem ætlaðir eru til Skóg-BÍ fari til þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um," segir í greinargerð.

Skógarbændur óskuðu eftir að aukinnar varúðar verði gætt við innflutning á afurðum sem geta borið með sér plöntusjúkdóma og meindýr, en tilefnið er nýlega veitt heimild matvælaráðuneytisins til innflutnings á trjábolum með berki. Að auki samþykktu skógarbændur ályktun sem kallaði eftir annarri nálgun á sauðfjárbeit. Í greinargerðinni er sagt brýnt að taka til greina hagsmuni fleiri en sauðfjáreigenda þegar kemur að regluverki í kringum beit. Skógarbændur vilja; „girða búsmalann inni þar sem honum er ætlað að vera frekar en að girða hann úti." */ÁL*

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum







Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum

Kælitækni
Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is



Byltingarkennd nýjung í Dieci Agri Max Power X2

Dieci Agri Max Power X2 er sérstaklega hannaður fyrir landbúnaðargeirann og við hönnun hans var lögð áhersla á að tryggja hámarksafköst, minnka kostnað og hámarka uppitíma. Dieci Agri Max Power X2 er gríðar öflugur lyftari og nær 50 km hraða á klst.

Dieci skotbómulyftarar og liðstýrðir skotbómulyftarar eru öflugir og hannaðir fyrir mikla notkun. Sýn úr ökumannshúsi er framúrskarandi og mikil áhersla lögð á öryggi tækjanna. Dieci býður breiða línu tækja, yfir 75 gerðir með lyftigetu allt að 23.000 kg og lyftihæð allt að 30 metrar. Aukabúnaður er í miklu úrvali á lyftarana svo sem mannkörfur, kranaspil, kranabómur, sópar, margar gerðir af skóflum og svo framvegis.

Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Dieci skotbómulyftara með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á salah8@veltir.is eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við atvinnutæki.

DIECI

Dieci á Íslandi | Hádegismóar 8 | Sími 510 9100 | **salah8@veltir.is**

VELTIR

Í DEIGLUNNI

Efling lífrænnar matvælaframleiðslu á Íslandi

– Gæti haft í för með sér fjölda jákvæðra áhrifaþátta á náttúru og samfélag

Í byrjun þessa árs skilaði ráðgjafarfyrirtækið Environice tillögum til matvælaráðherra að aðgerðaráætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu á Íslandi. Fram til þessa hefur Ísland ekki sett sér markmið um hlutfall lífræns vottaðs lands af landbúnaðarlandi né um markaðshlutdeild lífrænnar vöru, ólíkt flestum öðrum Evrópuþjóðum. Environice leggur til að stefnt verði að því að árið 2030 verði tíu prósent af landbúnaðarlandi á Íslandi orðið lífrænt vottað. Árið 2020 var það hlutfall 0,3 prósent, aðeins Grænland er neðar á lista landa innan Evrópska efnahagssvæðisins með núll prósent.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Tillögurnar eru alls 31 og dreifast á sjö málaflokka sem hver snýr að tilteknum hluta virðiskeðju lífrænnar matvælaframleiðslu og innviðum þeirra. Áætlunin er liður í áherslum ríkisstjórnarinnar sem birtast í stjórnarsáttmálanum þar sem fram kemur að tímasett áætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu sé lykilþáttur í að auka sjálfbærni íslensks landbúnaðar, þar sem eftirspurn eftir vottuðum lífrænum vörum fari vaxandi.

Sambærileg áætlun við Norðurlöndin og ESB

Áætlunin styðst við sambærilega stefnumótun annarra Norðurlanda og Evrópusambandsins (ESB), sem hafa sett sér markmið um aukna hlutdeild lífrænna afurða, bæði í landbúnaðarframleiðslu og á neytendamarkaði. Því sé efling lífrænnar framleiðslu á Íslandi liður í að styrkja samkeppnisstöðu landsins, auk þess sem lífrænar aðferðir viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í jarðvegi og eru hluti hringrásarhagkerfisins.

Engar tölur til um markaðshlutdeild á Íslandi

Í aðgerðaráætlun Environice kemur fram að ESB hafi sett markmið um að árið 2030 verði að minnsta kosti 25 prósent af öllu landbúnaðarlandi innan sambandsins komið með lífræna vottun og að þá hafi jafnframt orðið veruleg aukning í lífrænu lagareldi. Sérstök aðgerðaráætlun var samþykkt vorið 2021 til að fylgja markmiðunum eftir sem fól í sér þrjú undirmarkmið; örva eftirspurn og tryggja traust neytenda, styðja við aðlögun og styrkja alla virðiskeðjuna og stuðla að því að lífrænn landbúnaður skapi fordæmi, þar með talið með því að bæta framlag lífræns landbúnaðar til umhverfislegrar sjálfbærni.



Einn atkvæðamesti framleiðandi lífrænt vottaðrar matvöru er Móðir Jörð í Vallanesi. Mynd / smh

Í bakgrunnsupplýsingum fyrir aðgerðaráætlunina kemur fram að árið 2020 hafi 3,4 prósent af landbúnaðarlandi Evrópusambandsins verið komið með lífræna vottun og að í 15 löndum sambandsins hafi hlutfallið verið hærra en tíu prósent. Á heimsvísu hafi hlutfallið verið 1,6 prósent.

Almennt hafi eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum farið vaxandi og hafi heildarveltan í greininni numið 121 milljarði evra á heimsvísu árið 2020. Það ár hafi markaðshlutdeild þessara vara verið hæst í Danmörku af Evrópusambandslöndunum, um 13 prósent, en Sviss og Austurríki komu þar næst á eftir með um tíu prósent. Engar tölur eru til á Íslandi um hlutdeild þessara vara.

Tillögurnar 31 skipt niður á efnisflokkana sjö

1. Aðlögunar- og rekstrarstyrkir

1.1. Heildarendurskoðun reglugerða
Ráðist verður í heildarendurskoðun á ákvæðum reglugerða sem gilt hafa um stuðning við lífræna framleiðslu, einkum reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020 og reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021. Markmiðið með endurskoðuninni er að reglugerðirnar endurspegli nýtt fyrirkomulag (sjá aðgerðir 1.2-1.7 hér að neðan) og geri það sem aðgengilegast.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

1.2. Aðlögunarsamningar
Í stað núverandi aðlögunarstyrkja verði boðið upp á sjö ára aðlögunarsamninga við framleiðendur sem hyggjast hefja lífræna framleiðslu. Á grundvelli þessara samninga verði veittir styrkir yfir tveggja til þriggja ára tímabil til að mæta kostnaði nýrra framleiðenda vegna lögbundinnar aðlögunar að lífrænni framleiðslu undir eftirliti vottunarstofu, þ.m.t. kostnaði vegna breytinga á húsakosti, endurnýjunar tækjabúnaðar, endurræktunar, lækkunar tekna vegna minni framleiðslu, efnagreininga, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar og fyrstu úttekta vottunarstofu. Samningar miðist við að vottun fáist að þessum tíma liðnum og að eftir það verði veittir áframhaldandi styrkir til loka samningstímans til að standa undir kostnaði vegna lækkunar tekna, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar, úttekta og vottana. Fjárhæðir miðist við að á þessum síðari hluta samningstímans standi styrkir að öllu leyti undir fimm síðasttöldu kostnaðarliðunum, allt að tiltekinni hámarksupphæð fyrir hvern lið. Framleiðendum sem þegar hafa hafið aðlögun eða fengið vottun á síðustu árum verði einnig boðnir aðlögunarsamningar þar til sjö ár eru liðin frá því að aðlögun þeirra hófst, þá með þeim hætti að sá aðlögunarstuðningur sem þeir hafa þegar notið komi til frádráttar. Í öllum aðlögunarsamningum verði ákvæði um riftun og uppgjör ef framleiðandi ákveður að hætta í aðlögunarferli eða endurnýja ekki vottun á samningstímanum.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

1.3. Fjárfestinga- og tækjastyrkir
Auk styrkja skv. aðlögunarsamningum (sbr. aðgerð 1.2) verði samningshöfum, sem og öðrum framleiðendum með lífræna vottun, boðnir sérstakir fjárfestinga- og tækjastyrkir til kaupa á sérhæfðum búnaði sem stuðlar að aukinni framlegð og bættri nýtingu lífræns áburðar, svo sem til kaupa á róbótum, niðurfellingarbúnaði til áburðardreifingar, tækjum til safnhaugagerðar o.fl.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

1.4. Styrkir vegna flutninga á aðföngum
Auk styrkja skv. aðlögunarsamningum (sbr. aðgerð 1.2) verði samningshöfum boðnir sérstakir styrkir til að greiða flutning á lífrænum áburði frá aðilum utan búsins, t.d. sem nemur kostnaði vegna allt að tveggja 20 tonna bílfarma á ári.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

1.5. Sérstakur stuðningur við hópvottun
Sérstakir aðlögunarsamningar verði boðnir framleiðendum sem uppfylla skilyrði reglugerða um hópvottun.6
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

1.6. Sérstakur stuðningur við afurðastöðvar
Sérstakir styrkir verði boðnir afurðastöðvum til að mæta kostnaði vegna lífrænnar vottunar. *Ábyrgð: Matvælaráðuneytið í samvinnu við Matvælastofnun*

1.7. Álag á almennar suðningsgreiðslur
Við endurskoðun búvörusamninga verði gert ráð fyrir að lífrænum framleiðendum verði greitt sérstakt álag á almennar stuðningsgreiðslur með vísun til jákvæðra áhrifa framleiðslunnar á almannagæði (sjá skýringar).
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

2. Aðföng

2.1. Úttekt á nýtingu matarleifa og annars lífræns efnis til áburðar eða fóðurs
Lokið verði við yfirstandandi greiningar á mögulegri framleiðslu á áburði og fóðri sem uppfyllir skilyrði reglugerða um aðföng í lífrænni framleiðslu, bætt við frekari greiningum ef ástæða þykir til og í framhaldinu tekin ákvörðun um stuðning við lífræna áburðarvinnslu.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Matís og RML*

3. Rannsóknir, kennsla, ráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun

3.1. Grunnnámskeið um lífræna framleiðslu
Gerður verði sérstakur samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um skyldunámskeið um lífræna framleiðslu við upphaf háskólanáms við skólann.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*

3.2. Prófessorsstaða við Landbúnaðarháskóla Íslands
Stofnuð verði staða prófessors á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og staðan mönnuð sérfræðingi sem uppfyllir hæfniskröfur.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*

3.3. Efling rannsókna og kennslu við Landbúnaðarháskóla Íslands
Tiltekinni lágmarksprósentu af framlögum til rannsókna í landbúnaði verði varið til rannsókna á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands undir stjórn prófessors við skólann (sbr. aðgerð 3.2). Jafnframt verði stutt sérstaklega við þátttöku skólans í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á sviði lífrænnar ræktunar, þ.m.t. verkefnum um kolefnisbúskap og líffræðilega fjölbreytni í efstu lögum jarðvegs.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*

3.4. Námsbraut um lífræna framleiðslu
Í framhaldi af stofnun prófessorsstöðu (sbr. aðgerð 3.2) verði komið á sérstakri námsbraut um lífræna framleiðslu á háskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig verði námsframboð skólans á þessu sviði aukið og aðgangur framleiðenda og annarra að endurmenntun bættur.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*



Biobú er eina lífrænt vottaða mjólkurvinnsla landsins. Mynd / smh

3.5. Bætt aðstaða til rannsókna Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar á aðstöðu til rannsókna og verklegrar kennslu í lífrænni ræktun við íslenska háskóla, vegna rannsókna í búfjárrækt, jarðrækt, útiræktun, ylrækt, fiskeldi og áburðarframleiðslu.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*

3.6. Bætt aðstaða til verklegrar kennslu Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar og lagfæringa á aðstöðu til verklegrar kennslu í lífrænni ræktun við Garðyrkjuskólann á Reykjum / Fjölbrautaskóla Suðurlands.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið*

3.7. Efling ráðgjafar fyrir lífræna framleiðendur Gerður verði nokkurra ára samningur (7 ár til að byrja með) við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) um fast árlegt framlag til uppbyggingar þekkingar sem nýtist í ráðunautaþjónustu og annarri ráðgjöf til lífrænna framleiðenda, þ.m.t. ráðgjafar um ræktun, fóðrun, búfjárhald, markaðs- og kynningarstarf, lög, reglur, umsóknarferli og skýrsluhald. Í samningnum verði sérstakt ákvæði um að framleiðendur sem hafa hug á að hefja lífræna ræktun geti fengið heimsókn ráðgjafa sem gera myndi lauslega úttekt á möguleikum viðkomandi býlis til að hefja lífræna ræktun og benda á atriði sem þarfnast breytinga til að svo geti orðið. Í samningnum verði ákvæði um árleg skil skýrslu með ítarlegum upplýsingum um ráðstöfun framlagsins á nýliðnu ári.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

3.8. Stuðningur vegna erlendra samskipta Boðnir verði sérstakir styrkir til að auðvelda heimsóknir erlendra sérfræðinga og kynnisferðir framleiðenda til að fræðast um lífrænar aðferðir og tækni í nágrannalöndum.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands*

3.9. Stuðningur við nýsköpun og vöruþróun Árlega verði úthlutað sérstökum styrkjum úr Matvælasjóði til að styðja við nýsköpun og vöruþróun í lífrænni framleiðslu.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið*

3.10. Stuðningur við rannsóknir og þróun vegna lífræns fiskeldis Tiltekinni lágmarksprósentu af styrkjum úr Fiskeldissjóði og Umhverfissjóði sjókvíaeldis verði beint til verkefna á sviði lífræns lagareldis.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

4. Opinber innkaup

4.1 Lífrænt vottaðar vörur í innkaupastefnu Stefna ríkisins um opinber innkaup verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að innkaup á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi, svo sem með ákvæðum um tiltekið lágmarkshlutfall lífrænnar vöru í innkaupunum og um innra verðmat sem tryggir lífrænum vörum og vörum úr nærumhverfi tiltekið forskot í verðsamanburði. Í þessu sambandi verði sett töluleg markmið um hlutdeild lífrænnar vöru í innkaupunum og sérstaklega hugað að innkaupum fyrir mötuneyti á vegum ríkisins. Jafnframt verði leitað eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi hvatningu til sveitarfélaga um sambærilega markmiðssetningu og áherslur við innkaup.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Ríkiskaup og Samband íslenskra sveitarfélaga*

4.2 Lífrænt vottaðar vörur í „Grænum skrefum"
Gátlistar „Grænna skrefa" í ríkisrekstri verði endurskoðaðir með það að leiðarljósi að innkaup og framboð á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi.
Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið og Umhverfisstofnun*

Rökstudd áætlun

Í áætluninni eru færð rök fyrir því að styðja eigi sértaklega við lífræna framleiðslu. Hún er sögð hafa í för með sér minni neikvæð samfélagsleg útáhrif (e. externalities) en „hefðbundin“ framleiðsla. Afurðir lífrænu framleiðslunnar eru þannig tvær, matvælin sjálf og svo tiltekinn samfélagslegur ávinningur eða almannagæði. Verð lífrænna matvæla sé að sama skapi alla jafna nokkru hærra en „hefðbundinna“, enda greiði neytandinn fyrir tiltekin almannagæði sem fylgja ekki með í kaupum á „hefðbundnum“ matvælum.

Þetta skekki samkeppnisstöðu lífrænna afurða gagnvart öðrum landbúnaðarafurðum og hafi þar af leiðandi markaðsbrest í för með sér. Í bakgrunnsupplýsingunum segir enn fremur að í rannsókn á áhrifum landbúnaðar á almannagæði, sem gerð var árið 2009 og kostuð af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hafi komið fram að lífræn framleiðsla hefði ýmis jákvæð áhrif á almannagæði, svo sem á lífvænleika landsbyggðarinnar, heilbrigði og kolefnisbúskap jarðvegs, líffræðilega fjölbreytni, vatnsgæði, loftgæði, ásýnd landbúnaðarlands, vatnsöflun og stöðugleika loftslags.

Jákvæð byggðaáhrif lífrænnar framleiðslu eru meðal annars talin felast í að lífræn framleiðsla skapi fleiri störf en „hefðbundin“ framleiðsla og styðji þar af leiðandi við atvinnulíf í dreifbýli. Auk þessa hafi verið bent á að lífræn framleiðsla stuðli að bættri velferð dýra, auknu matvælaöryggi vegna minni efnanotkunar og auknu fæðuöryggi vegna þess að framleiðslan byggi að miklu leyti á eigin aðföngum og aðföngum úr nánasta umhverfi í stað innfluttra aðfanga. Síðastnefnda atriðið styðji einnig við lífvænleika einstakra byggða.

Jákvæðari loftslagsáhrif

Þá er lífræn framleiðsla talin hafa jákvæðari loftslagsáhrif en sú „hefðbundna“ og á líffræðilega fjölbreytni. „Reyndar eru þessir tveir þættir nátengdir, en hafa að öllum líkindum fengið minni athygli í umræðu síðustu ára en vert væri. Jarðvegur er í raun óendurnýjanleg auðlind og á síðustu árum hefur verulegt magn af jarðvegi tapast vegna athafna manna. Þessu hefur fylgt mikil losun gróðurhúsalofttegunda enda felst mikill kolefnisforði í heilbrigðum jarðvegi. Um leið og jarðvegur tapast minnka möguleikar mannkyns á að hafa í sig og á. Í samantekt Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Food and Agriculture Organisation (FAO)) sem kynnt var á Alþjóðlegu ári jarðvegs 2015 var gengið svo langt að halda því fram að ef svo héldi sem horfði hefði mannkynið ekki möguleika á að framfleyta sér nema í 60 ár til viðbótar, þar sem þá yrði ekki lengur til nægur jarðvegur til að byggja fæðuframleiðsluna á,“ segir í aðgerðaáætluninni.

Tillögurnar hafa verið kynntar í ríkisstjórn, en unnið verður nánar úr þeim í matvælaráðuneytinu og aðgerðaáætlun til eflingar lífrænni framleiðslu að svo búnu kynnt í framhaldinu.



Sauðfé á Miðhrauni II á sunnanverðu Snæfellsnesi var lífrænt vottað en er ekki lengur. Sú þróun hefur orðið víðar. Mynd / smh

5. Markaðsstarf, kynning og fræðsla

5.1 Upplýsingar um innflutning o.fl. Leitað verði samstarfs við Vottunarstofuna Tún ehf. um árlega samantekt og birtingu heildartalna úr árlegum skýrslum skráðra og vottaðra framleiðenda, innflytjenda og vinnsluaðila, með það að markmiði að hlutdeild lífrænt vottaðrar vöru, innfluttrar sem innlendrar, verði þekkt á hverjum tíma.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Matvælastofnun, Vottunarstofuna Tún ehf. og Lífrænt Ísland*

5.2 Stuðningur við Lífrænt Ísland Verkefninu Lífrænt Ísland verði viðhaldið og því tryggt fjármagn til sjö ára í senn með samningi matvælaráðuneytisins við VOR. Jafnframt fái Lífrænt Ísland formlegt hlutverk sem miðstöð upplýsinga og miðlunar um lífræna framleiðslu. Eitt af fyrstu verkefnum Lífræns Íslands skv. nýjum samningi verði að safna saman og gera aðgengilega (m.a. á vefsíðu) þá þekkingu á lífrænum aðferðum sem þegar er til staðar hjá einstökum framleiðendum. Í tengslum við það verði efnt til sérstakra „raunveruleikanámskeiða“ í samstarfi við LBHÍ og RML þar sem þessari þekkingu er komið á framfæri. Sömuleiðis verði Lífrænu Íslandi falið að stuðla að öðru námskeiðahaldi ef þörf þykir að teknu tilliti til framboðs námskeiða um lífræna framleiðslu á vegum LBHÍ og RML.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands, VOR, LBHÍ og RML*

5.3 Lífrænu verðlaunin Matvælaráðuneytið veiti árlega verðlaun til aðila sem þykja hafa skarað fram úr í framleiðslu, nýsköpun, vöruþróun, markaðssetningu, sölu eða kynningu á lífrænum vörum.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Lífrænt Ísland*

5.4 Lífrænn dagur Lífrænu Íslandi verði falið að standa framvegis fyrir sérstökum lífrænum degi 23. september ár hvert, eða á annarri heppilegri dagsetningu, í tengslum við Organic Day Europe. Slíkur dagur var í fyrsta sinn haldinn á Íslandi haustið 2022.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Lífrænt Ísland*

5.5 Markaðsátak fyrir lífræn matvæli í mötuneytum og verslunum Gert verði sérstakt átak í samstarfi við Lífrænt Ísland, landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnulífið til að stuðla að auknu framboði lífrænna matvæla og matvæla úr nærumhverfi í verslunum, mötuneytum og á veitingastöðum, með sérstakri áherslu á aðila í ferðaþjónustu.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Lífrænt Ísland, landshlutasamtök sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök verslunar og þjónustu*

5.6 Framsetning á lífrænum vörum í verslunum Efnt verði til samstarfs við matvælaverslanir og þeim boðin ráðgjöf um markvissa framsetningu á lífrænt vottuðum vörum, þannig að þær verði sem sýnilegastar í stað þess að vera jaðarsettar í sérdeildum.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið í samvinnu við Lífrænt Ísland

5.7 Fræðsla um merkingar matvæla Útbúið verði sérstakt kynningarefni og efnt til sérstakrar kynningar í samstarfi við Lífrænt Ísland á helstu merkingum matvæla, þ.m.t. merki Vottunarstofunnar Túns ehf. og merki Evrópusambandsins fyrir lífrænar vörur.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Matvælastofnun, Lífrænt Ísland, Umhverfisstofnun og Vottunarstofuna Tún ehf.*

6. Önnur stefnumótun

6.1 Lífrænar áherslur í byggðaáætlun Gerð verði sérstök greining á möguleikum þess að auka áherslu á lífræna framleiðslu við framkvæmd og/eða endurskoðun Byggðaáætlunar. Í því sambandi verði m.a. kannaðir möguleikar á að skapa aðstæður til lífrænnar ræktunar á leigujörðum í ríkiseigu.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið í samvinnu við Byggðastofnun, innviðaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið*

6.2 Samræming stefnumótunar Stefna íslenskra stjórnvalda á sviði matvælaframleiðslu, einkum stefna í landbúnaðar- og fiskeldismálum, verði rýnd sérstaklega til að greina hugsanlegar mótsagnir við þær áherslur sem fram koma í aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu – og á grundvelli þeirrar greiningar settar fram tillögur um breytingar til að tryggja samræmi í stefnumótuninni.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

7. Eftirfylgni og endurskoðun

7.1 Ársskýrsla og málþing Í upphafi hvers árs verði gefin út ársskýrsla um árangurinn af framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á nýliðnu ári. Þá verði efnt til sérstaks málþings eigi sjaldnar en á tveggja ári fresti til að kynna það sem hefur áunnist og ræða æskilegar áherslur í áframhaldandi eftirfylgni. *Ábyrgð: Matvælaráðuneytið í samvinnu við Lífrænt Ísland*

7.2 Endurskoðun Aðgerðaáætlunin verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn eigi síðar en fyrir 1. janúar 2026.

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*









LÍF & STARF

Verðmætaaukning úr hliðarafurðum garðyrkju:

Steinefna- og próteinríkur afskurður

Mikið fellur til af stilkum, laufblöðum og öðrum afskurði frá íslenskri garðyrkju sem ekki er nýtt til frekari verðmætasköpunar. Hjá Matís er unnið að verkefni sem hefur það að markmiði að þróa aðferðir til að framleiða verðmætar afurðir úr þessu hráefni.

Verkefnið byggir að hluta á verkefninu Bætt gæði, geymsluþol og minni sóun í virðiskeðju íslensks grænmetis en helstu niðurstöður þess sýndu fram á mikla möguleika á verðmætasköpun því hliðarafurðir garðyrkju innihalda ýmis efni eins og trefjar, lífvirk efni, bragð og lyktarefni, náttúruleg rotvarnarefni, vítamín og steinefni. Til dæmis bentu mælingar til þess að heildarmagn steinefna sé meira í ýmsum hliðarafurðum garðyrkjunnar en er í sjálfu grænmetinu. Rósa Jónsdóttir, fagstjóri á sviði lífefna hjá Matís, segir að þetta eigi við til dæmis um blaðsalat, blómkál og tómata.



Unnið að rannsóknum á gulrófum hjá Matís, hér eru þær María Gallardo Urbón og Léhna Labat. Mynd / Matís



Léhna Labat við gulrófuafskurð.



Ytri blöð blómkáls.

Hliðarafurðir geta verið næringarríkar

„Hliðarafurðirnar geta til dæmis verið ytri blöð af blómkáli og spergilkáli, laufblöð og hliðargreinar af gúrku- og tómataplöntum. Steinefnin sem þarna um ræðir eru einkum kalk og magnesíum. Heldur meira prótein virðist vera í ýmsum hliðarafurðum en í mörgu grænmeti. Þá eru ytri blöð og laufblöð almennt trefjaríkari en samsvarandi grænmeti," segir Rósa.

Margvíslegur ávinningur verður af verkefninu að sögn Rósu, til dæmis nánari upplýsingar um magn hliðarafurða sem falla til í garðyrkju og svo verður byrjað á hagkvæmniathugunum við á vinnslu þeirra.

„Þá munu fást upplýsingar um helstu hættur sem gætu falist í nýtingu hliðarafurða frá garðyrkju til manneldis og mat á annmörkum við nýtingu þeirra. Þarna er til dæmis verið að tala um hvort óæskileg efni og örverur leynist í þessum afurðum sem geta haft neikvæð áhrif á heilsu manna," segir hún.

Lífvirk heilsubætandi efni

„Einnig munu upplýsingar fást um magn lífefna, til dæmis trefjaefna, í hliðarafurðum nokkurra grænmetistegunda en önnur lífefni eru til dæmis fita og prótein. Þá verða mæld verðmæt lífvirk efni líkt og fenólefna sem geta haft heilsubætandi áhrif eða aukið geymsluþol, til dæmis andoxunarvirkni og örveruhemjandi virkni. Það stendur til að búa til frumgerð matvöru með innihaldsefni úr hliðarafurðum frá garðyrkju. Uppskrift og lýsing á framleiðsluferli fyrir eina til tvær vörur ásamt kynningarefni um niðurstöður verkefnisins verður þá miðlað til hagsmunaaðila," segir Rósa.

Verkefnið hófst um miðjan september í fyrra og er til eins árs. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Orkídea og Bændasamtök Íslands, en Matvælasjóður styrkti verkefnið. */smh*

Eldfjallaleiðin:

Nýjar ferðaleiðir á Suðurlandi og Reykjanesi

Markaðsstofa Suðurlands vinnur nú að því að markaðssetja nýja ferðaleið, svokallaða Eldfjallaleið, fyrir ferðamenn á Suðurlandi og Reykjanesi.

Eldfjallaleiðin er ný ferðaleið á milli Keflavíkur og Hafnar í Hornafirði, með áherslu á eldvirkni. Átta eldfjöll vísa veginn og draga fram sögur og áfangastaði á sínu áhrifasvæði. Fjöllin eru Fagradalsfjall, Hengill, Hekla, Eldfell, Eyjafjallajökull, Katla, Laki og Öræfajökull.

„Eldfjöllin vísa ferðamönnum veginn um Reykjanes og þaðan inn á Suðurland og austur, með viðkomu á mikilvægum eldfjallasvæðum utan hringvegarins, svo sem í Vestmannaeyjum, Þjórsárdal og Skaftárhreppi.

Svartir sandar og víðfeðmar hraunbreiður setja svip á leiðina að jökulklæddum eldfjöllunum ógleymdum. Þegar komið er austur til Hornafjarðar blasa að lokum við ævaforn eldfjöll, alls ólík hinu nýja hrauni á Reykjanesi," segir Vala Hauksdóttir, verkefnisstjóri Eldfjallaleiðarinnar.



Eldhraun kemur við sögu í nýju Eldfjallaleiðinni en hraunið er hluti af Skaftáreldahrauninu frá 1783–1784. Hraunið rann úr Lakagígum en það þekur í dag um 0,5% af flatarmáli Íslands. Mynd / Þórir N. Kjartansson

Gagnlegar vinnustofur

Opnar vinnustofur um Eldfjallaleiðina fóru nýlega fram. Í þeim unnu þátttakendur fjölbreytt verkefni þar sem miklar umræður sköpuðust um verkefnið. Fyrsta verkefni þátttakenda var þankahríð um hvernig nærsvæði tengjast eldvirkni.

Útkoman var vel yfir 300 ólík atriði og því augljóst að hagaðilar eiga auðvelt með að tengja sig við þema ferðaleiðarinnar. Út frá vinnustofunum skapaðist góður gagnabanki yfir það hvað Eldfjallaleiðin skyldi standa fyrir og nýtist það Markaðsstofunni.

Kynnt í vor

Vala segir að verkefnið hafi nú hlotið styrk, sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands annað árið í röð og vonast er eftir að leiðin verði klár til kynningar fyrir sumarið. „Ferðaþjónustan og aðrir hagaðilar munu geta tengt sig við Eldfjallaleiðina og nýtt til kynningar á sínu svæði líkt og aðilar gera nú þegar á Gullna hringnum og öðrum þekktum ferðaleiðum landsins. Drög að Eldfjallaleiðinni verða kynnt í vor og gefst áhugasömum þá tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að framhaldinu," segir Eva.

/MHH



Ragnar tók á móti umhverfisviðurkenningunni fyrir hönd þeirra hjóna en hann er hér með Sigríði Ingvarsdóttur, bæjarstjóra Fjallabyggðar.
Mynd / Aðsend

Fjallabyggð:

Ragnar og Lísa hlutu umhverfisviðurkenningu 2023

Ragnar Ragnarsson og Lisa Dombrowe hlutu umhverfisviðurkenningu Fjallabyggðar 2023, sem var veitt nýlega í fyrsta skipti.

Viðurkenningin er hugsuð sem hvatning og áminning til íbúa sveitarfélagsins Fjallabyggðar um að huga vel að umhverfinu og umgangast náttúru landsins af auðmýkt og á sjálfbæran hátt.

„Ragnar og Lísa hafa lyft sannkölluðu grettistaki varðandi hreinsun á rusli í Héðinsfirði og fá þau viðurkenninguna m.a. vegna þess," segir Sigríður Ingvarsdóttur, bæjarstjóri Fjallabyggðar. Í greinargerð með viðurkenningunni segir meðal annars; „Þau Ragnar og Lísa hafa svo sannarlega sýnt frumkvæði með aðgerðum sem koma umhverfinu til góða og er með viðurkenningunni þakkað fyrir einstakt framtak, fórnfýsi og elju í þágu samfélagsins og náttúrunnar."

Umhverfisviðurkenningin sjálf var í formi hrafns eftir Aðalheiði Sigríði Eysteinsdóttur listamann, en Aðalheiður var bæjarlistamaður Fjallabyggðar árið 2022. */MHH*



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps vinnur nú að því að fá Veðurstofuna til að koma upp veðurstöð í þorpinu í Vík.
Mynd /MHH

Mýrdalshreppur:

Vilja veðurstöð í Vík í Mýrdal

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt samhljóða að leggja það til við Veðurstofu Íslands að komið verði upp veðurstöð í Vík.

Í greinargerð með mállinu segir meðal annars að nákvæmari veðurmælingar gætu eflt til muna öryggi á svæðinu.

„Umferð um svæðið hafi margfaldast á síðustu árum og því er mikið í húfi að geta spáð fyrir veðri með sem nákvæmustum hætti."

Þorpið í Vík er mjög útsett fyrir stormum og hvassviðri með tilliti til sandfoks úr Víkurfjöru. Veður verður þess enn fremur oft valdandi að loka þurfi þjóðvegi 1 í gegnum þorpið. Sveitarstjóra Mýrdalshrepps hefur verið falið að fylgja erindinu eftir. */MHH*







Jörðin Hallgilsstaðir 1 í Langanesbyggð er til leigu.

Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur með um 400 fjár. Tún og ræktarlönd eru um 35 ha, beitiland gott og húsakostur ágætur. Leigutími er frá 1. ágúst nk. en getur verið samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar fást hjá Jónasi Pétri Bóassyni formanni Jarðasjóðs Langanesbyggðar s. 844 0752 og á netfanginu jpb@centrum.is Þeir sem hafa áhuga á því að leigja jörðina eru vinsamlegast beðnir að skila inn tilboði á skrifstofu Langanesbyggðar eða á netfangið bjorn@langanesbyggd.is fyrir 12. mars n.k.

Jarðasjóður Langanesbyggðar.

FRÆÐSLA

Stofn, stöngull og myrra



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Stönglar vaxa ofanjarðar hjá flestum tegundum en einnig kemur fyrir að þeir vaxi neðanjarðar og kallast þá jarðstönglar. Þegar er talað um stöngla er yfirleitt átt við jurtkenndar plöntur og runna en stofn eða bolur á við tré.

Meginhlutverk stöngulsins og stofnsins er að flytja vatn og næringarefni milli plöntuhluta, halda plöntunni uppréttri og í sumum tilfellum að geyma næringarefni. Auk þess sem stönglar og stofnar sem hafa í sér grænukorn ljóstillífa. Vaxtarlag stöngla og stofna er fjölbreytt og stundum furðulegt.

Þróun

Rannsóknir á steingervingum benda til að fyrstu landplönturnar hafi komið fram fyrir 470 milljónum ára eða þar um bil. Í fyrstu voru plönturnar einfaldar og án stöngla og blaða. Um 40 milljón árum síðar komu svo fyrstu einföldu stönglarnir og blöðin fram á sjónarsviðið og í framhaldinu varð gríðarleg þróun.

Fyrstu merki um þróun greina er þegar útvöxtur frumplantna fer að skipta sér og mynda sprota.

Vöxtur og starfsemi

Fyrsti vísirinn að stöngli eða stofni er við spírun þegar kímblöðin koma í ljós og síðan áframhaldandi vöxtur. Það fer síðan eftir erfðum tegundarinnar hvort úr verði stöngull eða stofn og hver lögunin verður.

Stönglar og stofnar sjá um að flytja vatn og næringarefni milli plöntuhluta og í þeim eru sáld- og viðaræðar. Eftir sáldæðunum berast sykrur frá blöðum til vaxtar og viðhalds en aðallega vatn frá rótum eftir viðaræðunum. Útgufun vatns úr laufblöðum veldur því að vatnið berst frá rótum og um plönturnar með hárpípukrafti.

Vaxtarsprota stöngla er oft að finna í enda þeirra og brumum en hjá til dæmis grösum er hann neðst á stönglinum. Frum- eða lengdarvöxtur stöngla er mestur rétt neðan við vaxtarsprotann. Stönglar geta verið að mestu holir að innan en stofnar eða trjábolir hafa við en í báðum tilfellum liggja sáld- og viðaræðarnar utarlega við börkinn.

Síðvöxtur greina, stofna eða bola trjáplantna á sér stað í vaxtarlaginu sem liggur undir berkinum. Með því að skoða árhringi trjáplantna er hægt að lesa aldur þeirra. Ljósari og þykkari hringirnir sýna hraðari sumarvöxtinn en þeir dökku hægari haustvöxt. Jurtkenndir stönglar einærra plantna og margra fjölæringa sölna að hausti og nýir vaxa upp á næsta vori.

Ólíkar stöngulgerðir

Stönglar eru margs konar og ólíkir að gerð og flokkast í jarðstöngla, ofanjarðarrenglur og loftstöngla sem eru þeir stönglar sem flestir þekkja. Eftirfarandi skipting byggir að hluta á Íslenskri flóru Ágústs H. Bjarnasonar.

Jarðstönglar senda frá sér laufblöð sem vaxa ofanjarðar og mynda næringarefni. Jarðstönglar geta verið neðanjarðarrenglur sem eru langir og grannir sprotar líkt og húsapuntur sendir frá sér. Stöngulhnýði vaxa hins vegar að mestu neðanjarðar og eru kartöflur dæmi um slíkt.

Ofanjarðarrenglur eru jarðlægir sprotar sem skjóta rótum og mynda blöð, dæmi um það eru jarðarberjaplöntur og gullmura.

Stönglar ofanjarðar geta verið jurt- eða trjákenndir. Uppréttir, uppsveigðir, jarðlægir og skriðulir og sívalir, ferstrendir og rákóttir, gróf- eða fínhærðir og hárlausir eða vörtóttir. Þeir skiptast í stönguliði sem eru hlutar stöngla milli blaða og sumir hafa stönguliðamót. Stönglar grastegunda kallast strá og eru hol að innan og sum hafa óhol liðamót sem kallast hné.

Strá hálfgrasa, eins og til dæmis fífu, eru sívalir en oft þrístrend hjá störum sem vaxa upp af jarðstöngli.

Alls konar stönglar

Ekki er þó þar með allt sagt því stönglar eru fjölbreyttari en marga grunar. Fálmarar klifurplantna eins og vínviðar eru ummyndaðir stönglar og það sama er að segja um „blöð“ blaðkaktusa og þyrna rósa. Einnig eru til runnar með flata stöngla sem líta út eins og laufblöð, til dæmis geislablað eða músaþorn, *Ruscus aculeatus*, sem er talsvert notað sem „grænt“ í blómaskreytingar.

Trjábolir

Stofn barr- og lauftrjáa er gerður úr nokkrum lögum. Yst er börkurinn, síðan innri börkur og svo vaxtarlagið. Sjálfur viðurinn kallast rysja, kjarnviður og mergur. Þéttleiki viðar fer eftir vaxtarhraða trjáa og er harðviður fenginn úr hægvaxta trjám.

Í fræðsluriti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Tré – trjátegundir og efniseiginleikar viðarins, segir að frumubygging viðar samanstandi af löngum frumum, langfrumur, sem liggja í lengdarstefnu trésins og gefi trénu styrk. Líkja má trjáviði við búnt af sogrörum þar sem stuttfrumur ganga þvert á rörin en langfrumur flytja og geyma næringu.

Milli frumanna eru op með filmu eða membru sem getur opnað og lokað fyrir vökvastreymi milli frumanna. Langfrumurnar eru mestur hluti viðarins, um 90% rúmmálsins. Þvert á langfrumurnar ganga merggeislafrumur eða merggeislar og hugsanlega trjákvoðugöng.

Allt efni innan við ysta lagið eða börkinn kallast viður. Frumur sem myndast á vorin eru þunnveggja með mikið frumuholrými en frumur sem myndast á haustin eru með þykka frumuveggi og hafa minna frumuholrými. Þær eru sterkari og dökkar á lit. Munurinn á vorvið og haustvið myndar sýnilega árhringi. Einn árhringur er ljós vorviður og dökkur haustviður.

Tré vaxa út á við og stofninn verður gildari. Þegar tré hafa ekki lengur þörf fyrir vökvaflutning gegnum innsta hluta stofnsins deyja innstu frumurnar og kjarnviður myndast.



Rafsalurinn í höll Katrínar fyrstu, eiginkonu Péturs mikla Rússakeisara. Höllin er skammt utan við Pétursborg. Raf er steinrunnin trjákvoða barrtrjáa.
Mynd / wikimedia.org

Stofn einkímblöðunga

Þykktar- eða síðvöxtur einkímblöðunga er minni en tvíkímblöðunga og oft eins og til dæmis í tilfelli pálma jafngildur frá rót og upp í blaðhvirfinguna.

Vaxtarsproti pálma er í toppi þeirra og nær hann oftast endanlegri þykkt áður en hann vex upp á við og þar sem mörg pálmatré mynda einungis einn stofn drepast þau sé tekið ofan af þeim.

Lengdartrefjar í stofnum pálma gera stofninn ótrúlega sveigjanlegan og með ólíkindum hvað pálmatré geta staðið af sér sterka hitabeltisstorma, enda segir í Sálmum Gamla testamentisins 92:13, „Réttlátir dafna sem pálmi“. Stöngull bambusa er að öllu jöfnu holur og því léttur og þolir mikla sveigju. Bambusar flokkast sem grös og eru stönglar þeirra ólíkir að lit eftir tegundum, grænn, gulur, rauður, blár, svartur og röndóttur.

Bambus vex mjög hratt og dæmi er um rúmlega 90 sentímetra vöxt á sólarhring og sagt er að það megi horfa á fljótsprottnustu tegundirnar vaxa. Tegundin *Dendrocalamus giganteus* verður allra bambusa hæstur og getur náð 30 metra hæð og stöngullinn verið 35 sentímetrar í þvermál við bestu skilyrði.

Þykkblöðungar



Kaktusar eru þykkblöðungar sem mynda myndarlegan stofn sem safnar í sig vatni sem forða.

Önnur planta sem myndar glæsilegan stofn er baobab, eða apabrauðstré eins og það er stundum kallað. Í heimi grasafræðinnar er baobab ekki flokkað sem tré heldur sem þykkblöðungur.

Reyndar með allra stærstu þykkblöðungum sem vissulega líkjast trjám í útliti. Stærð og útlit baobab er ólíkt eftir tegundum.

Hæð þeirra er frá 5 og upp í 40 metrar og breidd stofnsins getur náð allt að 47 metrum að ummáli. Baobab-þykkblöðungar vaxa yfirleitt stakir og setja sterkan svip á umhverfið þar sem þeir gnæfa yfir eins og steinrunnir risar.

Trjáburknar

Ólíkt öðrum burknum mynda trjáburknar stofn sem getur náð 15 til 20 metra hæð en eru yfirleitt lægri, eða milli fjórir og fimm metrar eftir tegundum. Eins og hjá pálmum er vaxtarbroddur trjáburkna í enda þeirra og mynda blöðin topphvirfingu.



Trjáburknar á Filippseyjum. Mynd / wikimedia.org




Flatir stönglar geislablaðs eða músaþorns, *Ruscus aculeatus,* líkjast blöðum.
Mynd / phytoimages.siu.edu



***Dendrocalamus giganteus* verður allra bambusa hæstur og getur náð 30 metra hæð og stöngullinn verið 35 sentímetrar í þvermál við bestu skilyrði.**
Mynd / wikimedia.org



Blaðamaðurinn og baobabþykkblöðungurinn. Mynd / Skarphéðinn G. Þórisson.



Þróun sprotavaxtar frum- og æðplantna. Mynd / royalsocietypublishing.org/



Kartöflur eru stöngulhnýði.
Mynd / knowyourproduce.com



Einföld gerð af vafningsjurt.
Mynd / wikimedia.org



Lengdartrefjar gera stofn pálma ótrúlega sveigjanlega og með ólíkindum hvað þeir geta staðið af sér hvassa hitabeltisstorma.
Mynd / wikimedia.org

Plöntur sem klifra

Vafnings- eða klifurjurtir eru plöntur sem vefja sig upp eða nota aðrar leiðir til að lyfta sér frá jarðvegsyfirborðinu og upp í sólarljósið. Stönglar klifurplantna eru grannir, hraðvaxta og sveigjanlegri í vexti en tréna með tímanum og geta orðið tugir metrar að lengd. Aðferðin er plöntunum hagfelld þar sem þær þurfa ekki að mynda eins sterka stöngla og plöntur sem standa undir sér sjálfar.

Í náttúrulegum heimkynnum sínum klifra plönturnar upp eftir öðrum trjám eða klettum. Vafningsjurtir eins og humlar og umfeðmingsgras vefja sig utan um önnur tré eða minni jurtir.

Klifurjurtir, eins og bergflétta, hafa heftirætur á stofninum sem festa sig við trjábörk eða grjót. Aðrar tegundir eins og rósir mynda króka eða sveigða þyrna til að krækja sig í með og enn aðrar eins og til dæmis vínviður senda frá sér fálmara sem þær vefja við greinar eða annað sem fyrir verður og hífa sig upp með þeim við klifrið. Í sumum tilfellum sveiflast fálmararnir þar til þeir ná snertingu við grein eða eitthvað annað sem þeir geta fest sig við.

Stönglar í kafi

Margar vatnaplöntur, eins og til dæmis vatnaliljur, mynda stöngulhnýði sem senda frá sér blaðstöngla upp á yfirborðið þannig að blöðin virðast fljóta á vatninu. Í blaðstönglum og blöðum vatnagróðurs er að finna loftrými sem eykur flot þeirra.

Mikið af lofti safnast í stöngulhnýðin og stundum má sjá loftbólur rísa frá botni tjarna með mikið af vatnaliljum, lofti sem losnar frá hnýðunum.

Nytjar

Stönglar og stofnar eru nýttir í margs konar tilgangi. Sem matvæli má nefna stöngulhnýði eins og kartöflur og taró. Hlynsýróp er unnið úr bol hlyntrjáa, aspar og bambussprotar eru stönglar og úr stönglum sykurreyrs er unninn sykur. Kanill er börkur og eitt undirstöðuhráefnið í tyggigúmmí er unnið úr trjáberki Senegalia senegal. Kínín sem er lyf gegn malaríu og bragðefnið í tónikvatni er unnið úr berki kínabarkar, *Cinchona officinalis* og eiturefnið kúrare úr berki nokkurra suður-ameríska klifurjurta.



Jarðarberjaplöntur mynda ofanjarðarrenglur sem eru jarðlægir sprotar sem skjóta rótum og mynda blöð. Mynd / strawberryplants.org

Viður trjáa er notaður sem byggingarefni og í alls konar stærri og minni muni eins og pappír, báta og skip, hljóðfæri og ótal aðra hluti. Bambusstönglar eru hafðir til bygginga, sem vatnsleiðslur og margt annað og grasstrá eru höfð í húsþök.

Orðið tannín er dregið af latneska heitinu yfir eikarbörk, tannāre, sem var og er líklega enn notaður til að lita leður. Korkur og náttúrulegt gúmmí er unnið úr berki og bast og margs konar þræðir úr stönglum líns, hamps og fleiri jurta. Úr berki pálmatrjáa eru unnir þræðir sem notaðir eru í mottur og ofnir eru í kaðla. Egyptar voru fyrstir, svo vitað sé, til að búa til pappír úr stönglum papírusplantna.

Raf er steinrunnin trjákvoða barrtrjáa sem þótti og þykir enn mikið gersemi og úr því búnir til skartgripir og skrautmunir. Friðrik I Prússakonungur gaf Pétri mikla snemma á 18. öld heilan sal skreyttan með rafi. Í seinni heimsstyrjöldinni var salurinn tekinn niður, fluttur til Prússlands og eyðilagðist líklega í lok stríðsins. Árið 2003 var endurgerð salarins opnuð almenningi eftir áratuga endurgerð.


Í fyrstu Jurassic Park myndinni á flugan sem risaeðlu DNA fannst í að hafa varðveist í rafi eins og margir eflaust muna.

Reykelsi og myrra

Olíukvoða sem safnað er úr stofni trjáa af ættkvíslinni *Besweelia* er notuð í reykelsi og ilmvötn. Samkvæmt kristinni trú færðu vitringarnir þrír úr austri Jesúbarninu við fæðingu þess gull, reykelsi og myrru. Reykelsið sem um ræðir var líklegast búið til úr slíkri kvoðu. Myrra er einnig trjákvoða sem vellur úr smávöxnum og þyrnóttum trjám og runnum sem tilheyra ættkvíslinni *Commiphora*. Myrra hefur lengi verið notuð til lækninga og sem ilmefni. Egyptar höfðu myrru handhæga við smurningu látinna til varðveislu, líklega til að dempa nályktina.

Í Jóhannesarguðspjalli 19: 39-41 kemur myrra við sögu. „Þar kom líka Nikódemus, er fyrrum hafði komið til hans um nótt, og hafði með sér blöndu af myrru og alóe, nær hundrað pundum. Þeir tóku nú líkama Jesú og sveipuðu hann línblæjum með ilmjurtunum eins og Gyðingar búa lík til greftrunar.

En á staðnum, þar sem hann var krossfestur, var grasagarður og í garðinum ný gröf sem enginn hafði enn verið lagður í.”



LANDGRÆÐSLA



En hver er þarna mættur frá sólarlöndum? Litli félagslyndi vinur minn, herra óðinshani. Segðu mér nú fréttir af heiminum á meðan þú hnykkir til hausnum á sundinu, mikið saknaði ég þín. Mynd / Sigurjón Einarsson

Margt býr í mýrinni


„Skvamp, skvamp“. Þetta hljóð færir mig aftur til barnæsku, stígvéla og hopp í polla á afleggjaranum heima í sveit.

Loftið angar af blöndu af jarðvegi og gróðri og ég sting nefinu niður í svörðinn og þefa betur að mér ilminum. Í leiðinni sé ég örlitla sóldögg að gæða sér á flugu í slímugum kirtilhárunum. Heillar mig í hvert skiptið, kænskan í smæðinni. En hvað var þetta? SNÁKUR! Nei.

Dularfyllsta vera hafsins, állinn, sem mun aldrei gefa upp öll sín leyndarmál sama hvað maðurinn reynir að rannsaka hann. En nú þarf ég að passa mig. Þarna er tjörnin með brunnklukkum sem hoppa upp í mig. Svo er þarna uppáhaldsblómið mitt við tjarnarbakkann. Það á sér mörg nöfn en ég spyr mig hvers vegna horblaðka varð svo vinsælast. En hver er þarna mættur frá sólarlöndum? Litli félagslyndi vinur minn, herra óðinshani. Segðu mér nú fréttir af heiminum á meðan þú hnykkir til hausnum á sundinu, mikið saknaði ég þín. Ég finn svo löngun til að stinga hendinni ofan í moldina, hin fullkomna drullumallsmold sem ég móta í drullubollu í hendinni. Fátt tengir mann betur við náttúruna en moldugir puttar.

Ég er orðin þyrst svo ég leggst á lækjarbakkann og sting hausnum næstum ofan í vatnið því það er svo ferskt og gott, eins tært og það getur orðið beint undan hrauninu. Hendi strái út í og byrja að elta það niður farveginn þar til það kemst út í vatn. Þar hoppar urriðinn upp úr vatninu eins og til að þakka fyrir heilbrigt búsvæði sitt í stöðugu vatnsyfirborði enda lítið rask á blautu landinu allt í kring. Þegar heim er komið eru sokkarnir blautir og tærnar kaldar en það besta bíður mín – að skipta yfir í hlýju ullarsokkana.

Flest mín ævintýri í æsku byrjuðu úti í mýri. Það var alltaf eitthvað nýtt að sjá því vatninu fylgir líf og svo mikill fjölbreytileiki. Í dag starfa ég hjá Landgræðslunni og reyni að miðla þekkingu minni til almennings.



Svo er þarna uppáhaldsblómið mitt við tjarnarbakkann. Það á sér mörg nöfn en ég spyr mig hvers vegna horblaðka varð svo vinsælast. Mynd / Aðsend

Mest langar mig þó að bjóða upp á ævintýraferðir í mýrina, sýna plöntur og dýr, drullumalla og sulla til að tengja fólk þessari náttúru sem leiðir af sér væntumþykju og virðingu.

Mýrar eru mun verðmætari vistkerfi en flestir átta sig á og það er kominn tími til að beina umræðunni frá þeirri einföldun að eina hlutverk þeirra sé að stöðva losun kolefnis. 96% af lífmassa jarðarinnar er maðurinn og hans húsdýr. Endurheimt snýst um að gera aðeins meira pláss fyrir þau 4% lífvera sem lifa villt á þessari jörð. Við þurrkun mýra þagna þau hljóð sem umluktu ævintýri mín í æsku en við hækkun vatnsstöðunnar gæðum við landið lífi á ný.

Það er alltaf opið fyrir umsóknir um endurheimt votlendis hjá Landgræðslunni.

Iðunn Hauksdóttir,
verkefnastjóri endurheimtar votlendis hjá Landgræðslunni.

Skráið smáauglýsingar
á www.bbl.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Kýr í rannsóknafjósi á rotmassaundirlagi. Mynd: www. freewalk.eu

Framtíðarfjósið án legubása?

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Það dylst ekki nokkrum kúabónda, né öðrum sem fylgjast með þróun í mjólkurframleiðslunni í heiminum, að fjós hafa tekið miklum breytingum á liðnum áratugum og sérstaklega síðustu tveimur eftir að legubásafjós hófu raunverulega innreið sína á ný hér á landi um síðustu aldamót.

Þróunin skýrist m.a. af mjaltatækninni, þ.e. aukinni notkun mjaltaþjóna, en ekki síður að við vitum í dag að kýr þakka fyrir bættan aðbúnað með afurðasemi og endingu. Fjós eru nefnilega sambland af því að bændur reyna að búa gripum sínum eins góðar aðstæður og mögulegt er en á sama tíma að stýra gripunum svo það sé hægt að stunda nútímabúskap. Innréttingar í fjósum, en tilgangur þeirra er að stýra gripum bæði við legu og göngu, eru þannig eins konar málamiðlun enda ef ekki væru t.d. innréttingar á legusvæði kúa yrði það mjög fljótt drullugt og kýrnar óhreinar. Vera má að þeim þætti það ekki svo slæmt á þeim tímapunkti en við vitum að óhreinar kýr eru sjúkdómasæknar svo dæmi sé tekið. En hefur hið fullkomna fjós þá verið byggt nú þegar? Er legubásafjósið hið eina sanna? Þessu hefur vísindafólk velt upp mörgum sinnum enda eru til margar aðrar fjósgerðir þar sem kýr eru enn frjálsari en í legubásafjósi s.s. í hálm- eða sandstíufjósi.

En hvaða forsendur gilda um fjós framtíðarinnar? Í raun má draga þær saman í þrjár meginforsendur: fjósin þurfa að vera hagkvæm í byggingu, þau þurfa að stuðla að góðri dýravelferð og vera vinnusparandi. Þessu til viðbótar má nefna kröfuna um samræmi bygginga við umhverfi sitt og landslag, eitthvað sem aukin áhersla er á víða um heim nú um stundir.

Fyrir nokkrum árum stungu nokkrir vísindamenn, víðs vegar að úr heiminum, saman nefjum og fóru yfir þróun fjósgerða og fjósatækni og veltu fyrir sér hvað framtíðin bæri í skauti sér. Niðurstaðan hjá þeim var sú að í framtíðinni yrði lögð enn meiri áhersla, en nú, á dýravelferð og náttúrulegt atferli. Þá yrðu fjós betur hönnuð með tilliti til umhverfismála auk þess að endurvinnsla á alls konar úrgangi frá fjósum myndi koma til. Þegar horft væri til allra þátta töldu skýrsluhöfundar að fjós framtíðarinnar yrðu að líkindum án legubása þar sem kýr geta því gengið og legið algjörlega á eigin forsendum. Svona fjós eru í dag oftast með einhvers konar undirburði úr rotmassa, og þá oftast hálmi, taði, trjákurli eða pappírskurli en einnig eru til fjós eingöngu með sandi og þá eru einnig til sérstök tilraunafjós í dag með gegndræpum gólfum.

Steypan á útleið

Stundum er sagt að eigi að hlúa að dýravelferð nautgripa þá ættu þeir aldrei í raun að komast í snertingu við steinsteypu, en svo er þó raunin í flestum fjósum í heiminum enda ganga gripir oft á rimlum eða steyptum gólfum. Hið harða undirlag gerir það svo að verkum að stundum fá kýr helti vegna þessa og það verður væntanlega áhersla á að búa nautgripum betri aðstöðu í framtíðinni segir m.a. í skýrslunni.

Lausagöngufjós

Þó svo að við á Íslandi skilgreinum legubásafjós sem lausagöngufjós þá er það nafn líklega besta þýðingin á enska heitinu „Free Walk Housing“, en það er einmitt heitið á metnaðarfullu rannsóknaverkefni hjá Evrópusambandinu (sjá: www.freewalk.eu) sem hafði það að markmiði að þróa fjósgerð sem kæmi enn betur til móts við náttúrulegar þarfir kúa en hefðbundin legubásafjós. Þessi fjós bera með sér einkenni hefðbundinna hálmfjósa, þ.e. kýrnar geta hreyft sig frjálsar um stór svæði og með frjálst aðgengi að fóðri og vatni og þegar þær vilja geta þær lagt sig á þægilegt undirlag með æskilegri fjarlægð frá öðrum einstaklingum.

Ýmsar áskoranir

Því fylgja alls konar vandamál að leyfa kúnum að ráða sér algjörlega sjálfar og þar sem hver kýr hefur þetta 12-15 m² til umráða að meðaltali.

> Stundum er sagt að eigi að hlúa að dýravelferð nautgripa þá ættu þeir aldrei í raun að komast í snertingu við steinsteypu ...“

Þannig sýna sumar rannsóknir að svona fjós, sem eins og fyrr segir eru oftast með einhvers konar þykkum undirburði, losa oft meira magn af ammoníaki og hláturgasi (nituroxíði) og þetta eru áskoranir sem þarf að takast á við áður en svona fjósgerð myndi kallast sjálfbær. Þá eru oft í svona fjósum alls konar óæskilegar örverur sem tengjast aukinni tíðni á júgurbólgu eða hafa jafnvel borist yfir í hina framleiddu mjólk. Enn fremur er oft þónokkuð flókið að fá nægan undirburð og það á viðráðanlegu verði. Að síðustu má nefna algengt vandamál við fjósgerðir sem þessa en það er að ná að halda rotmassanum við, svo undirlagið haldist passlega þurrt allan innistöðutímann. Þetta á sérstaklega við á kaldari svæðum heimsins þar sem útihitastigið gerir það oft að verkum að illa gengur að ná réttri gerjun rotmassans. Með öðrum orðum þessi fjósgerð, þótt æskileg sé í raun, á nokkuð í land með að verða fyrsti valkostur kúabænda framtíðarinnar.

Gegndræp gólf

Eigi lausagöngufjósin að ná raunverulegri fótfestu í framtíðinni er talið nauðsynlegt að finna annars konar lausn á undirlagi kúa en notkun á rotmassa eða hreinum sandi. Hér er m.a. horft til þróunar hollenskra vísindamanna á sérstöku mjúku gólfi sem hleypir hlandi og öðrum vökva beint í gegn, svo gólfið er alla jafna nokkuð þurrt. Þessi sérstaka gerð af undirlagi er úr samsettu lagi ólíkra efna. Efst er gegndreypandi gúmmídúkur sem skilur að hland og skít, þar undir er svo legudýna sem er nógu mjúk svo kýrnar geti legið þægilega á henni en einnig

nógu stíf til þess svo kýrnar sökkvi ekki of mikið niður í gólfið við gang. Þá er gólfið nógu sterkt til þess að sérstakur róbóti, sem hreinsar upp skítinn, geti keyrt vandræðalaust á gólfinu 4-6 sinnum á sólarhring. Undir öllu saman eru svo sérstakar rennur sem safna saman þvaginu og leiða í þar til gerða þvaggeymslu. Þessi gólfgerð er þegar í prófun í fjósum bæði í Hollandi, Slóveníu og Þýskalandi.

Fleiri fjósgerðir í þróun

Þróun fjósgerða er alls ekki lokið og er t.d. verið að skoða hvort hægt sé að útbúa fjós þannig að hægt sé að safna saman þeim lofttegundum sem myndast við mjólkurframleiðslu, þar á meðal ammoníaki og metani, og varðveita á einhvern hátt.

Nokkrar mismunandi hugmyndir um svona söfnunarkerfi hafa komið fram og ein tillagan er að setja eins konar tjald ofan við fóðurganginn sem gengir því hlutverki að fanga uppgufaðar lofttegundir og lyktarefni. Þaðan væri þeim svo dælt í gegnum einhvers konar lífsíu, t.d. viðarkurl, þar sem lofttegundirnar myndu bindast á ný. Aðrar hugmyndir ganga út á að gera fjósin algjörlega að lokuðu loftkerfi, þ.e. stjórna frá A-Ö því hvað fer inn og út af lofttegundum.

Vandamálið er þó að metan, sem er líklega mest umtalaða lofttegundin þegar mjólkurframleiðsla ber á góma, er í frekar lágum styrk í fjósum og því er ákveðið vandamál að safna því saman en það eru þó uppi hugmyndir um það hvernig mætti hreinsa metanið það vel að hægt væri að brenna því. Þá myndi það breytast úr því að vera talið neikvætt vegna umhverfisáhrifa yfir í að verða jákvætt vegna þess að nýta mætti það sem orkugjafa.


Hver sem fjósgerð framtíðarinnar verður, þá ætti öllum að vera dagljóst að endastöð er hvergi náð í dag og þróunin er í raun svo hröð að þegar kúabóndi tekur ákvörðun í dag um að fjárfesta í fjósi, þá er það í raun fljótt tæknilega úrelt.

Það fer þó fjarri að það sé ekki vel nýtanlegt, það er bara alltaf eitthvað nýtt að koma fram sem gerir fjós dagsins í dag úrelt á nokkuð stuttum tíma.

Heimild m.a. JDS: Future of housing for dairy cattle. Júní 2020.



Kýr í rannsóknafjósi með hinu gegndræpa gólfi. Mynd: www. freewalk.eu



HÚS Fasteignasala

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is



Avignon & Annecy
2. – 10. september 2023
Fararstjórn: Þórdís Erla Ágústsdóttir
Verð 349.500 kr. á mann í tvíbýli

Komdu með í glæsilega ferð til Suður-Frakklands um Provence hérað þar sem landslag, menning og mannlíf leika aðalhlutverk í einstöku samspili.

bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2
108 Reykjavík



BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
GÓLF Í GRIPAHÚS
SIB ŁOWICZ
SWAANS BETON
BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager
Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni. Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla. Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga. Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.
Hafðu samband: bondi@byko.is



VERKTAKAR - SVEITARFÉLÖG
Framleiðum mjög endingargóð og vottuð umferðarskilti ásamt vinnusvæðaskiltum og öryggismerkingum
SB SKILTAGERÐ
REYNSLUNNI RÍKARI
483 1955 www.sbskilti.is
Óseyrarbraut 16b. - 815 Þorlákshöfn

Vetrarsól er umboðsaðili
Sláttuvélar & sláttuorf
STIGA
Gulltryggð gæði
40 ár á Íslandi
Sláttutraktorar
Snjóblásarar
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

Bændablaðið kemur næst út
23. mars

Hrossarækt:

Stóðhestar sem hlutu viðurkenningu fyrir afkvæmi haustið 2022

Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslenska hestinn var reiknað eftir alla dóma ársins í lok október 2022 og birt í WorldFeng. Þar kom í ljós að tveir stóðhestar höfðu náð lágmörkum fyrir fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi, Ljósvaki frá Valstrýtu og Kolskeggur frá Kjarnholtum II. Kolskeggur var þegar búinn að ná þessum áfanga fyrir Landsmótið 2022 en mætti þar ekki með afkvæmahóp, en fékk hins vegar viðurkenningu á haustráðstefnunni. Þá náði Kjerúlf frá Kollaleiru lágmörkum fyrir heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.



Halla Eygló Sveinsdóttir.



Elsa Albertsdóttir.

Á landsmótsári er kynbótamatið reiknað tvisvar til að skera úr um hvaða hestar ná lágmörkum afkvæmaverðlauna. Fyrri keyrslan byggir þá á öllum dómum að loknum vorsýningum á Íslandi og stýrir sætaröðun hestanna sem mæta á Landsmótið. Alltaf ríkir mikil eftirvænting að sjá hvaða hestar ná þessum áfanga. Aðalkeyrsla kynbótamatsins er svo að haustinu að loknum öllum dómum hvers árs.

Áður hefur verið skrifað um áhrif þróunar kynbótamatsins síðustu ár og mögulegar skýringar á breytilegum niðurstöðum þess. Hvað afkvæmahross varðar hafa áhrifin líklega verið mest á hryssurnar vegna forvalsins en þó líka einhver á þá stóðhesta sem ná fyrstu verðlaunum.

Röðun hrossa, á alþjóðavísu, breyttist svo nokkuð með síðasta skrefi þróunarinnar, þegar hætt var að leiðrétta fyrir landi.

Lágmörk afkvæmahesta eru 118 stig í kynbótamati aðaleinkunnar eða aðaleinkunnar án skeiðs, sýnd afkvæmi þurfa að minnsta kosti að vera 15 fyrir fyrstu verðlauna hesta og 50 fyrir heiðursverðlauna stóðhesta. Hvert afkvæmi sem sýnt er hefur talsverð áhrif á lokaniðurstöðu kynbótamatsins en þau áhrif eru meiri fyrir fyrstu verðlauna hesta en heiðursverðlauna hestana, þar sem hvert og eitt afkvæmi bætir hlutfallslega meira við. Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi eru viðurkenning á ágæti stóðhestsins til framræktunar og heiður og afrek að ná slíkum áfanga. Niðurstöður kynbótamatsins nú sýna að forvalið hefur talsverð áhrif á fyrstu verðlauna hestana sem og þá aldur afkvæmanna þegar þau mæta til dóms.

Æðsti heiður hvers ræktanda hlýtur að vera að ná heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi. Það var heldur betur mjótt á munum á stóðhestum sem náðu þessum áfanga á Landsmótinu, sér í lagi á fyrsta og öðru sæti. Þar voru jafnir að stigum Sjóður frá Kirkjubæ og Jarl frá Árbæjarhjáleigu en aðeins kommur skildu kappana að, hnossið hlaut Sjóður. Ef rýnt er í gögnin er lýsing afkvæmahestanna, sem byggir á kynbótamati og kynbótadómum sýndra afkvæma, oft keimlík milli fyrstu verðlauna og heiðursverðlauna. Heiðursverðlaun eru tryggð viðurkenning á framræktunargildi einstaklingsins með mjög miklu öryggi og áreiðanleika.



Kjerúlf frá Kollaleiru og Hans Kjerúlf á Ístölti Austurlands árið 2015. Mynd / Hafrún Eiríksdóttir



Ljósvaki frá Valstrýtu á Landsmóti á Gaddstaðaflötum 2022 og knapi hans, Árni Björn Pálsson. Mynd / Kolla Gr.

Ljósvaki frá Valstrýtu

Ljósvaki frá Valstrýtu er tólf vetra gamall undan Oddsdótturinni Skyldu frá Hnjúkahlíð og Álfssyninum Hákoni frá Ragnheiðarstöðum en móðir hans var Hátíð frá Úlfsstöðum sem hlaut 10 fyrir tölt á Landsmótinu 2006. Ljósvaki er ræktaður af Guðjóni Árnasyni sem á hestinn með Árna Birni Pálssyni. Ljósvaki fór í sinn hæsta dóm á Landsmótinu 2016 á Hólum í Hjaltadal. Þar hlaut hann 8,54 í aðaleinkunn sýndur sem klárhestur. Fyrir sköpulag fékk Ljósvaki 8,22 þar af 9,0 fyrir höfuð og samræmi en fyrir kosti fékk hann 8,75. Þar hæst ber að nefna einkunnina 10 fyrir bæði tölt og stökk, 9,5 fyrir vilja og geðslag og fegurð í reið og 9,0 fyrir fet, hægt tölt og hægt stökk. Ljósvaki hefur staðið sig afar vel í keppni og á síðustu tveimur Landsmótum hefur hann verið í A-úrslitum í B-flokki gæðinga og kórónaði árangur sinn með því að landa sigri á því síðastliðna. Af 296 fæddum afkvæmum hafa 16 skilað sér í dóm en meðalaldur sýndra afkvæma er aðeins 5 ár. Það er verðmætur eiginleiki að hross komi fljótt til og skili sér í dóm. Ljósvaki á líklegast ekki langt að sækja það en afi hans Álfur frá Selfossi hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi aðeins tíu vetra gamall. Það verður því spennandi að fylgjast með hvort ekki skili sér fleiri afkvæmi Ljósvaka í dóm innan skamms.

Hæst dæmdu afkvæmi hans eru tveir stóðhestar sem komu fram á nýliðnu landsmóti en það eru þeir Tindur frá Árdal undan Aðalsdótturinni Þrumu frá Árdal og Dreyri frá Blönduhlíð sem er undan Kötlu frá Blönduhlíð, dóttur Glyms frá Innri-Skeljabrekku,.

Kynbótamat:

Aðaleinkunn:	**121**	**Sköpulag:**	**111**
Hæfileikar:	**116**	**Mæting:**	**118**

Dómsorð afkvæma:

Ljósvaki frá Valstrýtu gefur stór hross. Höfuðið er skarpt með vel opin augu en stundum með djúpa kjálka. Hálsinn er frekar vel settur, langur og grannur. Bak og lend eru fremur vöðvafyllt en lendin getur verið gróf. Samræmi er mjög gott, fótahátt, léttbyggt og sívalt. Fætur hafa öfluga liði og sinar en sinaskil eru misgóð. Afturfætur eru nágengir og framfætur fremur útskeifir. Hófar eru nokkuð efnisgóðir með hvelfdan botn en hælar geta verið slútandi, prúðleiki er jafnan góður. Afkvæmin eru oftar klárhross en sé skeið fyrir hendi eru gæðin ekki mikil. Töltið er takthreint og fremur skrefmikið með góðum fótaburði en vantar stundum mýkt, sama á við um hæga töltið. Brokkið er fremur skrefgott en fremur sviflítið og rými getur skort.

Stökkið er skrefgott og hæga stökkið takthreint en getur skort svif. Fetið er takthreint en skortir stundum framtak. Ljósvaki frá Valstrýtu gefur stór og fótahá hross sem flest eru sýnd sem klárhross með tölti. Þau eru yfirveguð og fara ágætlega í reið með góðum fótaburði og skrefi. Hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Kolskeggur frá Kjarnholtum II

Kolskeggur er fjórtán vetra gamall undan Hróðurssyninum Kvisti frá Skagaströnd og Heru frá Kjarnholtum. Hera er langræktuð frá Kjarnholtum undan Lyftingu og Kolskeggi eldri frá þeim bæ. Hann er ræktaður og í eigu Magnúsar Einarssonar. Hæstan dóm hlaut Kolskeggur á vorsýningu á Sörlastöðum árið 2017 þegar hann var níu vetra gamall og fór þá í 8,86 í aðaleinkunn. Fyrir sköpulag fékk hann 8,74 þar af 9,5 fyrir höfuð og samræmi, 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og bak og lend. Fyrir kosti fékk hann 8,94, hæst 9,5 fyrir skeið og 9,0 fyrir tölt, brokk, vilja og geðslag og fegurð í reið. Á keppnisbrautinni hefur Kolskeggur verið farsæll og er þess skemmst að minnast þegar hann vann A-flokk gæðinga á nýliðnu Landsmóti á Gaddstaðaflötum. Það er ljóst af dómsorðum Kolskeggs að hann skilar ágætlega sínum eiginleikum til afkvæma sinna.

Hæst dæmda afkvæmið er Þór frá Torfunesi undan heiðursverðlauna hryssunni Bylgju frá Torfunesi, Baldursdóttur frá Bakka. Auk þess má nefna Kjalar frá Hvammi undan Kráksdótturinni Krímu frá Hvammi og Tappi frá Höskuldsstöðum sem er undan Tign frá sama bæ en hún er undan Ás frá Ármóti. Meðalaldur sýndra afkvæma er 8,24 ár og af 153 fæddum hafa 25 skilað sér í dóm.

Kynbótamat:

Aðaleinkunn:	**118**	**Sköpulag:**	**119**
Hæfileikar:	**114**	**Mæting:**	**112**

Dómsorð afkvæma:

Kolskeggur frá Kjarnholtum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuðið er svipgott og skarpt með vel opin augu. Hálsinn er reistur, fínlegur, langur og hátt settur við skásetta bóga en það getur borið á undirháls. Bakið er breitt með fremur góða yfirlínu og lendin er jöfn og öflug. Samræmið er afar gott, afkvæmin eru fótahá og léttbyggð með sívalan bol. Fætur eru þurrir með nokkuð öflugar sinar en frekar lítil sinaskil. Afturfætur eru nokkuð réttir en nágengir.

Hófar eru ágætlega efnismiklir en hvelfingu í hófbotni getur verið ábótavant, prúðleiki er meðalgóður. Afkvæmin eru alla jafna alhliðageng. Töltið er takthreint, rúmt og skrefmikið með góðum fótaburði, hæga töltið lyftugott en ekki alltaf mjúkt. Brokkið er skrefmikið og rúmt en getur verið ójafnt. Skeiðgæðin eru misjöfn; skeiðið er jafnan skrefgott en rými og takti getur verið ábótavant. Stökkið er ferðmikið og framhátt líkt og hæga stökkið sem getur þó verið sviflítið. Fetið er takthreint en skreflengd mætti vera meiri. Kolskeggur gefur framfalleg og léttbyggð alhliðahross



Kolskeggur frá Kjarnholtum á Landsmóti á Gaddstaðaflötum 2022. Knapi er Sigurður Sigurðarson. Mynd/KollaGr.

með þjálan og góðan vilja sem fara vel í reið með góðum höfuðburði. Kolskeggur hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Kjerúlf frá Kollaleiru

Kjerúlf er tuttugu vetra gamall undan Flugu frá Kollaleiru, Bjartsdóttur frá Egilsstaðabæ og Orrasyninum Takti frá Tjarnarlandi en móðir hans var Kjarvalsdóttirin Kórína frá Tjarnarlandi. Kjerúlf er ræktaður af Hans Friðrik Kjerulf sem á hestinn ásamt Leó Geir Arnarsyni. Kjerúlf fór í sinn hæsta dóm, 8,44 í aðaleinkunn á Landsmótinu á Vindheimamelum árið 2011, þá átta vetra gamall. Fyrir sköpulag fékk Kjerúlf 8,14 þar af hæst 8,5 fyrir samræmi, fótagerð, hófa og prúðleika.Fyrir kosti hlaut hann 8,64, þar af hæst 9,5 fyrir brokk og 9,0 fyrir hægt tölt, tölt, vilja og geðslag og fegurð í reið. Kjerúlf fór í fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi árið 2016 og var sýndur með hópi afkvæma á Landsmótinu á Hólum það ár.

Af 360 fæddum afkvæmum hafa 50 skilað sér í dóm og er meðalaldur þeirra tíu ár. Hæst dæmda afkvæmið er Kaldalón frá Kollaleiru undan Heiði frá Hjallalandi, sem var sýndur 2020 í 8,56 með 9,0 fyrir prúðleika, tölt, brokk, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið. Þá er það Róska frá Hákoti undan Þorradótturinni Frá frá Hákoti, hún fór í 8,50 í aðaleinkunn sex vetra gömul með 9,0 fyrir höfuð, háls, herðar og bóga, bak og lend, brokk og vilja og geðslag. Þriðja hæst dæmda afkvæmið er svo Varúlfur frá Eylandi undan Orradótturinni Vöku frá Árbæ. Hann fór hæst í 8,34 í aðaleinkunn í kynbótadómi árið 2020 en hefur síðan þá komið fram í allmörgum keppnum úti í Svíþjóð.

Kjerúlf er nokkuð sterkur á framræktaða eiginleika og er lýsing afkvæma afar lík milli fyrstu verðlauna og heiðursverðlaunanna sem hann hefur nú náð lágmörkum til. Heiðursverðlaunin byggjast á aðaleinkunn án skeiðs sem er 121 stig eftir haustútreikninga 2022.

Kynbótamat:

Aðaleinkunn:	**116**	**Sköpulag:**	**105**
Hæfileikar:	**116**	**Mæting:**	**114**

Dómsorð:

Kjerúlf gefur hross í tæpu meðallagi. Höfuðið er svipgott með vel opin augu en stundum með krummanef. Afkvæmin hafa sterka yfirlínu í hálsi og baki. Hálsinn er reistur við háar herðar en getur verið djúpur, bógalega er góð. Bakið er breitt og lendin öflug en getur verið afturdregin og gróf. Afkvæmin eru sívöl og hlutfallarétt en fótahæð jafnan í meðallagi. Fætur eru þurrir með öflugar sinar en ekki mikil sinaskil og afturfætur geta verið nágengir. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn, prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin hafa afar gott tölt, takthreint, rúmt og jafnvægisgott með góðri fótlyftu. Brokkið er skrefmikið og rúmt, stökkið ferðmikið en fetið fremur skrefstutt. Sé skeið fyrir hendi er það öruggt. Afkvæmin eru ásækin í vilja, vakandi og þjál og fara vel í reið með háum fótaburði. Kjerúlf hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

RML sendir ræktendum og eigendum þessara hesta innilegar hamingjuóskir. Mikil vinna liggur að baki þessum mikla árangri sem er ómetanlegt fyrir ræktunarstarfið.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Elsa Albertsdóttir,
ráðunautar í hrossarækt.



Tindur frá Árdal, undan Ljósvaka. Knapi er Helga Una Björnsdóttir.
Mynd / Hannes Sigurjónsson



Þór frá Torfunesi undan Kolskeggi. Mynd / Baldvin Kr. Baldvinsson



Kaldalón frá Kollaleiru, undan Kjerúlf. Mynd /Aðsend

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
www.byggd.is
TRAUST FASTEIGNASALA
464 9955 byggd@byggd.is
SKIPAGATA 16 ◇ OPIÐ KL. 9-17 FÖS 9-16 ◇ FASTEIGNASALAN BYGGÐ

VÍÐIGERÐI Í EYJAFJARÐARSVEIT



Til sölu er jörðin Víðigerði í Eyjafjarðarsveit í um 16 km aksturs-fjarlægð frá Akureyri. Á jörðinni stendur stórt einbýlishús á þremur hæðum, hlaða, votheysturn, fjós sem var fyrst byggt árið 1967 og viðbygging frá 2008. Lítið alifuglahús, fjárhús og hlaða við það sem stendur efst og nyrst af byggingunum. Einnig eru þar tvær véla og verkfærageymslur, neðst bygginga á jörðinni.

Stærð jarðar er talin vera um 200 ha. og af því ræktað land um 50 hektarar Jörðinni fylgir um 235 þús l. mjólkurkvóti, nú 45 mjólkandi kýr og 40 aðrir gripir í uppeldi Tæki sem fylgja skv. tækjalista sem má nálgast með því að hafa samband á skrifstofu

Nú er ekkert mál að steypa í frosti og gera alla jarðvinnu!
Þíðir 40-80cm niður í frost á dag



WWW.FRERI.IS
419-0120 FRERI@FRERI.IS

GG TRÉ
BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

Til sölu 68,5m² iðnaðarbil til afhendingar strax í Breiðamýri 3, Selfossi.

HÚS Fasteignasala


Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is




Afurðatekjur og breytilegur kostnaður þar sem búum er raðað upp eftir framlegðarstigi afurðatekna.

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
Fjöldi árskúa	43,0	57,1	50,3	45,7	58,0	48,4	54,5	59,0	55,4
Innlögð mjólk/árskú, ltr	5.779	6.175	6.153	5.646	6.200	6.300	5.468	6.149	5.945
Innlögð mjólk alls, ltr	246.204	354.172	308.677	258.973	360.438	305.250	300.613	364.561	332.816
Mjólkurkvóti, ltr	235.573	335.773	296.025	245.211	341.369	285.305	274.237	348.754	307.983
Fjöldi innlagðra geldneyta	21,8	17,1	17,7	17,9	16,0	13,3	22,2	17,0	19,6
Heyjaðir ha/árskú	2,12	1,60	1,43	1,97	1,65	1,47	1,86	1,63	1,49
Aldur við fyrsta burð, mán	27,9	27,6	26,9	27,4	27,5	26,4	28,6	27,5	26,7
Afurðastöðvarverð mjólkur, kr/ltr.	87,0	88,3	89,3	93,1	94,5	95,1	97,9	99,9	98,9
Opinberar greiðslur, kr/ltr.	40,7	40,3	40,9	41,7	40,7	40,9	42,5	41,9	42,0
Afurðastöðvarverð nautgripakjöt, kr/ltr.	16,2	10,8	12,4	16,0	9,6	9,2	13,4	10,3	12,0
Afurðastöðvarverð kýrkjöt, kr/ltr.	5,6	5,8	5,5	5,3	5,2	5,4	6,9	5,0	5,7
Sláturálag á nautakjöt, kr/ltr.	0,9	0,6	0,7	1,3	0,8	0,7	3,1	2,2	2,7
Aðrar tekjur af nautgripum, kr/ltr.	0,5	0,7	1,0	0,6	0,8	1,0	1,2	0,7	0,5
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/ltr.	2,9	2,3	2,3	3,0	2,6	2,5	3,7	2,6	2,5
Afurðatekjur alls, kr/ltr.	**153,9**	**148,8**	**152,0**	**161,1**	**154,1**	**154,8**	**168,7**	**162,7**	**164,3**
Aðkeypt fóður, kr/ltr.	33,3	26,5	20,3	35,0	27,5	20,7	36,0	30,2	23,3
Áburður, kr/ltr.	14,8	9,0	6,7	16,0	9,6	6,2	14,7	10,1	4,9
Sáðvörur, kr/ltr.	0,7	0,8	0,9	1,1	1,2	1,0	1,5	1,1	0,6
Rekstur búvéla, kr/ltr.	15,1	11,1	7,4	18,9	11,7	7,8	18,9	12,8	9,6
Rekstrarvörur, kr/ltr.	8,8	6,2	5,1	9,9	6,9	5,4	10,8	7,7	6,0
Flutningar, kr/ltr.	7,4	6,2	5,9	6,2	6,2	6,1	7,1	6,2	6,0
Dýralækniskostnaður, kr/ltr.	2,4	2,0	1,4	2,4	2,3	2,1	2,6	2,3	2,0
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun, kr/ltr.	1,3	2,0	1,8	3,7	2,2	1,1	4,2	2,3	0,9
Önnur aðkeypt þjónusta, kr/ltr.	8,3	5,3	2,7	9,1	5,7	3,9	8,3	5,8	4,7
Breytilegur kostnaður alls, kr/ltr.	**92,3**	**69,2**	**52,2**	**102,3**	**73,3**	**54,3**	**104,2**	**78,4**	**58,1**
Breytilegur kostnaður v/fóðuröflunar, kr/ltr.	34,1	24,3	18,2	42,4	26,2	17,5	41,9	28,0	17,9
Framlegðarstig afurðatekna	***40,0%***	***53,5%***	***65,7%***	***36,8%***	***52,5%***	***64,9%***	***38,3%***	***51,8%***	***64,6%***
EBITDA, hlutfall af heildarveltu	***19,4%***	***25,6%***	***30,3%***	***14,1%***	***24,9%***	***28,5%***	***23,7%***	***25,7%***	***35,9%***
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/ltr.	***147,4***	***126,9***	***112,4***	***170,1***	***132,8***	***117,8***	***165,4***	***140,3***	***111,7***
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þúsund kr.	***-3.812***	***643***	***2.273***	***-4.463***	***972***	***2.752***	***864***	***1.402***	***4.961***

Tafla 1.



Mynd 1.




Mynd 2.

Yfirlit yfir skuldir og fjármagnskostnað. Búum raðað upp eftir hlutfalli EBITDA af heildarveltu. Fjárhæðir í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
Skuldir									
Skammtímaskuldir	17.968	16.761	10.938	24.995	14.985	11.864	19.888	16.961	17.735
Langtímaskuldir	44.931	95.181	126.088	60.180	101.901	122.313	44.265	104.902	138.953
Skuldir alls	**62.899**	**111.942**	**137.027**	**85.175**	**116.886**	**134.178**	**64.152**	**121.863**	**156.688**
Skuldahlutfall	***1,35***	***1,85***	***2,10***	***1,64***	***1,82***	***1,85***	***1,29***	***1,75***	***2,23***
Afskriftir, kr/ltr.	13,3	23,0	31,8	16,8	24,0	33,4	18,9	25,5	35,8
Fjármagnsliðir, kr/ltr.	13,1	18,9	23,4	12,8	18,1	20,1	9,8	19,1	26,5
Fjármagnsliðir, hlutfall af heildarveltu	***7,2%***	***11,2%***	***13,2%***	***6,6%***	***10,5%***	***11,4%***	***5,4%***	***10,3%***	***13,8%***
Laun og launatengd gjöld, kr/ltr.	45,3	31,8	23,2	45,6	32,2	22,9	58,5	33,7	22,8
Laun og launatengd gjöld/árskú	258	194	140	276	199	142	349	205	136
EBITDA samtals, kr/ltr.	7,2	43,6	75,7	6,4	43,7	74,6	13,9	48,4	79,9

Tafla 2.



Mynd 3.

Rekstrarverkefni kúabúa

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur staðið fyrir rekstrarverkefni meðal kúabænda í ein þrjú ár. Viðbrögð þeirra við þessu verkefni hafa verið vonum framar en þátttakan hefur aukist mikið frá upphafi – á meðan starfandi kúabúum hefur farið fækkandi á landsvísu.



Kristján Ó. Eymundsson.



María Svanþrúður Jónsdóttir.

Verið er að leggja lokahönd á skýrslu vegna þátttökuársins 2022 og verður hún aðgengileg á heimasíðu RML nú í mars. Meginmarkmiðið með verkefninu hefur alltaf verið það að bændur fái heildstæða greiningu á sínum rekstri svo að þeir sjái styrkleika og veikleika í eigin rekstri. Árið 2021 er fyrsta rekstrarárið þar sem bændur, sem voru með í verkefninu frá upphafi, gátu nýtt sér rekstrargreininguna til að stýra sínum rekstri með hliðsjón af niðurstöðunum. Því er mjög ánægjulegt að sjá, þegar gerður er samanburður á rekstrarárunum 2019-2021, að víða hafa orðið jákvæð umskipti í búrekstri hjá þátttökubúunum.

Með verkefninu varð til rekstrargrunnur sem nýtist við afkomuvöktun og hagsmunagæslu í greininni. Hér eru birtar helstu niðurstöður úr verkefninu. Um er að ræða samanburð á sömu 154 búunum fyrir öll árin og eru niðurstöður reiknaðar út frá beinum meðaltölum búanna.

Fjöldi og stærð þátttökubúa

Í byrjun voru 90 kúabú með í verkefninu en á síðasta ári voru þau orðin 154. Heildar mjólkurframleiðsla þessara 154 búa var um 38% af heildarinnleggi mjólkur á rekstrarárinu 2021. Bústærð og afurðasemi þátttökubúanna er heldur meiri en hjá meðalbúinu. Þannig var fjöldi árskúa að jafnaði um 59 árskýr á árinu 2021 á meðan landsmeðaltalið var um 50 árskýr. Afurðasemin er jafnframt heldur meiri, eða að jafnaði um 300 ltr eftir hverja árskú.

Framlegð búa

Þegar horft er á þróun í framlegðarstigi afurðatekna hefur það lækkað á tímabilinu, fer úr 53,5% árið 2019 niður í 51,8% árið 2021. Afurðatekjur hafa aukist en hafa ekki náð að halda í við hlutfallslega hækkun á aðföngum og aðkeyptri þjónustu.

Eins og kemur fram í töflu 1 um afurðatekjur og breytilegan kostnað er mikill breytileiki á milli búa. Meðalhagnaður af heildarrekstri búanna eykst aftur á móti á tímabilinu og var kominn í 1.400 þúsund krónur árið 2021.

Áhrif bústærðar á framlegðarstig og afkomu

Bústærðin hefur verið að aukast að jafnaði um 1 árskú á ári. Út frá gögnum er þó erfitt að sjá mikla stærðarhagkvæmni í rekstri eftir að bústærð er komin yfir 50 árskýr. Ef reiknuð er út fylgni á milli framlegðarstigs afurðatekna og fjölda árskúa kemur í ljós að sambandið er mjög lítið (sjá mynd 1). Aukin bústærð hefur aftur á móti háa jákvæða fylgni (r=0,80) við heildar EBITDA en skilgreining á EBITDA er rekstrarafgangur bús fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.

Aukin bústærð hefur mjög jákvæð áhrif á fjárfestingagetu búanna. Aukin skuldsetning og þær fjármögnunarleiðir sem hafa verið í boði við framkvæmdir hefur þó leitt til þess að fyrirhugaður hagrænn ávinningur í rekstrarafkomu hefur oft tapast með auknum fjármagnskostnaði. Einnig hefur aukin skuldsetning haft neikvæð áhrif á launagreiðslugetu úr rekstri, sbr. mynd 2 um laun og skuldahlutfall. Þar er um að ræða meðaltal búa fyrir árin 2019-2021. Eðlilegt er að gera þá kröfu til framleiðsluumhverfisins að bættur aðbúnaður gripa skili sér ekki í lægri launum til bænda.

Áhrif afurðasemi á framleiðslukostnað

Helstu tækifæri kúabænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á lítra.

Byggingarkostnaður íslenskra fjósa er mjög hár og fjárbinding mjög mikil. Því er mikilvægt að ná góðri framleiðslunýtingu á hvern bás. Einnig er það mikilvægt til að lækka sótspor framleiðslunnar. Í raun hefur hluti framleiðslustuðningsins virkað öfugt á þessi markmið sbr. gripagreiðslur á mjólkurkýr. Einnig hefur fyrirkomulag á viðskiptum og fjármögnun á greiðslumarki víða hamlað hagræðingu í greininni með tilliti til bættrar nýtingar á framleiðslugripum og framleiðsluaðstöðu..

Eins og kemur fram á mynd 3 um afurðasemi og framleiðslukostnað lækkar breytilegi kostnaðurinn að meðaltali með aukinni afurðasemi. Fjöldi á bak við hverja súlu er 32-33 bú nema í afurðahæsta flokknum en þar eru 24 bú á bak við niðurstöðuna. Búin með afurðasemi 5.500-6.000 ltr eru með hæsta hlutfallið (40%) af fjölda innlagðra geldneyta af árskúm, sem gerir það að verkum að afurðatekjurnar eru þar að reiknast hæstar. Hlutfall innlagðra geldneyta er svipað á milli hinna flokkanna en meðaltalið í gagnasafninu er 31,1%. Afurðahæsti flokkurinn framleiðir svo mestu mjólkina umfram greiðslumark (9%), sem er stærsta skýringin á að afurðaverðið er þar lægst.

Skuldir

Heildarskuldir búanna aukast á tímabilinu og eru að jafnaði tæplega 122 milljónir króna í lok árs 2021 (sjá töflu 2). Fjármagnskostnaður, sem hlutfall af heildarveltu, hefur þó farið lækkandi. Það skýrist af tveimur meginþáttum. Í fyrsta lagi fór vaxtastig heldur niður á tímabilinu. Miðað við hvernig árið 2022 þróaðist, með hækkandi stýrivöxtum og aukinni verðbólgu, er þó ljóst að allt önnur sviðsmynd verður fyrir það ár.

Önnur meginskýring á hlutfallslega lækkandi fjármagnskostnaði er síðan aukin velta á búunum. Þar er þó ákveðið áhyggjuefni að afurðatekjur hafa verið að lækka sem hlutfall af heildartekjum af rekstri og þá sérstaklega hjá skuldsettari búunum.

Að lokum

Ef reynt er að rýna í þróun ársins 2022 virðist sem hækkanir á afurðastöðvarverði mjólkur hafi náð að fylgja býsna vel eftir hækkunum á aðföngum og þjónustu. Sömu sögu er þó ekki hægt að segja um vaxtakostnaðinn og því hafa rekstrarskilyrði skuldsettra búa versnað til muna.

Eins og áður hefur komið fram í þessari grein mun það því með beinum eða óbeinum hætti hafa áhrif á laun bænda. Því er mikilvægt að ljúka vinnu við endurskoðun á verðlagsgrundvelli sem fyrst. Vegna mikillar fjármagnsbindingar í rekstri hefur greinin jafnframt mikla þörf fyrir aðgengi að þolinmóðu fjármagni.

Stefnt er á að flýta uppgjöri verkefnisins fyrir árið 2022 og birta milliuppgjör í vor til að meta nánar stöðu greinarinnar.

Kristján Ó. Eymundsson og María S. Jónsdóttir,
ráðunautar á rekstrar- og umhverfissviði RML.



Barón frá Bryðjuholti stendur efstur 2017 nautanna í dag, með 111 í einkunn. Mynd / NBÍ

Úrvalsnýting nautanna sem voru fædd 2017

Um langa hríð hafa niðurstöður afkvæmarannsókna á nautum verið dregnar fram með þeim hætti að skoða úrvalsnýtingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt.



Guðmundur Jóhannesson.

Þannig má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrifa er að vænta í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.

Nautaárgangurinn 2017 er sá síðasti sem valinn er til notkunar á grunni afkvæmarannsókna en nú hefur erfðamengisúrval tekið við og nautin valin út frá erfðamati byggðu á ætterni og arfgreiningum.

Í fyrstu skulum við skoða hvað er verið að mæla á þennan hátt. Úrvalsnýting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.

Hér verður litið á úrvalsnýtingu nauta sem fædd voru 2017 en afkvæmadómi þeirra lauk fyrir skömmu og ljóst að ekki munu fleiri naut koma til framhaldsnotkunar úr þessum árgangi. Árgangurinn var stór á okkar mælikvarða en hann taldi 35 naut. Til áframhaldandi notkunar komu ellefu naut, bæði mislengi og mismikið. Segja má að valið hafi verið nokkuð strangt og gerðar ríkar kröfur til þeirra nauta sem komust til notkunar sem reynd naut.

Ef litið er á þá mynd sem kemur fram með nautin frá 2017 er hún mikið fremur hagstæð, það er úrvalsnýtingin er jákvæð fyrir flestum eiginleikum.

Gagnvart þeim eiginleikum sem snúa að útliti og notagildi kúnna er hún nokkuð jákvæð en misgóð hvað afurðaeiginleikana snertir. Þannig eru þættir er lúta að magni mjög jákvæðir en neikvæðir varðandi hlutföll verðefna í mjólk, sérstaklega hlutfall próteins. Þessi niðurstaða er á margan hátt öndverð við niðurstöðuna fyrir 2016 árganginn þar sem útlits- og notagildisþættir komu sýnu betur út en afurðaeiginleikarnir.

Áhrif þessara nauta verða því að öllum líkindum sterk hvað afurðagetu snertir en neikvæð um hlutföll verðefna. Hvað útlitsþætti varðar, sem og eiginleika eins og mjaltir og skap, verða áhrifin fremur jákvæð.

Eðlilega kemur hæst úrvalsnýting fram í heildareinkunn, enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna, en einnig er úrvalsnýting fyrir afurðamagni há, það er fyrir mjólkur-, fitu- og próteinmagn.


Auðvitað eru þessir þættir nátengdir þannig að magn fitu og próteins fylgir magni mjólkur. Í heildina verða áhrif árgangsins jákvæð hvað alla eiginleika nema efnaþættina varðar.

Þessi niðurstaða, ásamt niðurstöðum fyrir síðustu árganga á undan, sýnir að enn er að vænta töluverðra framfara hvað snertir júgur- og spenagerð, mjaltir og skap á komandi árum. Framgangur afurðaeiginleikanna styrkist að hluta til með 2017 nautunum en neikvæðasta niðurstaðan er gagnvart próteinhlutfallinu.

Áhrif árgangsins munu að öllum líkindum ekki verða veruleg á kúastofninn í heild sinni, sá tímapunktur er þeir koma fram ræður þar miklu um.

Notkunartími þeirra verður frekar skammur þar sem yngri naut valin á grunni erfðamats banka á dyrnar og ryðja sér rúms.

Guðmundur Jóhannesson,
ráðunautur í nautgriparækt



Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is




Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

ÍSFELL









HAFÐU ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI
Gott úrval af vottuðum hífi- og festingabúnaði

LEEA
Ísfell er fullgildur meðlimur að Lifting Equipment Engineers Association sem eru leiðandi samtök hvað varðar vottun fyrirtækja sem nota og framleiða hífibúnað.

isfell.is
Sími 520 0500
ÞEKKING · ÞJÓNUSTA · GÆÐI

S.BOGASON

Veðurstöðvar með eða án wifi

Fjarlægð á milli skjá og vindhana er allt að 15 metrar

Upplýsingar frá veðurstöð:
- Vindátt, vindstyrkur, vindhviður
- Kæling, hiti, raki og loftþrýsting
- sólarupprás, sólsetur, sólbruni



www.sbogason.is / pantanir@sbogason.is
S: 854-8819 / Stóriteigur 10 - 270 Mosfellsbær

Bændablaðið kemur næst 23. mars

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Ungir sauðfjárbændur leggja línurnar

Búgreinaþing sauðfjárbænda var haldið í Reykjavík 22.-23. febrúar. Aðdragandi þingsins var góður þar sem 52 tillögur lágu fyrir nefndum deildarinnar



Trausti Hjálmarsson.

Nefndarstarfið gekk vel og er ánægjulegt að sjá hvað þetta nýja form félagskerfisins virkar vel. Við erum öll að læra betur og betur á að funda í fjarfundabúnaði og nýtist það afar vel í öllu nefndarstarfi.

Nefndirnar skiluðu vel unnum tillögum og sköpuðust um þær heilbrigðar og góðar umræður. Á þinginu voru samþykktar 33 ályktanir og eru þær nú aðgengilegar á www.bondi.is. Ég vil hvetja sauðfjárbændur til að kynna sér vel þær ályktanir sem voru samþykktar.

Það er líka ánægjulegt að starfa við þær aðstæður sem nú eru uppi í félagskerfinu, góð blanda þekkingar og reynslu við áhuga og þekkingu ungu bændanna. Það er sem betur fer fullt af ungu fólki sem er tilbúið til þess að starfa í sauðfjárrækt. Fólk sem hefur áhuga á að gera sauðfjárrækt að sínu ævistarfi. Það er fátt eins mikilvægt fyrir framtíð landbúnaðar eins og kynslóðaskipti. Það er ekkert sjálfsagt að ungt fólk hasli sér völl í sauðfjárrækt eins og aðstæður greinarinnar hafa verið síðustu árin. Nagandi afkomuótti og óvissa með framhaldið. En áhuginn er til staðar, nú er verkefnið að tryggja rekstur sauðfjárbúa. Það þarf að koma búgreininni þannig fyrir að bændur geti treyst á afkomuna.

Líkt og mörg undanfarin ár var nýliðun til umræðu á búgreinaþingi sauðfjárbænda. Búgreinaþingsfulltrúar voru einhuga um mikilvægi nýliðunar en telja jafnframt að sterkasti hvatinn fyrir ungt fólk til að vilja fjárfesta í greininni sé bætt rekstrarafkoma. Eftirfarandi tillaga var samþykkt á þinginu.

„Nýliðun í stétt sauðfjárbænda er mikilvæg svo búgreinin haldi áfram að þróast og eigi bjarta framtíð. Mikilvægasta skrefið til að auka nýliðun er að bæta rekstrarafkomu stéttarinnar. En við komandi endurskoðunarvinnu, sérstaklega á rammasamningi, verði horft til að auka stuðning við nýliða.“

Hár meðalaldur bænda á Íslandi hefur talsvert verið til umræðu að undanförnu. Hann er þó ekki eingöngu áhyggjuefni hérlendis því í Bretlandi er hann 59 ár og 67 ár í Japan svo dæmi séu tekin. Meðalaldur sauðfjárbænda á Íslandi er 63 ár að undanskildum þeim búum sem rekin eru af lögaðilum, sem eru tæp 21%. Það er þó áhugavert að benda á að meðalaldur þeirra bænda sem fá greiðslur úr sauðfjársamningi og eru með 1-300 kindur er 65 ár en þeirra sem eru með 301 eða fleiri kindur er 57 ár. Ánægjulegast af öllu er þó að meðalaldur þeirra fulltrúa sem sátu nýafstaðið búgreinaþing sauðfjárbænda var 43 ár. Því er hægt að segja með sanni að þar hafi ungt fólk í greininni markað áherslur deildarinnar fyrir komandi endurskoðun.

Í 3. tbl. Bændablaðsins 2023 skrifar Svandís Svavarsdóttir grein þar sem hún kemur að afar mikilvægum punkti og ánægjulegt að finna að skilningur hennar á slæmri efnahagslegri stöðu bænda er fyrir hendi. Þar segir hún að mikilvægasta forsendan fyrir því að landbúnaður þrífist sé að koma bændum inn í sama efnahagslega veruleika og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Undir þetta tek ég heilshugar, enda benti ég á í grein í 1. tbl. Bændablaðsins 2023 hversu illa hefur gengið að fylgja eftir d.lið 1. greinar markmiða búvörulaga þar sem segir að tryggja eigi bændum sömu kjör og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Ég er sammála Svandísi, þetta þarf að laga. Nú er bara að finna leiðirnar.

***Trausti Hjálmarsson**,*
formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda.

Meginákherslur skógarbænda

Í síðustu viku þinguðu búgreinar Bændasamtaka Íslands og ræddu framtíð búgreinanna og hvernig hana mætti bæta. Oft má gott bæta og í tilfelli skógarbænda lögðu þeir fram 10 tillögur til athugunar, til heilla fyrir vaxandi búgrein – og vitanlega betri heim.



Jóhann Gísli Jóhannsson.

Hér verður fjallað um þrjár þessara tillagna. Þær fá sérstaka athygli fyrir þær sakir að þær skipta allar mjög miklu máli fyrir nútíð og framtíð; markmið stjórnvalda í loftslagsmálum, sjálfbærni og uppbyggingu skógarauðlindar.

Kolefnisbrúin

Kolefnisbrúin hefur verið í smíðum í um hálfan áratug og allar götur með það sem meginmarkmið að þjóna bændum sem allra best. Skógarbændur hafa rætt um kolefnismál í bráðum þrjá áratugi og loksins eru í sjónmáli lausnir sem eru nægilega áreiðanlegar svo hægt sé að byggja á.

Kolefnisbrúin ehf. er fyrirtæki í eigu bænda og hver sá sem er félagsmaður í BÍ og/eða félagsmaður í landshlutabundnu félagi skógarbænda er sjálfkrafa eigandi. Segja má að hlutverk Kolefnisbrúarinnar sé tvíþætt, annars vegar að þjónusta bændur sem vilja leggja loftslagsvánni lið með skógrækt og hins vegar að tengja fjárfesta við bændurna.

Fjárfestar geta verið af ýmsum toga, svo sem fjárfestingasjóðir og þjónustuaðilar landbúnaðarins. Mörg brýn verkefni eru í gangi nú þegar, bæði af hálfu bænda og fjárfesta.

Skógrækt er langtímaverkefni og því fyrr sem hún hefst því fyrr fer hún að gegna sínu hlutverki. Efling Kolefnisbrúarinnar er því eitt aðalverkefni skógarbænda hjá BÍ því í henni leynast fleiri tækifæri en fólk gerir sér grein fyrir.



„Skógarbændur geta hæglega miðlað reynslu sinni til annarra bænda enda er skógrækt farin að skila afurðum, bæði til yndis og hags.”

Horft fram á við

Skömmu fyrir Covid gáfu Landssamtök skógareigenda (LSE) og Skógræktin út skýrsluna „Horft fram á við“. Í skýrslunni er farið yfir stöðu skógræktar í víðum skilningi þar sem höfuðáhersla er á afurðir skógarins og framtíðarhorfur. Ýmis verkefni eru í handraðanum við að koma íslensku timbri úr skógum bænda til vinnslu og á markað. Brýnt er að missa ekki sjónar á þróun nýs markaðar því með tíð og tíma getur skógarauðlindin mögulega gert Íslendinga sjálfbæra um timbur, en það er einmitt meginmarkmiðið með nytjaskógrækt.

Á þingi skógarbænda var samhljómur um mikilvægi þess að þróa frekar ferlið frá hráviði til kaupanda.

Skjólbelti

Skjólbelti eru víða ræktuð um sveitir. Oftar en ekki koma þau til með stuðningi og skipulagningu frá Skógræktinni eða forverum hennar. Ávinningur skjólbelta er fyrst og síðast skjól fyrir fjölbreytta útiræktun, auk þess sem búpeningur nýtur góðs af skjólinu þegar það á við. Þessa daga er mikill áhugi hjá stjórnvöldum um enn meiri ræktun á ökrum og að stórefla kornrækt, ásamt væntanlega fóðurrækt, grænmetisrækt, olíuplönturækt (repja), jólatrjáarækt, ávaxtarækt og hamprækt svo lítið eitt sé nefnt.

Stórefla þarf skjólbeltarækt/skjólskógarækt ef raunverulegur vilji er til eflingar útiræktunar en að koma upp góðu skjóli tekur nokkur ár og jafnvel áratugi. Skjólbelti taka gjarnan yfir dýrmætt ræktarsvæði þar sem tún eru fyrir og skjólbeltaræktin er því ekki alltaf sjálfsögð, þó svo að þau auki uppskeru og bæti ræktunarskilyrði til lengri tíma. Jákvæð hvatning til skjólbeltaræktar er því nauðsynleg.

Eftirspurn eftir íslenskum matvælum frá almenningi er til staðar svo íslensk stjórnvöld geta látið skjólbelti sig varða. Þessu vilja skógarbændur vekja máls á.

Skógarbændur í BÍ

Það er ýmislegt sem sameinar bændur en fátt sameinar meira en viljinn til að gera landi sínu gott og nytja skynsamlega. Skógarbændur geta hæglega miðlað reynslu sinni til annarra bænda enda er skógrækt farin að skila afurðum, bæði til yndis og hags. Bændasamtök eru samnefnari allra bænda og berjast fyrir hagsmunum bænda. Hafandi það fyrir augunum, að skógarauðlindin dafnar sem aldrei fyrr, er næg ástæða til að vinna skógræktinni hag inn í framtíðina.

Deild skógarbænda, í samvinnu við landshlutabundnu skógarbændafélögin, hefur í hyggju að efna til málþings á haustdögum. Bændasamtök Íslands sjá bjarta framtíð í landbúnaði, öllum landbúnaði.

***Jóhann Gísli Jóhannsson**,*
formaður búgreinadeildar skógarbænda.

FRÆÐSLA

Orkuöryggi er mikilvægt

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 4. hluti

Orkuöryggi og raforkuöryggi eru tvær greinar á sama meiði. Hvað er forgangsorka?



Ari Trausti Guðmundsson.

Orkuöryggi

Notendur eiga að hafa aðgang að hvers kyns orku, rafmagni, hitaveitu, annarri varmaorku, eldsneyti o.fl., þar sem hennar er þörf, með hliðsjón af almennri stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma og skilgreindum áreiðanleika og gæðum. Um þetta er kveðið á í orkustefnu, þjóðaröryggisstefnu og lögum. Þessu öryggi getur t.d. verið ógnað af göllum í raforkukerfinu eða slælegu viðhaldi eða úreldingu innviða, skemmdarverkum, náttúruvá eða ófriði.

Mikilvægt er talið að tilteknar lágmarksbirgðir eldsneytis séu ávallt í landinu og þeim dreift á nokkra staði.



Sundlaugar eru meðal vinsælustu þjónustueininga samfélagsins en flokkast með þeim orkukaupendum sem sæta skerðanlegri raforku þegar svo ber undir.
Mynd / Akureyrarbær

Raforkuöryggi

Notendur eiga að hafa aðgang að raforku þegar hennar er þörf og þar sem hennar er þörf, með hliðsjón af almennri stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma og skilgreindum áreiðanleika og gæðum. Notendur í öllum landshlutasamtökum sveitarfélaganna hafa orðið fyrir raforkutruflunum eða tímabundum skorti á raforku á þessari öld enda raforkumál eitt helsta umræðu- og viðfangsefni samfélagsins. Raforkuöryggi varðar bæði framleiðslu og afhendingu raforkunnar, sem og spennuflökt.

Afhendingaröryggi

Flutnings- og dreifikerfi raforku sýnir sig að vera óöruggara en raforkuverin. Það er auðvitað stærra og útbreiddara en virkjanasvæðin og „útsettara“ en þau.

Afhendingaröryggið felst í reglum, aðgerðum, tækni og endurbótum á aðstæðum og mannvirkjum sem miða að því að straumrof, spennusveiflur og hvers kyns rekstrartruflanir á raforkuflutningi verði sem allra minnstar.

Skerðanleg orka

Hugtakið er haft um raforku sem seld er með fyrirvara í heildsölusamningi. Það varðar mögulega skerðingu af hálfu framleiðandans, t.d. vegna framleiðslubrests og bilana í, eða skemmda á, sjálfu raflínukerfinu eða mannvirkjum þess. Orkufrek iðnfyrirtæki, heildsölufyrirtæki fjarvarmaveitna, fiskiðjur eða sundlaugar eru dæmi um aðila sem geta orðið fyrir skertri afgreiðslu raforku. Raforka seld sem skerðanleg nam rúmum 6.000 GWst (6 TWst) árin 2017 til 2021. Oft ber á að skerðanleg orka er nefnd ótrygg orka.

Forgangsorka

Hugtakið er haft um raforku sem seld er samkvæmt sérsamningi til orkusækinnar starfsemi og hefur forgang við afhendingu komi til orkuskerðinga.

Ein ástæða þess að málmiðjur sækjast eftir slíkum samningum er sú staðreynd að langvinnt straumrof veldur miklum framleiðslutöfum og kostnaði vegna flókinnar gangsetningar framleiðslunnar að nýju.

***Ari Trausti Guðmundsson**,*
jarðvísindamaður, rithöfundur og fyrrverandi þingmaður.

LESENDARÝNI

Er sannleikurinn sagna bestur?

Í grein sem Tryggvi Felixson ritaði í Bændablaðið 23. febrúar sl. undir fyrirsögninni Sannleikurinn er sagna bestur, gerir hann athugasemdir við að Norðurál telji sig nota 100% endurnýjanlega raforku við alla framleiðslu.



Ari Teitsson.

Tryggvi bendir jafnframt á að reglur upprunaábyrgðarkerfs orku banni blekkingar.

Fyrir liggur að íslenska raforkukerfið er ekki tengt samtengdu raforkukerfi Evrópuþjóða og nær öll íslensk raforka er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Því virðist augljós blekking að halda því fram að samtengt raforkukerfi Evrópuþjóða afhendi kaupendum hreina íslenska orku og einnig blekking að íslenska raforkukerfið geti afhent Norðuráli eða öðrum raforkukaupendum orku sem framleidd er með jarðefnaeldsneyti eða kjarnorku.

Tryggvi segir orðrétt: *„Það er löngu tímabært að Landsvirkjun krefjist þess að Norðurál – það fyrirtæki sem nýtir 25% af raforku landsins – segi satt um uppruna þeirrar orku sem það nýtir í starfseminni.“*

Það er þó eigi að síður augljóslega heilagur sannleikur að Norðurál og önnur íslensk fyrirtæki nota nær eingöngu endurnýjanlega raforku í starfsemi sinni, enda ekki annarra kosta völ.

Að sá sannleikur sé sagna bestur virðist þó ekki sjálfgefið ef marka má umfjöllun Tryggva.

Ari Teitsson,
fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands.

MAST og dýravelferð

Eins og kunnugt er, er Matvælastofnun (MAST) opinber eftirlitsaðili með dýravelferð á Íslandi. Nokkuð hefur verið deilt á MAST undanfarið og hafa sumir sakað stofnunina um að fara offari í þessum málum á meðan aðrir hafa gagnrýnt hana fyrir slæleg vinnubrögð.



Einar Örn Thorlacius.

Forstjóri og yfirstjórn stofnunarinnar hafa svarað þessu ágætlega í fjölmiðlum. MAST er auðvitað ekki hafin yfir gagnrýni en umræða á t.d. samfélagsmiðlum hefur stundum farið langt út yfir öll mörk og oft byggst á vanþekkingu.

Hafa ber í huga að hér er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og að í aðgerðum sínum er MAST bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga um meðalhóf og vandaða rannsókn áður en ákvarðanir eru teknar. Í alvarlegustu málunum getur stofnunin þó þurft að bregðast hart við. Til frekari útskýringar eru settar fram hér fyrir neðan nokkrar algengar spurningar og fullyrðingar um þetta efni og svör við þeim.

Fyrst er þó rétt að nefna þau tvö úrræði sem dýravelferðarlöggjöfin hefur veitt MAST til að takast á við þá sem brjóta gegn þeim dýrum sem þeir hafa umráð yfir. Annars vegar er um að ræða svonefndar þvingunaraðgerðir og hins vegar refsingar fyrir fullframin brot.

Þvingunaraðgerðir eru t.d. álagning dagsekta sem hafa reynst árangursríkar. Einnig má nefna að stofnunin hefur heimild til að vinna úrbætur á kostnað umráðamanns dýra. Alvarlegasta þvingunarúrræðið er síðan vörslusvipting. Reynsla okkar hjá MAST er sú að dagsektir hafa reynst mjög vel til að knýja fram úrbætur en stundum eru mál það alvarleg að vörslusvipting er eina leiðin.

Refsingar eru svonefndar stjórnvaldssektir sem MAST getur lagt á fyrir fullframin brot. Þessar sektir geta numið allt að einni milljón króna. Allra alvarlegustu málin eru þó kærð til lögreglu í stað þess að MAST beiti stjórnvaldssektum. Slík mál geta endað með refsidómi.

MAST getur ekki bannað fólki að halda dýr nema þá tímabundið á meðan mál eru til meðferðar hjá lögreglu og dómstólum. Dómstólar geta í alvarlegustu málunum svipt fólk með dómi heimild til að halda dýr tiltekið tímabil eða ævilangt.

Áður en MAST hefst handa þarf stofnunin að boða aðgerðir fyrir fram og veita umráðamönnum dýra andmælarétt áður en endanleg ákvörðun er tekin. MAST er þó heimilt að sleppa því í allra alvarlegustu málunum þegar brýn þörf er á aðgerðum.



Húsnæði Matvælastofnunnar á Selfossi. Mynd / ghp

> Það liggur fyrir að á árunum 2016 til 2022 sendi MAST 28 stjórnvaldssektir til innheimtu, kærði 13 mál til lögreglu, sendi umráðamönnum dýra 26 viðvararnir, lagði á dagsektir í yfir 100 skipti og fór í samtals 19 vörslusviptingar. “

Af hverju fá þeir sem senda inn ábendingar til MAST ekki að fá að vita hver niðurstaðan var?

MAST fær ábendingar á hverjum degi um meinta slæma meðferð á dýrum. Snýr það einkum að gæludýrum og hrossum sem eru oft fyrir allra augum. Þessar ábendingar eru mjög mikilvægar í eftirliti MAST og hver einasta ábending er tekin til rannsóknar. Stofnunin er þakklát fyrir þessar ábendingar.

Ef hins vegar ábendingin leiðir til þess að MAST þarf að taka ákvörðun í málinu um t.d. þvingunaraðgerðir þá er stofnað svokallað stjórnvaldsmál. Aðilar að því eru einungis tveir, þ.e. MAST og umráðamaður dýrsins. Sá sem sendi inn ábendinguna er ekki aðili að málinu. Hann getur hins vegar eins og hver annar kallað eftir upplýsingum um afdrif málsins en stundum getur orðið erfitt fyrir MAST að bregðast við slíku. Ástæðan er sú að bæði stjórnsýslulög og persónuverndarlög takmarka heimildir MAST til að upplýsa um einkamálefni fólks og getur íslenska ríkið orðið bótaskylt ef stofnanir þess ganga of langt í upplýsingagjöf sinni. Sérstaklega er tekið fram í persónuverndarlögum að stjórnvöldum sé óheimilt að miðla upplýsingum um refsiverða háttsemi.

Af hverju gengur MAST ekki harðar fram í dýravelferðarmálum?

MAST gengur eins hart fram og þörf er á en skv. stjórnsýslulögum ber stofnuninni að gæta meðalhófs. Það merkir að MAST ber að velja vægasta úrræðið hverju sinni sem talið er duga til að ná því markmiði sem stefnt er að. Sömuleiðis er oft beitt vægum úrræðum í byrjun en þunginn eykst ef ekki er bætt úr og getur endað með vörslusviptingu. Í mjög alvarlegum málum getur stofnunin hins vegar farið beint í vörslusviptingu ef ljóst er frá byrjun að önnur úrræði eru gagnslaus eða í þeim tilvikum þar sem úrbætur þola ekki bið.

Af hverju eru dýrin ekki látin njóta vafans?

Þessi spurning hefur verið borin fram án þess að skýrt sé hvað átt er nákvæmlega við. Hún á frekar illa við þegar MAST er að leggja á stjórnvaldssektir. Hér ber að hafa í huga að samkvæmt íslensku réttarfari njóta sakborningar (í þessu tilviki dýraeigendur) vafans. Allan vafa ber að túlka sakborningi í hag og MAST er ekki heimilt að leggja á slíka sekt nema sök teljist sönnuð. Þetta orðalag er því frekar óheppilegt.

Það kann hins vegar að vera að með þessu orðalagi sé átt við að grunur um brot á dýravelferð eigi að leiða strax til rannsóknar MAST og eftir atvikum þvingunarúrræða og jafnvel refsinga í framhaldi af því ef rannsókn leiðir lögbrot í ljós. Í þessum skilningi njóta dýr ávallt vafans hjá MAST.

Bregst MAST of seint við í dýravelferðarmálum? Er MAST að standa sig?

Það liggur fyrir að á árunum 2016 til 2022 sendi MAST 28 stjórnvaldssektir til innheimtu, kærði 13 mál til lögreglu, sendi umráðamönnum dýra 26 viðvaranir, lagði á dagsektir í yfir 100 skipti og fór í samtals 19 vörslusviptingar. MAST hefur því töluvert umleikis á þessu sviði.

Einar Örn Thorlacius,
lögfræðingur dýravelferðar hjá MAST

Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem eru fjarri innanlandsmarkað eða útflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á www.byggdastofnun.is

BYGGÐASTOFNUN Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is byggdastofnun.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



GARÐYRKJA



Í þessum garði er hellulögn, vegghleðsla, landmótun og gróðursetning.
Myndir / GH

Mín framtíð í garðyrkjunni

Dagana 16.-18. mars næstkomandi fer fram í Laugardalshöllinni Íslandsmeistaramót iðn- og verkgreina og kynning á námi framhaldsskóla í landinu undir yfirskriftinni Mín framtíð.

Að sjálfsögðu verða allar garðyrkjugreinar sem kenndar eru í Garðyrkjuskólanum kynntar á staðnum og að auki verður keppni í skrúðgarðyrkju.

Keppni í iðn- og verkgreinum?

Íslandsmeistaramót iðn- og verkgreina hefur verið haldið um langt árabil og hefur skrúðgarðyrkjan verið með í keppninni nánast frá upphafi og einnig hefur verið keppt í blómaskreytingum í nokkur skipti. Nú kann einhver að velta fyrir sér hvort raunverulega sé hægt að keppa í iðngreinum og svarið er já, svo sannarlega. Keppendur fá ákveðið verkefni sem þeir þurfa að leysa á ákveðnum tíma og af ákveðnum gæðum.

Skrúðgarðyrkjunemar þurfa þannig að búa til ofurlítinn garðreit og nota til þess það handbragð sem þeir hafa nú þegar lært í námi. Í þessum garði er þá til dæmis hellulögn, vegghleðsla, landmótun og gróðursetning og fá gestir á mótinu að fylgjast með framvindu verkefnanna á verktímanum. Miðað er við að keppendur fái þrjá daga til að ljúka keppni og eru dómarar að störfum allan þann tíma við að fylgjast með verklagi og árangri keppendanna. Á sama tíma er verið að keppa í fjölmörgum öðrum iðngreinum í Laugardalshöllinni og er mjög áhugavert að ganga á milli keppnissvæða og sjá hvað mismunandi iðngreinar eru að fást við.

Garðyrkjugreinar

Keppnishluti Minnar framtíðar er vissulega mjög áhugaverður en samhliða keppninni er verið að kynna fjölmargar iðn- og starfsgreinar sem ekki eiga fulltrúa í keppninni sjálfri. Aðrar garðyrkjugreinar en skrúðgarðyrkja verða einmitt kynntar rækilega fyrir gestum og gangandi.

Blómaskreytinganemar verða á staðnum og sýna handbragð sitt, auk þess sem hægt verður að finna blómaskreytingar hér og þar á svæðinu og fólki verður boðið að koma og prófa að sýsla við blómin. Eitt af verkefnum blómaskreytingabrautarinnar er að setja upp blómum skrýddan myndaramma þar sem gestir geta stillt sér upp og látið taka af sér myndir fyrir samfélagsmiðla. Án efa verða fjölmargir spenntir fyrir því að eiga mynd af sér í blómahafi.

Garð- og skógarplöntubraut, ylræktarbraut og námsbraut um lífræna ræktun matjurta verða með kynningu á sínum verkefnum á staðnum, meðal annars verður sett upp sýnishorn af jarðarberjarækt þar sem hægt er að sjá hvernig þessi ljúffengu ber eru framleidd í gróðurhúsum. Garð- og skógarplöntunemendur sýna mismunandi afurðir í sinni grein, allt frá litlum sáðplöntum yfir í fullvaxin tré og nemendur í lífrænni ræktun verða með sýningu á því hvernig lífrænt efni, sem fellur til í eldhúsinu heima við, verður að



Í tengslum við kynningu skógræktarbrautarinnar verður hægt að sjá hvernig viður úr skógi er nýttur í húsasmíði.

frjósamri ræktunarmold. Gestum gefst færi á að sá grænmetisfræi í litla potta og taka þau með sér heim.

Braut skógar og náttúru, skógræktarbrautin, verður einnig með kynningu á sínum viðfangsefnum. Þar verður meðal annars hægt að sjá hvernig rafmagnskeðjusagir og önnur verkfæri tengd skógrækt eru notuð við viðarvinnslu og skógarhögg og gestir geta fengið að spreyta sig á því að telja árhringi og meta þannig aldur trjáa. Í tengslum við kynningu skógræktarbrautarinnar verður hægt að sjá hvernig viður úr skógi er nýttur í húsasmíði, en hún er ein af þeim iðngreinum sem hægt er að læra innan Fjölbrautaskóla Suðurlands, en Garðyrkjuskólinn starfar einmitt undir stjórn FSu. Jafnframt verður FSu með kynningu á öllu öðru námi sem fram fer innan skólans.

Mikil fjölbreytni í iðn- og verkgreinum

Fimmtudaginn 16. mars og föstudaginn 17. mars munu um 8.000 nemendur í efri bekkjum grunnskóla mæta í Laugardalshöll til að kynna sér framhaldskólanám og iðn- og verkgreinar og laugardaginn 18. mars er húsið opið fyrir almenningi. Þá er tilvalið að bregða sér í heimsókn í höllina og kynna sér þá ótrúlegu fjölbreytni sem býr í iðn- og verkgreinum í landinu og síðast en ekki síst, gleðjast með garðyrkjunni, þar er framtíðin svo sannarlega björt.

Guðríður Helgadóttir,
fagstjóri garðyrkjubrauta í Garðyrkjuskólanum – FSu.

LESENDARÝNI



Hér á landi eru tvö fjárkyn, íslenska féð og forystuféð. Blesi 98-884 frá Klifshaga 1 var verðugur fulltrú forystufjárins, sem yfirleitt er skrautlegt að lit. Í Náttúrufræðingnum árið 2015 er yfirlitsgrein um forystuféð. Þar er mat á tíðni einstakra litaerfðavísa hjá því kyni árið 2009. Lit Blesa er þannig lýst í hrútaskrá að hann sé svartblesóttur með hvítan kraga og leista á öllum fótum.
Mynd / Ólafur G. Vagnsson

Erfðafræði útlitseinkenna sauðfjár – fimmti hluti:

Litaerfðir hjá sauðfé

Hér höldum við áfram flakki okkar um yfirlitsgreinina Genetics of the phenotypic evolution in sheep: a molecular look at diversity-driving genes í hinu þekkta búfjárkynbótariti Genetics Selection Evoluton.



Jón Viðar Jónmundsson.

Þessi grein er nú horfin af heimasíðu tímaritsins þar sem hún var búin að vera frá því hún birtist þar 9. september 2022. En á heimasíðunni hafði hún verið líklega lengur en nokkur önnur grein áður. Auðvelt er samt að finna hana á heimasíðunni vegna þess að greinunum er þar raðað í útgáfudagsetningaröð.

Þessar greinar hef ég reynt að tengja íslensku sauðfé vegna þess að ég ætla að lesendur hafi mestan áhuga á því. Höfundar virðast hins vegar ekkert þekkja um litaerfðir hjá íslensku sauðfé og ekki þekkja heimsþekktar rannsóknir Stefáns Aðalsteinssonar á því sviði. Auk þess er ég það heppinn að hafa undir höndum fjölritað hefti um eingenaerfðir hjá sauðfé sem Stefán tók saman á níunda áratugnum og skýrir þar mun betur en yfirlitsgreinin litaerfðir sauðfjár. Stefán var alger snillingur í slíkri framsetningu.

Góður liðsauki

Mér hefur borist góður liðsauki í umfjöllun um þessi mál sem er greinin „Litafjölbreytni og erfðir lita hjá íslensku sauðfé“. Hún birtist í síðustu heftum Náttúrufræðingsins á síðasta ári og kom út í árslok 2022. Höfundur er Emma Eyþórsdóttir og nokkrir samstarfsmenn hennar hjá LbhÍ, frá þeim tíma sem hún starfaði þar.

Greinin gerir á frábæran hátt grein fyrir litafjölbreytileika hjá íslensku sauðfé og fjallar á mjög skýran hátt um erfðavísana sem stýra þessum breytileika. Þar eru frábærar lýsingar á hinum fjölbreyttustu litum. Greinin er stútfull af frábærum myndum af þessari litafjölbreytni sem segir margfalt á við langan texta. Þá er í greininni ákaflega góður kafli um sameindafræðilegar rannsóknir á þessu sviði sem skýra þessi mál miklu betur en yfirlitsgreinin góða í GSE.

Megi einhver viðbótarfræði sækja í yfirlitsgreinina eru það nöfn á einhverjum bösum sem fundnir eru í erfðamengi einnar eða tveggja sérkennilega lita kínverskra kinda. Slíkt er órafjarri áhugasviðs nokkurs hérlends lesanda. Finnist samt slíkur verð ég að benda viðkomandi á greinina sjálfa sem auðvelt er að finna á netinu.

Íslenskt sauðfé

Hér verður því nánast eingöngu fjallað um litaerfðir hjá íslensku sauðfé. Samt er minnt á það að hjá ýmsum erlendum fjárkynjum er að finna fjölda erfðavísa sem stýra lit en ekki finnast hjá íslensku fé og frá einhverjum þeirra sagt í yfirlitsgreininni. Kerfi yfirstjórnar litaerfðanna er eftir sem áður í meginatriðum það sama og þekkist hjá íslensku fé. Ég held að við látum okkur í megindráttum duga að velta slíkum erfðum fyrir okkur.

Rétt held ég að sé að rifja upp örfá grundvallaratriði litaerfða hjá íslensku sauðfé, sem Stefán Aðalsteinsson setti fyrst fram fyrir rúmum sex áratugum og fullmótaði síðan í doktorsritgerð sinni áratugi síðar árið 1970. Þau hafa síðan dugað sauðfjárræktendum á Íslandi til að svara nánast öllum spurningum í sambandi við erfðir lita hjá fé sínu.

Hér á eftir verður oft vitnað til ákveðinna litaerfðavísa. Þar mun ég nota tölustafatákn erfðavísa

Sauðfjársetrið á Ströndum 20 ára:

Myndir og minningar

Þetta einstaka verk er 20 ára afmælisrit Sauðfjársetursins á Ströndum. Með fáum orðum vil ég reyna að vekja athygli sem flestra á þessu einstaka riti.



Heiti ritsins segir allt um efni og innihald þess. Þarna hafa yfir 40 aðilar, Strandamenn eða fólk með tengsl við svæðið verið fengið til að skrifa stutt minningarbrot sem tengjast Ströndum.

Þessir þættir eru skrifaðir með tilvísun til ljósmynda sem birtar eru í bókinni ásamt minningabrotunum. Myndirnar eru frá misjöfnun tíma og sögusvið þáttanna þannig talsvert yfir hálf öld.

Höfundar efnisins eru mjög breytilegur hópur en þar er að finna mestu ritsnillinga þjóðarinnar í dag eins og Gerði Kristnýju og Bergsvein Birgisson. Ritfærni meirihluta höfunda er samt með ólíkindum og mættum við mörg sem stundum erum að myndast við að skrifa í Bændablaðið hrósa okkur réðum við yfir aðeins hluta af töfrum flestra höfundanna í ritun og meðferð á íslensku máli.

Bókina mætti hlaða meira lofi því hún er meistaraverk. Sauðfjársetrið á Kirkjubóli er án alls vafa eitt merkasta framlag til atvinnu- og menningarmála í Strandasýslu á síðustu áratugum. Bókin er talandi vottur þess.

Ég hvet alla unnendur íslenskrar dreifbýlismenningar og frásagnalistar að verða sér úti um eintak af bókinni vegna þess að þar er sjón sögunni ríkari.

Bókabúðir eru að verða fáséðar í dreifbýli á Íslandi. Til að nálgast bókina er fólki því bent á að hafa samband beint annaðhvort á tölupósti, saudfjarsetur@saudfjarsetur.is eða í síma 693-3474. */JVJ*



Úlfur 19-507 frá Hlíð í Lóni bar stórfenglegustu stökkbreytingu í litaerfðavísi sem dæmi eru um hér á landi. Þó að hann sé dauður sjálfur lifir stökkbreytingin hjá einhverjum afkvæma hans. Mynd / Harpa Dagbjört Bjarnadóttir

fyrir tiltekin gen en einfaldast er að hamra þetta þannig á tölvuna en þetta eru nákvæmlega sömu tölugildin og Stefán notaði í sínum fyrstu ritgerðum en skrifaði þá niðurdregna. Þetta eru að sjálfsögðu nákvæmlega sömu genin og sumir fóru síðar að tákna með bókstöfum með tilvísun til enskrar tungu og tóku einnig upp að skrifa það sem yfirskrift í venjulegri textalínu. Í hverju erfðavísasæti eru tvær útgáfur gensins, annað frá föður en hitt frá móður. Oft er aðeins hægt að ákvarða annað genið í sætinu út frá lit gripsins. Í slíkum tilvikum mun ég tákna óráðna genið með X.

Þegar þetta er dregið saman þá lítur þetta þannig út. Í A sætinu er genið A1 ríkjandi gen sem gefur hvítan eða gulan lit hjá einstaklingnum. Séu bæði genin í erfðavísasætinu A1 þá segjum við einstaklinginn arfhreinan hvítan og hann eignast aldrei nema hvít afkvæm. A2 gefur gráan lit ef hitt genið er A2 eða A5. og verður rætt talsvert nánar síðar um ýmislegt tengt A2 geninu. A3 gefur hins vegar goltóttan lit sé hitt genið tilsvarandi því sem áður er sagt í sambandi við A2 genið.

Komi A4 í stað A3 í dæminu að framan verður gripurinn botnóttur. A5 er svokallað áhrifalaust gen og víkjandi þannig að sé gripurinn arfhreinn A5A5 þá kemur næsta erfðavísasæti til sögunnar hér á eftir og ræður dökkum lit. A5A5 er næst algengasta arfgerðin hjá íslensku fé, A1AX er sú langalgengasta en vegna þess að A1 genið er ríkjandi getum við ekki útfrá litnum einum og sér aðgreint arfblendna og arfhreina gripi. Að lokum lýsir Stefán A6 geninu sem gaf grábotnóttan lit. Ýmislegt bendir til að okkur hafi tekist að týna þessu geni úr stofninum eins og síðar verður rætt.Snúum okkur þá að B sætinu. Þegar kindin er A5A5 þá kemur B sætið til sögunnar og stjórnar því hvert grunnliturinn verður svartur eða móraurður hjá einstaklingnum. B1 genið gefur svartan lit og er ríkjandi. B2 er víkjandi gen og í arfhreinum B2B2 einstaklingum skilar það móraurðum lit. Af þessu leiðir að aldrei fæðast undan tveim móraurðum foreldrum nema móraurð afkvæmi meðan undan tveim svörtum foreldrum er mögulegt að fá móraurð lömb. Þannig er hreinræktun á móraurðu fé sáraeinföld og hefur verið stunduð af mörgum góðum fjárræktarmönnum hér á landi eins og ég mun ræða síðar í greinaflokknum.

Síðasta erfðavísasætið er svonefnt S sæti. Þar eru tveir erfðavísar. Ef einstaklingur er A5AX (nema ekki A1) BXBX þá kemur S sætið til sögunnar og stjórnar því hvort einstaklingurinn verði einlitur eða tvílitur. Hér finnast tvö gen. S1 er ríkjandi gen og skilar okkur gripum með hreina dökka liti leyfi arfgerðin það að öðru leyti. S2 er aftur á móti víkjandi genið í sætinu og gefur tvílit ef grunnurinn er dökkur litur.



Sagt er frá leit Jóns Viðars Jónmundssonar og Sveins Sigurmundssonar að A6 geninu fyrir vesturheimska fjáreigendur í greininni. Þar kemur Vestri 00-853 til sögunnar. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Hliðstætt og með móraurða litinn þarf gripurinn að vera S2S2 til þess að tvíliturinn komi fram.

Hvar skal byrja, hvar skal enda?

Ómögulegt er fyrir mig að finna neina rökrétta röð á því sem mig langar að spjalla um og tengist litum hjá íslensku sauðfé. Hér að framan ræddi ég að mögulega væri A6 erfðavísirinn sem gaf grábotnóttan lit horfinn úr stofninum. Heyrt hef ég suma efast um að genið hafi verið að finna hjá íslensku fé. Það er fyrra. Stefán segir frá tilvikum í ritgerð sinni auk útreikninga sem hann birtir. Auk þess byggir hann á frásögnum af geninu frá Austurlandi. Ég man að ég ræddi við hann um A6 genið og sagði Stefán mér nákvæmlega hvar þetta fé var að finna. Um aldamótin þegar Bsb. Suðurlands var að byrja að flytja hrútasæði til vesturheims þá fékk Sveinn Sigurmundsson ákall að vestan um að finna þetta gen. Við gerðum okkur vonir um að hafa höndlað genið þegar við völdum Vestra 00-853 frá Þjóðólfshaga 2 á stöð. Hann var grábotnóttur. Auðvita reyndist hann venjuleg A2A4 gripur líkt og ég held að allt grábotnótt fé í landinu sé i dag. Oft reyndi ég að skoða grábotnótta hrúta í skýrsluhaldi fjárræktarfélaganna þar sem ég hafði litagreiningu á einhverjum afkvæmafjölda þó að því miður ynnist mér aldrei tími til að forrita leit að geninu í skýrsluhaldinu. Það gæti einhver góður maður tekið að sér í dag núna þegar skýrsluhaldið nær orðið til nánast alls fjár í landinu.

Töpuð litagen

Ekki nóg með að okkur hafi mögulega tekist að tapa A6 geninu. Annar litaerfðavísir hefur einnig tapast hjá íslensku sauðfé en það var erfðavísir fyrir ríkjandi svörtum lit. Stefán greinir frá þessu í doktorsritgerð sinni og hefur eftir Páli Zophoníassyni. Ég spurði Stefán nánar um þetta gen. Hann sagðist hafa séð gögn hjá Páli og þegar þessi tvö stórveldi á þessu sviði lögðu saman vissu þeir áreiðanlega sem sínu nefi nam. Þetta fé sagði Stefán að hafi með vissu fundist í Gufudalssveit á fyrri hluta síðustu aldar en væri nú áreiðanlega með öllu horfið. Gen fyrir ríkjandi svörtu mun vel þekkt og rannsakað hjá Dala kyninu í Noregi.

Eftir þessar dapurlegu fréttir um týnd litargen hjá íslensku sauðfé er rétt að enda þennan pistil á jákvæðari nótum. Í grein Emmu og samstarfsmanna er sagt frá Úlfi 19-507 í Hlíð í Lóni sem þau Bjarni og Kristín áttu. Hrúturinn sýndist næst því að vera grámórauður að lit. Hér er samt áreiðanlega um nýtt gen að ræða vegna þess að þegar haldið er undir hann dökkum ám fóru að fæðast hvít afkvæmi. Samkvæmt minni þekkingu er þetta fyrsta dæmi um slíkt hjá sauðfé í okkar heimshluta, að það fæðist hvít afkvæmi þegar ærlað er saman tveim dökkum kindum. Hér er áreiðanlega komið verðugt verkefni fyrir unga vísindamenn að rannsaka nánar og hljóta af heimsfrægð. Við Bjarni ræðum saman vikulega nær eingöngu um sauðfé. Eftir að ég las um hrútinn í grein Emmu hef ég aflað mér frekari upplýsinga um málið en fram koma í áðurnefndri grein. Hrúturinn sjálfur er dauður. Bjarni segir hins vegar að genið hafi fyrst komið fram hjá móður Úlfs. Segist hann sérstaklega hafa sýnt mér þessa á, þegar ég var þar einhverju sinni í fjárstússi með honum, og spurt mig hvaða litur væri á ánni. Segir mig ekki hafa sýnt þessu neinn áhuga en því miður löngu gleymt. Undan Úlfi munu nú til tveir synir hans sem sýnt hafa sams konar litaerfðir hjá sínum afkvæmum og faðir hans gerði. Rannsóknaefniviðurinn bíður eftir færum vísindamanni og fær hann áreiðanlega í kaupbæti mikla fræðslu um íslenska sauðfjárrækt hjá Bjarna.

Jón Viðar Jónmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamaður.

Kúabú til sölu.

Kúabúið í Akbraut í Rangárþingi ytra er til sölu.
Jörðin er leigujörð í eigu Hagakirkju.
Einbýlishús 210^{fm} og lausagöngufjós með
47 legubásum og mjaltabás, byggð árið 2010.
Framleiðsluréttur í mjólk 133.206L.
Góð tún og sterkur stofn mjólkurkúa.
Öll nauðsynleg tæki og tól til búskapar fylgja.

Verð: 170.000.000,-

Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson löggiltur fasteignasali
í síma 896 9565 eða loftur@husfasteign.is

HÚS Fasteignasala



Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 2023.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874 ·

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 14.mars 2023.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra í netfanginu haflidi@icelandiclamb.is



LESENDARÝNI

Áhættumat erfðablöndunar útskýrt

Valdimar Ingi Gunnarsson fer mikinn í Bændablaðinu þann 17. febrúar 2023 í gagnrýni sinni á Áhættumat erfðablöndunar og úthlutun stjórnvalda á heimildum til sjókvíaeldis á laxi.



Ragnar Jóhannesson.

Valdimar sakar meðal annars Hafrannsóknastofnun um að ganga erinda erlendra fyrirtækja í þeim tilgangi að tryggja íslenskum fulltrúum þeirra mikinn fjárhagslegan ávinning. Lokun fyrir laxeldi í innri hluta Ísafjarðardjúps túlkar Valdimar sem beina aðför að hagsmunum fyrirtækja í íslenskri meirihlutaeigu. Valdimar fullyrðir jafnframt að áhættumatið hafi lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera og að litlum veiðiám sé fórnað til þess eins að geta veitt erlendum aðilum eldisheimildir. Hann klykkir út með því að vitna í umsögn þess eðlis að með lögfestingu áhættumatsins hafi verið gefin lagaheimild til þess að erfðablanda íslenskan lax. Valdimar ýjar jafnframt að því að annarleg sjónarmið og spilling hafi ráðið för við úthlutun eldisheimilda.

Þegar svo alvarlegar ásakanir eru lagðar fram á opinberum vettvangi gagnvart Hafrannsóknastofnun og starfsmönnum hennar, verður ekki hjá því komist að bregðast við með einhverjum hætti.

Hlutverk Hafrannsóknastofnunar er að styðja við verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi en stuðla gæta jafnframt að náttúruvernd og sjálfbærni nytjastofna. Áhættumat erfðablöndunar var þróað til þess eins að spá fyrir um áhættuna á erfðablöndun norskættaðs eldislax við villta íslenska laxastofna í ám landsins. Matið tekur ekki tillit til annarra mögulegra umhverfisáhrifa sjókvíaeldis, svo sem laxalúsar eða mengunar. Matið gerir engan greinarmun á laxeldi eftir því hvort um innlend eða erlend fyrirtæki sé að ræða. Við þróun spálíkans var leitað fyrirmynda hjá nágrannaþjóðum og matið var unnið í samstarfi við fremstu vísindamenn heims á þessu sviði. Við gerð áhættumatsins voru varfærnissjónarmið höfð að leiðarljósi þar sem náttúran var látin njóta vafans. Ráðist var í umfangsmikla vöktun og mótvægisaðgerðir gegn erfðablöndun. Ákveðið var að framkvæma endurmat á þriggja ára fresti og byggja þá á rauntölum úr vöktun. Íslenska áhættumatið hefur verið notað sem fyrirmynd að áhættumati fyrir laxeldi í Kanada. Ávirðingum Valdimars um náttúruníð, fúsk og spillingu er því algjörlega vísað til föðurhúsanna.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir virkni og uppbyggingu reiknilíkans sem Hafrannsóknastofnun þróaði fyrir áhættumat erfðablöndunar.

Áhættumatslíkanið

Rétt er að minnast orða breska tölfræðingsins George Box: *„ All models are wrong, but some are useful“*. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um áhættumat erfðablöndunar, alla vega fyrri hluti setningarinnar. Í þessari grein ætlum við að skýra út hvers vegna við teljum að seinni hluti hennar eigi einnig við.



Blóðsýnataka úr laxi í tilraunastöð Hafrannsóknastofnunar í Grindavík.

Áhættumatið reiknar út áætlaðan fjölda göngufiska úr sjókvíaeldi upp í veiðiár samkvæmt gefnum forsendum. Matið reiknar út ágengni (e. *intrusion*) í einstökum ám út frá þekktum upplýsingum um stofnstærð í hverri á. Rauntölur frá Noregi hafa sýnt að eldisfiskur hefur margfalt minni æxlunarhæfni heldur en villtur fiskur og því má reikna með því að erfðablöndunin verði einnig margfalt minni en ágengnin. Að mati færustu vísindamanna á þessu sviði þarf ágengni að vera að minnsta kosti 4% á hverju ári áratugum saman til þess að erfðablöndun nái að skerða hæfni stofns árinnar. Í áhættumati frá 2020 var áætluð ágengni um og innan við 1% í 89 af þeim 92 veiðiám sem eru í matinu og þar af var engin ágengni áætluð í 43 ám.

Tafla 1 sýnir rauntölur um ágengni á síðastliðnum sex árum í þær 92 veiðiár sem nægar upplýsingar var um til að taka með í áhættumat erfðablöndunar. Samtals hafa 10 fiskar veiðst í þessum ám, þar af tveir úr stroki erlendis. Þar að auki hafa laxar gengið í smáar ár nálægt strokstað og þá mest í frárennsli Mjólkárvirkjunar (29 fiskar) og 9 fiskar í aðrar ár í nágrenni strokstaðar eins og Fífustaðadalsá og fleiri smáar ár. Frárennsli Mjólkárvirkjunar fóstrar ekki nytjastofn og hinar árnar ekki heldur en líklega eru laxar í þeim hluti af stærri stofnheild, það er hlutstofn (e. *metapopulation*) sem þarf að skoða sérstaklega. Tekinn hefur verið fjöldi erfðasýna úr ungviði í þessum ám (um 15 þúsund sýni) og hafa 7000 þeirra verið erfðagreind með fjöl-SNP greiningu (SNP-60k) til að skoða það frekar. Rétt er einnig að benda á að allir fiskar sem skila sér upp í ferskvatn eru notaðir í líkanið og hefur það áhrif á líkanið við endurskoðun þar sem þeir eru taldir með þrátt fyrir að þeir gangi ekki upp í skráðar laxveiðiár.

Helstu reiknibættir matsins:

Matið byggir á tiltölulega einföldum þáttum. Fyrst ber að nefna umfang eldisins, P, sem er umfang þess (framleiðsla) á hverjum firði fyrir sig. Því næst er meðalhlutfall strokufiska á hvert framleitt tonn, sem við auðkennum sem S, og hefur einninguna fiskar/tonn framleitt. Raunverulegar stroktölur eru að sjálfsögðu breytilegar á milli ára en meðaltal síðustu 10 ára í Noregi gefur töluna 0,8 fiskar á hvert tonn framleitt. Meðaltal síðustu 6 ára hérlendis gefur töluna 0,5 fiskar á hvert tonn framleitt.

Einungis hluti þeirra fiska sem strjúka mun ganga upp í ár og það hlutfall, auðkennt sem L, er nefnt endurkomuhlutfall. Áætlaður heildarfjöldi eldislaxa sem gengur í veiðiár, E, er því: $E = P \times S \times L$ (þ.e. magn eldis í tonnum × strokhlutfall × endurkomuhlutfall).

Nú er áætlað endurkomuhlutfall (L) mismunandi fyrir sjógönguseiði (snemmstrok) og fisk sem er orðinn nær fullvaxta (síðstrok), auk þess sem hegðun þeirra er önnur. Strok 11 þúsund laxa úr tveimur kvíum Arnarlax í febrúar 2018 (síðbúið strok, stórir fiskar) var í raun ágætt álagspróf á fyrstu útgáfu áhættumatsins. Raunin varð sú að mun færri fiskar skiluðu sér í veiðiár en búist var við og endurkomuhlutfallið var því lækkað úr 3,3% í 1,1% við endurmat árið 2020.

Eins og nú er vel kunnugt varð strok úr sjókví við Haganes í Arnarfirði 2021 og gat Arnarlax ekki gert grein fyrir afdrifum 81.564 laxa. Útreikningar okkar gáfu svipaða niðurstöðu varðandi strokfjölda. Hér var um sjógönguseiði að ræða (snemmstrok). Þau synda á haf út í fæðuleit og snúa svo til baka á upprunastað eftir a.m.k eins vetrar dvöl í sjó. Því var þetta strok álagspróf á stuðla sem notaðir voru fyrir snemmstrok enda fyrsta strokið af því tagi hérlendis sem vitað var um.

Við endurmat á stuðlum fyrir snemmstrok var notast við greiningu á umfangsmiklum sleppitilraunum sem norska Hafrannsóknastofnunin stóð fyrir á árunum 2005-2008. Sú greining leiddi í ljós að endurkoma fellur með strokstærð eins og sýnt er á Mynd 1.

Samkvæmt gögnum frá Arnarlaxi var meðalþyngd þeirra um 900 grömm við strok. Í fyrra veiddust 25 fiskar úr þessu stroki í ám í Arnarfirði, meginþorrinn í frárennsli Mjólkárvirkjunar. Það stemmir nokkuð vel við þá 40 fiska sem vænta mátti eftir 1 vetur í sjó. Einnig var dreifing þeirra lítil á frekar takmörkuðu svæði eins og matið gerði ráð fyrir. Vert er að geta þess að í matinu var endurkomuhlutfallið til öryggis reiknað hærra en mynd 1 sýnir.

Samandregið má því segja að matið hafi skilað raunhæfri niðurstöðu og sé því gagnlegt.

Veiðiár í áhættumati

Í grein sinni í Bændablaðið þann 17. febrúar 2023 segir Valdimar Gunnarsson eftirfarandi:

”Í áhættumati erfðablöndunar er aðeins gert ráð fyrir að strokulax gangi upp í fjórar veiðiár á Vestfjörðum”

Hið rétta er að 12 veiðiár á Vestfjörðum voru teknar með í áhættumati 2017 og 2020.

Þær eru: Fjarðarhornsá, Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi, Ísafjarðará, Langadalsá, Hvannadalsá, Selá í Steingrímsfirði, Staðará í Steingrímsfirði, Víðidalsá í Steingrímsfirði, Hrófá, Krossá í Bitru, Víkurá og Prestbakkaá.

Í áhættumatið hafa verið teknar með velflestar ár sem eru með skráða veiði óháð því hve mikil veiðin hefur verið og því að veiðibækur hafi vantað einhver ár. Í lögum um fiskeldi 71/2008 eru ákvæði um áhættumat erfðablöndunar. Þar segir um áhættumatið í 16. grein. *„Markmið þessa er að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum“*. Nytjastofn er stofn sem getur gefið af sér veiði með sjálfbærum veiðum. Vatnsfall þar sem mjög fáir fiskar finnast getur því ekki talist fóstra nytjastofn. Því eru ekki teknir í áhættumatið ár þar sem finnast af og til örfáir laxar. Þær fóstra ekki eiginlega laxastofna og geta ekki flokkast sem nytjastofnar.

Einnig fullyrðir hann að „Áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir að fórna minni laxveiðiám og vernda þær stærri.“

Auk þess fullyrðir hann:


„Með því að gera ekki ráð fyrir litlu veiðiánum í áhættumati erfðablöndunar var hægt að úthluta Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í stefnumótunarhópunum, nægilegum framleiðsluheimildum á sunnanverðum Vestfjörðum.“

Þetta á ekki við rök að styðjast því litlar ár sem á annað borð fóstra sjálfbæran nytjastofn eru einnig teknar með. Vegna óvissu um áhrif á Laugardalsá og Hvannadalsá/Langadalsá var sú ákvörðun tekin við útgáfu áhættumats 2017 að leggja til að ekki verði leyft eldi í Ísafjarðardjúpi vegna mögulegra neikvæðra áhrifa á laxastofna í Djúpinu. Þegar reynsla úr vöktun lá fyrir var lagt til 12 þúsund tonna eldi í Ísafjarðardjúpi.

Ragnar Jóhannesson,
rannsóknastjóri fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun.

Veiðiá	Strokulaxar	Veiddir laxar	Hlutfall
Rangárnar	1	9300	0,01%
Hvolsá og Staðarhólsá	1	106	0,94%
Fjarðarhornsá	1	170	0,59%
Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi	1	214	0,47%
Staðará í Steingrímsfirði.	1 ; 1	84	1,19%
Víðidalsá í Steingrímsfirði	1	136	0,74%
Vatnsdalsá	1	747	0,13%
Breiðdalsá	1	231	0,43%
Samtals:	10	10988	0,09%
Þar af úr eldi í öðrum löndum:	2		
Úr eldi á Íslandi:	8		

Tafla 1. Veiddir strokulaxar í íslenskum veiðiám. Í Staðará veiddist 1 fiskur 2018 og annar 2021.



Mynd 1. Hlutfall fiska sem veiðast í ám sem fall af stærð við strok. Á Y ás er samtala fyrir fjölda sem veiðist eftir 1 til 3 vetur í sjó. Ef gert er ráð fyrir að 83 þúsund fiskar strjúki og meðalstærð þeirra sé 900 grömm, veiðast samkvæmt því samanlagt 77 fiskar eftir 1 til 3 vetur í sjó, þar af um 40 eftir 1 vetur.



Sverrir Möller og Gutti LM SFÍ 2018. Myndir / Elísabet Gunnarsdóttir

Smalahundafélag Íslands:

Skráning, ræktun, fræðsla, þjálfun og keppni

Smalahundafélag Íslands (SFÍ) er félag áhugamanna um ræktun, þjálfun og notkun Border collie fjárhunda en félagið var stofnað árið 1992 að fyrirmynd International Sheepdog Society (ISDS) í Bretlandi og er aðildarfélag í því.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Gunnar Einarsson frá Daðastöðum, frumkvöðull og driffjöður félagsins um árabil, Lísbeth Sæmundsson og Björn Ólafsson. Meginmarkið félagsins er að stuðla að skráningu og ræktun smalahunda, beita sér fyrir fræðslu, keppnum og efla samstöðu meðal ræktenda og eigenda. Innan SFÍ/ISDS hefur ræktunarstefnan miðast að því að rækta fyrst og fremst hunda með tilliti til eiginleika óháð útliti og hafa þannig haldið utan um vinnulínur Border collie.

Samofin sögu Border collie

ISDS var stofnað í Bretlandi 1906 og er saga þess samofin sögu Border collie tegundarinnar. Aðild SFÍ að ISDS þýðir að SFÍ skuldbindur sig til starfa eftir sömu meginviðmiðum og ISDS. Félagar í SFÍ geta sótt um aðild að ISDS í gegnum félagið og fá þannig rétt til að rækta hunda undir merkjum ISDS og skrá hunda í ættbók ISDS. Aðildin veitir SFÍ einnig rétt til að senda keppendur á heimsmeistaramót ISDS.

Ættbók SFÍ, SNATI, er umfangsmikill gagnagrunnur sem félagið rekur í samstarfi við Bændasamtök Íslands. Félagar smalahundafélagsins hafa aðgang að grunninum og sjá tíkareigendur um að skrá sín got í Snata en þar koma meðal annars fram ættir, afkvæmi, árangur í keppnum auk þess sem eigendur hunda geta skráð eigendaskipti. Mikill ræktunaráhugi hefur verið þessi misserin og brýnum við fyrir félagsmönnum að skrá gotin í Snata til að halda áfram metnaðarfullri ræktun smalahunda hérlendis. Eins hvetjum við ræktendur til að sækja um aðild að ISDS, skrá got undan ISDS hundum þar og DNA prófa fyrir helstu sjúkdómum. Félagar í ISDS geta fengið afslátt af slíkum prófum. ISDS mælir með að ræktendur prufi fyrir a.m.k. CEA, IGS, SN og TNS (sbr. „ISDS bundle“ hjá Laboklin). Krafa er gerð um að allir ræktunarhundar séu prófaðir fyrir CEA (Collie Eye Anomaly). DNA próf sýnir fram á hvort viðkomandi hundur geti borið gen sem veldur ákveðnum sjúkdómi til afkvæma sinna. Ekki er heimilt að para saman tvo hunda ef þeir bera báðir slíkt gen. Nánari upplýsingar um þetta má m.a. nálgast inni á heimasíðunni: isds.org.uk.



Gunnar Einarsson, stofnandi SFÍ og driffjöður félagsins í mörg ár, fær heiðursverðlaun félagsins.



Derek, einn af fjölmörgum frábærum kennurum sem hafa komið til Íslands á vegum SFÍ.



Íslensku keppendurnir á ISDS HM 2017 - hin hliðin.



Íslensku keppendurnir á ISDS HM 2017.

Námskeiðahald hefur verið flest ár á vegum SFÍ, meðal annars í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, og verið lagður metnaður í að fá til landsins erlenda þjálfara sem hafa getið sér gott orð í þjálfun og keppnum. Að því sögðu eru einnig margir innlendir aðilar sem hafa komið að fræðslu og kennslu og er óumdeilt að þeirra hlutverk er og verður áfram mikilvægt. Félagsmenn innan SFÍ hafa forgang á skráningu námskeiða sem haldin eru á vegum félagsins en undantekningarlaust hefur áhuginn verið mikill og færri komist að en vilja. Smalahundafélagið stóð einnig fyrir vel lukkaðri félagsferð til Bretlands árið 2017 sem gaman væri að endurtaka.


Landskeppnir smalahunda

SFÍ hefur staðið fyrir Landskeppnum smalahunda frá 1994 auk þess sem landshlutadeildir innan félagsins hafa staðið fyrir minni keppnum. Markmið þessara keppna er ekki síst að hvetja menn til að temja hundana sína og hafa gaman af því að koma saman. Keppnir líkja eftir þeim verkefnum sem hundur og smali þurfa að leysa við búskapinn og gefa félögum kost á að sýna hæfni og eiginleika sinna hunda við tiltölulega jafnar aðstæður. Innan félagsins eru margir metnaðarfullir þjálfarar og hefur SFÍ rétt á að senda tvo hunda á heimsmeistaramót ISDS. Ísland tók fyrst þátt á heimsmeistaramóti 2017 en að þessu sinni verður mótið haldið á Írlandi dagana 13.-16. september.

Inni á heimasíðu félagsins má nálgast ýmsan fróðleik, fréttir og tilkynningar en einnig á Facebook-síðu félagsins, Smalahundafélag Íslands. Allir sem hafa áhuga geta haft samband við formann til að skrá sig í Smalahundafélag Íslands en einnig er hægt að skrá sig í gegnum SNATA.

Enginn vafi er á notagildi góðra fjárhunda og ekki síst í þeim veruleika sem blasir við bændastéttinni með fækkun sauðfjárbúa og dreifðari byggð. Við í stjórn SFÍ viljum hvetja félagsmenn okkar til að halda áfram því góða starfi sem félagið byggir á og einnig bjóðum við nýja aðila velkomna.

***Aðalsteinn Aðalsteinsson**, formaður SFÍ*
***Hrafnhildur Tíbrá Halldórsdóttir,** ritari SFÍ*
***Jens Þór Sigurðarson**, gjaldkeri SFÍ*
***Elísabet Gunnarsdóttir,** umsjónarmaður skráninga í Snata*



Jörðin Akurbrekka í Húnaþingi vestra, 500 Staður. Á Jörðinni er starfrækt sauðfjárbú og er hún vel staðsett við þjóðveg nr. 1 í Hrútafirði. Afar fallegt bæjarstæði, 550 hektarar lands frá fjöru upp á Hrútafjarðarháls. Jörðin selst með bústofni, ærgildi og tækjum til sauðfjárræktar.

Verð: 95 m. kr.

Nánari upplýsingar veitir Böðvar Sigurbjörnsson, M.L. og lgf., í síma 660-4777 eða bodvar@fastborg.is



JANSEN landbúnaðar- og hobbý tæki í úrvali.
Sláttuvélar, stauraborar,
liðléttingar, smágröfur ofl.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfirði.
Sími : 6974900 Tölvupóstur : sala@svansson.is



LAMBHELDU HLIÐGRINDURNAR

Áfram hagstætt verð þrátt fyrir hækkanir á heimsmarkaði

Lægsta verð **24.900 auk vsk** ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri
Lamasett og loka aðeins **kr. 3.900 settið, auk vsk.**

Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x 15 cm.
Verðskrá hliðgrindur: **1 stk. kr. 29.900 auk vsk.**

2-4 stk. **kr. 27.900 auk vsk.**
5 stk. eða fleiri **24.900 auk vsk.**

Upplýsingar og pantanir í síma **669 1336** og **899 1776.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn
án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

VÉLABÁSINN

Dráttarvél mýkri en Range Rover

– JCB Fastrac fer hratt yfir



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Undanfarna þrjá áratugi hefur hinn breski vinnuvélaframleiðandi JCB framleitt dráttarvélar með óhefðbundinni nálgun.

Bændablaðið tók til prufu nýjustu útgáfu JCB Fastrac 4220 iCON, sem er með fullkomnara hemla- og fjöðrunarkerfi en aðrir framleiðendur bjóða. Þetta er stór dráttarvél með miklum búnaði sem keppir við John Deere 6R og Fendt 724 – jafnvel Unimog.

Útlit JCB Fastrac er ólíkt öðrum dráttarvélum og er skemmtilegt að sjá framleiðanda taka nálgun ólíka meginstraumnum. Hér er ökumannshúsið staðsett fyrir miðju vélarinnar og eru allir hjólbarðarnir af sömu stærð. Frá upphafi hefur ætlun JCB verið að framleiða dráttarvél sem kemst hratt og vísar nafnið til þess (e. fast tractor). Fulltrúar JCB segja að í upphafi hafi Fastrac fengið orðstír fyrir að vera betri á malbiki en í mold, en með nýjustu útgáfunum hafi framleiðandinn lagt kapp á að gera dráttarvél sem er jafnvíg á báðum sviðum.

Fastrac dráttarvélin er sér á báti að því leyti að vera með diskabremsur á öllum hjólum og ABS hemlakerfi af sama styrkleika og í vörubílum. Þetta hemlakerfi er nauðsynlegt, því hámarks ökuhraðinn á vélinni í þessum prufuakstri var 60 km/klst., en stærri útgáfa Fastrac kemst upp í 70 km/klst. Dráttarvélin er byggð á grind og er enginn burður í gegnum vélarblokk, eins og tíðkast oft. Mótorinn skilar 218 hestöflum og er frá Sisu – sama framleiðanda og framleiðir margar vélar í Valtra. Skiptingin er stiglaus og er úr smiðju AGCO samsteypunnar, sem framleiðir m.a. Valtra, Fendt og Massey Ferguson dráttarvélar.



JCB Fastrac 4210 iCON er dráttarvél með mikla sérstöðu bæði hvað varðar útbúnað og útlit. Þökk sé vökvafjöðrun á öllum hjólum líður vélin yfir ójöfnur og helst mjög stöðug á mikilli ferð. Myndir / ÁL



Diskabremsur eru á öllum hjólum og ABS hemlakerfi gefa möguleika á 60 kílómetra hámarkshraða. Því ræður Fastrac vel við vagnadrátt á þjóðvegum.



Ökumannshúsið er rúmgott og fullyrða starfsmenn JCB að farþegasætið sé það stærsta á markaðnum.



Útsýnið fram úr vélinni er afar sambærilegt því sem er í öðrum dráttarvélum.



Stjórnborð á pari við þau bestu sem bjóðast. Allar stillingar fara í gegnum stóran snertiskjá.

Stjórnborð afar fullkomið

Ytra útlit Fastrac hefur ekki tekið breytingum í nokkur ár, en þegar stigið er upp í vélina blasa við miklar uppfærslur á stjórnborðinu, sem er á pari við það besta á markaðnum. Allar stillingar eru í gegnum notendavænan LCD snertiskjá og stýrikerfi sem JCB eyddi 32.000 vinnustundum í að þróa. Í gegnum skjáinn er hægt að breyta virkni flestra hnappanna, gera aðgerðaraðir, stilla akstursrhraða o.fl. o.fl. Þrír stjórnpinnar eru á stjórnborðinu. Einn fyrir ámoksturstækin, annar til að stjórna aukabúnaði og þriðji til að stjórna akstursrhraða. Pinninn fyrir ámoksturstækin er fastur, en þumallinn stýrir hreyfingu tækjanna með hnúði efst á pinnanum – svona eins og á PlayStation fjarstýringu. Rúmgott ökumannshúsið gefur pláss fyrir farþegasæti í fullri stærð.

Vökvaskiptingin er einföld í notkun. Ökumaðurinn velur aksturssstefnu með vendigír og vélin hreyfist ekki fyrr en stigið er á fótstigið eða stjórnpinna ýtt fram. Hægt er að hafa snúningshraða vélarinnar óháðan akstursrhraða – og öfugt.

Fjöðrun í sérflokki

Þegar ekið er af stað finnst að Fastrac er alveg einstök dráttarvél. Margir betri traktorar eru með fjaðrandi framöxul, en Fastrac er líklega sú eina sem er með fjöðrun á báðum öxlum. Þetta er engin venjuleg fjöðrun, heldur vökvafjöðrun (e. hydropneumatic suspension) sem vinnur á sama hátt og fjöðrunarkerfið í Citroën forðum daga – en auðvitað talsvert sterkbyggðara en í fólksbílunum frönsku.

Þar sem aðrar dráttarvélar eru með fastan afturöxul, hreyfist ökumannshúsið mikið eftir ójöfnum í undirlaginu. Því er mjög sérstök upplifun að þjóta yfir skökk ristahlið og djúpar holur án þess að kastast til. Við þetta bætist ökumannssæti á dúnamjúkri loftpúðafjöðrun sem fullkomnar dempunina. Því er JCB Fastrac líklega margfalt þægilegra ökutæki en Range Rover ef aka á hratt yfir mjög ójafnt undirlag. JCB ætti að senda traktorinn í Dakar rallið!

Vökvafjöðrunin aðlagast aðstæðum og þyngdarmismun á milli hjóla sem gerir þyngdarklossa að framan óþarfa í flestum tilfellum. Fjöðrunin heldur vélinni mjög stöðugri og þrátt fyrir að farið sé geysihratt í beygju með ámoksturstækin í efstu stöðu fær ökumaðurinn ekki það á tilfinninguna að vélin ætli að fara um koll. Ólíkt öðrum traktorum fjaðrar húsið ekki neitt, enda óþarft.

Staðsetning ökumannshússins gefur möguleika á að setja aukahluti eða þyngdarklossa á stallinn aftan við húsið, án þess að teppa þrítengið aftast. Þökk sé vökvafjöðruninni er hægt að lækka vélina til að koma búnaði fyrir á stallinum. Gott útsýni er í allar áttir, sérstaklega niður með hliðunum. Beint útsýni að dráttarkróknum teppist vegna stöðu hússins, en JCB hefur komið fyrir myndavél sem bætir úr því.

Fjórhjólastýri

Beygjur eru á öllum hjólum sem hægt er að beita á nokkra vegu. Með aðstoð GPS er hægt að láta báða öxlana vinna saman að því að lágmarka skörun og helgidaga við áburðardreifingu. Einnig er hægt að halda réttri aksturssstefnu þegar ekið er í miklum hliðarhalla.

Við þröngar aðstæður eykur fjórhjólastýri lipurleika til muna, en þegar ekið er yfir 20 km/klst. réttast afturhjólin sjálfkrafa, en virkjast aftur þegar ferðin er hægð á ný.

Þetta er fjölhæf vél sem er jafnvíg á vinnu úti á túni sem og á vagnadrátt á miklum hraða úti á þjóðvegum. Þyngd vélarinnar er 8,5 tonn og samkvæmt fulltrúa JCB takmarkast dráttargetan einungis af reglugerðum um heildarþunga ökutækja.

Niðurstaða

JCB Fastrac er dráttarvél engu lík. Öflugt fjöðrunarkerfi og hár hámarkshraði ættu að vera eiginleikar sem verktakar og bændur sem vinna á stóru svæði ættu að sækjast eftir. Einnig hafa þær reynst vel í snjómokstur á Norðurlöndunum.

Hjá Vélfangi kostar Fastrac 4220 iCON frá 26.300.000 krónum án vsk. en sú sem tekin var fyrir í þessum prufuakstri kostar 33.500.000 krónur án vsk. miðað við gengi EUR 150.

MENNING

Söfnin í landinu:

Meira en bara Húsið

